

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>5</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar .....	5
2.2	Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar.....	5
2.3	Lýstar kröfur og kynning .....	6
2.4	Mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal .....	7
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>9</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins .....	9
3.2	Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár.....	9
3.3	Kröfur Rósu Árnadóttur o.fl. vegna Almennings .....	10
3.4	Kröfur eigenda Munkapverár, Stóra-Hamars I og II, Rifkelsstaða I og II og Ánastaða.....	10
3.5	Kröfur Jósefs Guðbjarts Kristjánssonar vegna Möðruvallaafréttar .....	10
3.5.1	Kröfur eigenda Helgastaða, Kálfagerði og Hríshóls vegna afnotaréttar á Möðruvallaafrétti .....	11
3.6	Kröfur Braga Steingrímssonar og Smára Steingrímssonar vegna Æsustaðatungna .....	11
3.7	Kröfur Ingibjargar Bjarnadóttur vegna Núpufellsdals.....	11
3.8	Kröfur Valgarðs Snæbjörnssonar vegna Þormódsstaðadals .....	12
3.9	Kröfur Aðalsteins Bjarnasonar vegna Tjarna .....	12
3.10	Kröfur Karls Friðriks Karlssonar og Sigríðar Jóhannsdóttur vegna Hóla ...	13
3.10.1	Kröfur Elísabetar Sigurðardóttur og Gests Páls Júlíussonar vegna Jórunnarstaðatungna .....	13
3.10.2	Kröfur eigenda Nýjabæjar í Eyjafjarðarsveit vegna upprekstrarlands á Hólaafrétt .....	14
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>16</b>
4.1	Inngangur .....	16
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	16
4.3	Vettvangsferð .....	17
4.4	Skýrslutökur .....	17
<b>5</b>	<b>SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>18</b>
5.1	Landnám og saga .....	18
5.2	Sveitarmörk .....	19
5.3	Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár .....	20
5.3.1	Hrafnagil .....	25
5.4	Almenningur .....	29
5.4.1	Helgársel vegna Almennings .....	31
5.5	Möðruvellir .....	33
5.5.1	Helgastaðir .....	40
5.5.2	Kálfagerði .....	40
5.5.3	Hríshóll (áður Fjósakot).....	41
5.6	Æsustaðir og Æsustaðatungur.....	42
5.7	Núpufell/Gnúpufell og Núpufellsdalur .....	44
5.8	Þormódsstaðir og Þormódsstaðasel.....	49
5.8.1	Þormódsstaðir .....	49
5.8.2	Þormódsstaðasel.....	51
5.9	Tjarnir .....	52

5.10	Hólar og Hólaafréttur .....	55
5.10.1	Jórunnarstaðir og Jórunnarstaðatungur (Torfur) .....	60
5.10.2	Nýibær vegna Hólaafréttar .....	62
5.11	Afréttir og afréttarnot .....	62
5.11.1	Almennt .....	62
5.11.2	Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár .....	68
5.11.3	Almenningur .....	68
5.11.4	Dalirnir .....	69
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>	<b>72</b>
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði .....	72
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	72
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	72
6.2	Landnám .....	73
6.3	Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár .....	74
6.3.1	Inngangur .....	74
6.3.2	Sjónarmið aðila .....	74
6.3.3	Niðurstaða .....	76
6.4	Almenningur í Öngulsstaðahreppi .....	84
6.4.1	Inngangur .....	84
6.4.2	Sjónarmið aðila .....	84
6.4.3	Niðurstaða .....	86
6.5	Afréttarlönd Munkaþverár, Stóra-Hamars I og II og Rifkelsstaða I og II og Ánastaða.....	91
6.6	Möðruvallafréttur .....	92
6.6.1	Inngangur .....	92
6.6.2	Sjónarmið aðila .....	93
6.6.3	Niðurstaða .....	94
6.7	Æsustaðatungur .....	103
6.7.1	Inngangur .....	103
6.7.2	Sjónarmið aðila .....	104
6.7.3	Niðurstaða .....	105
6.8	Núpufellsdalur.....	108
6.8.1	Inngangur .....	108
6.8.2	Sjónarmið aðila .....	109
6.8.3	Niðurstaða .....	110
6.9	Þormóðsstaðasel.....	114
6.9.1	Inngangur .....	114
6.9.2	Sjónarmið aðila .....	114
6.9.3	Niðurstaða .....	116
6.10	Tjarnir .....	120
6.10.1	Inngangur .....	120
6.10.2	Sjónarmið aðila .....	121
6.10.3	Niðurstaða .....	122
6.11	Hólaafréttur og Jórunnarstaðatungur .....	125
6.11.1	Inngangur .....	125
6.11.2	Sjónarmið aðila .....	125
6.11.3	Niðurstaða .....	127
6.12	Um málskostnað.....	136
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>138</b>

## **VIÐAUKI**

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

## **FYLGISKJÖL**

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 19. júní 2009 er tekið fyrir mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Rósa Árnadóttir og fleiri vegna Almennings.

Ágúst Ásgrímsson og fleiri vegna Ánastaða.

Karl F. Karlsson og Sigríður Jóhannsdóttir vegna Hóla.

Elísabet Sigurðardóttir og Gestur P. Júlíusson vegna Jórunnarstaðatungna.

Atli Hörður Bjarnason vegna Rifkelsstaða I.

Gunnar Jónasson vegna Rifkelsstaða II.

Aðalsteinn Bjarnason vegna Tjarna.

Daníel Guðmundsson og fleiri vegna Helgastaða, Kálfagerðis og Hríshóls.

(Friðbjörn Garðarsson hdl.)

Jósef G. Kristjánsson vegna Möðruvallaafréttar.

(Gunnar Sólnes hrl.)

Ingibjörg Bjarnadóttir vegna Núpufellsdals.

Anna A. Guðmundsdóttir vegna Munkaþverár.

Bogi Þórhallsson og fleiri vegna Stóra-Hamars I.

Guðrún S. Eiríksdóttir vegna Stóra-Hamars II.

Valgarður Snæbjörnsson vegna Þormóðsstaðasels.

Bragi Steingrímsson og Smári Steingrímsson vegna Æsustaðatungna.

Óskar Hlíðberg Kristjánsson og Rósa María Tryggvadóttir vegna Nýjabæjar.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Þingeyjarsveit vegna vestanverðs Bleiksmýrardals.

(Sigurður Jónsson hrl.)

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

---

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, var Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málsgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í kjölfarið var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar nú. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A). Nyrðri hluti hins upphaflega svæðis nefnist nú vestanvert Norðurland, nyrðri hluti (7B).

Landsvæðið vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), afmarkast svo: Norðurmörk fylgja norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, Norðurá og Norðurárdal, Öxnadalsheiði og Öxnadalsá þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Austurmörk miðast við Fnjóská frá ósum þar til hún sker sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar að austan. Þeim mörkum er fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl. Suðurmörk fylgja suðurmörkum Eyjafjarðarsveitar og suðurjaðri Hofsjökuls, þar sem jafnframt eru norðurmörk svæða 1 og 3 hjá óbyggðanefnd.

---

Vesturmörk miðast við Blöndu, frá norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 28. febrúar 2008 og síðar til 14. mars sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, bárust 14. mars 2008. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í apríl 2008 barst óbyggðanefnd leiðrétting fjármálaráðherra á þeirri afmörkun umfjöllunarsvæðis sem fram kom í kröfulýsingunni 14. mars en þjóðlendukröfusvæðið stóð óbreytt. Tilkynning um hina leiðréttu afmörkun var birt í Lögbirtingarblaðinu 30. apríl 2008. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 30. júní 2008. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Blönduósi, Húsavík og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík (aðeins mál nr. 1/2008), Sauðárkróki, Blönduósi og á Akureyri, frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2008, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 25. ágúst 2008. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í tveimur hlutum og þrjár kröfulýsingar vegna jarðeigna

---

ríkisins. Á móti bárust 107 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### **2.4 Mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal**

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal; mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár; mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár; mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár, og mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli.

Mál nr. 1/2008 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. ágúst 2008. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipaði í málinu þeir Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var farið yfir fyrirkomulag vettvangsferðar.

Við aðra fyrirtöku, 31. ágúst til 1. september 2008, var vettvangur málsins skoðaður, sjá nánar í kafla 4.3. Þá var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Í greinargerðinni komu fram breytingar á þjóðlendukröfu ríkisins sem leiddu til þess að ágreiningssvæðum og gagnaðilum fækkaði umtalsvert.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 16. september 2008, var farið yfir lista vegna þeirra jarða og landsvæða sem fallið höfðu utan þjóðlendukröfulínu eða innan hennar, samkvæmt afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á korti. Þá var gagnaðilum veittur frestur til 13. október 2008 til skila á greinargerðum. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 13. október 2008, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Þá voru einnig lögð fram frekari gögn.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 10. nóvember 2008, var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar og lögð fram frekari gögn.

---

Aðalmeðferð fór fram 25. nóvember 2008 og fólst í skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í kafla 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu yfirleitt ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998, fyrir utan þau svæði þar sem aðeins var ágreiningur um staðsetningu kennileita. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 5. júní 2009 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.



---

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>2</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er þar sem Skarðsá fellur í Fnjóská (1). Þaðan er haldið til vesturs með Skarðsá, til suðurs með Skarðsárdal allt að upptökum Skarðsár (2). Þaðan til vesturs í hreppamörk (3). Þaðan til norðurs í Gönguskarð (4). Því fylgt að Þverá (5). Þverá að þeim stað þar sem Melrakkadalsá rennur í hana (6). Melrakkadalsá fylgt að upptökum (7). Þaðan beint til suðurs í upptök Mjadmár (8). Þaðan í upptök Sandár (9) en þaðan er Sandá fylgt í punkt þar sem hún fellur í Þormódsstaða (Núpá) (10). Þaðan er fylgt lýsingu Þormódsstaða til vesturs og suðurs í háfjall (miðfjall) (11). Þaðan er miðfjallinu fylgt til suðurs um Selfjall í Illaskarðshnjúk (12). Þaðan í Klaufá (13). Henni fylgt þar til hún rennur í Eyjafjarðará (14). Eyjafjarðará fylgt að Hafrárgljúfrum (15), sem er lokapunktur.“

Innan afmörkunar á þessu kröfusvæði er af hálfu ríkisins viðurkennt að sé afréttareign jarðanna Munkaþverár, Stóra-Hamars, Rifkelsstaða I og II og Ánastaða. Sjá nánari afmörkun á því svæði í kafla 6.5.

#### 3.2 Kröfur Þingeyjarsveitar vegna Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Bleiksmýrardals vestan Fnjóskár og að heildarlandamerki séu þau sem greinir frá í landamerkjabréfi frá 1. apríl 1885: „Afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, er allur sá hluti dalsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá (1) og suður á Örefi (2). Til vara er þess krafist að suðurlína Bleiksmýrardalslands verði dregin vestan Fnjóskár þannig að hún komi í ána á sama stað og þverlínan kemur í ána austan megin samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar frá 6. júní 2008, í málinu nr. 3/2007, vegna Bleiksmýrardals eystri 153212, þ.e. við sunnanverða Einstökutorfu.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja Bleiksmýrardals vestari sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

---

<sup>2</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna eftirtalinnna jarða: Bjarkar, Fellshlíðar, Finnastaða, Guðrúnarstaða, Halldórsstaða, Helgastaða, Hóls, Hríshóls, Jökuls, Kálfagerðis, Kommu, Kerhóls, Reykja, Sigtúns, Stekkjarflata, Uppsala ásamt hjáleigunni Klauf, Vatnsenda, Víðiness, Vökulands, Ytra- og Syðra-Laugalands og Öxnafélis. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, enda hafa málsaðilar gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jörðina Björk og kemur hún því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað. Þá var kröfum lýst vegna jarðanna Öngulsstaða og Bjargs sem liggja ekki á ágreiningssvæði í máli þessu. Framangreindar jarðir koma því ekki til frekari umfjöllunar í þessum úrskurði nema að því er varðar málskostnað.

---

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.3 Kröfur Rósu Árnadóttur o.fl. vegna Almennings**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Almennings í Öngulsstaðahreppi og að heildarlandamerki séu eftirfarandi: „Frá Þröskuldi í Gönguskarði sunnanverðu (punktur 1) og þaðan með Skarðslæk að ármótum við Þverá. (punktur 2). Þaðan með Þverá að ármótum við Melrakkadalsá (punktur 3) og með Melrakkadalsá að upptökum hennar (punktur 4). Milli punkta 1 og 4 ráða vatnaskil.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja Almennings sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.4 Kröfur eigenda Munkaþverár, Stóra-Hamars I og II, Rifkelsstaða I og II og Ánastaða**

Af hálfu eigenda jarðanna Munkaþverár, Stóra-Hamars I og II, Rifkelsstaða I og II og Ánastaða var í upphafi gerð krafa um eignarlönd á tilteknu svæði innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Við aðalmeðferð málsins gerðu aðilar sátt um að innan ágreiningssvæðisins væru afréttarlönd jarðanna. Í kafla 6.5 hér á eftir er gerð nánari grein fyrir afmörkun á þeim svæðum.

Þá gera eigendur fyrrnefndra jarða kröfu um málskostnað úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.5 Kröfur Jósefs Guðbjarts Kristjánssonar vegna Möðruvallaafréttar**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Möðruvallaafréttar eins og því er lýst í landamerkjabréfi frá 28. apríl 1886 og það er afmarkað á framlögðum uppdráttum: „Afréttarland á jörðin (þ.e. Möðruvellir) frá Sandá allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðumegin og þaðan suður á fjall að svonefndu Laugafelli.“ Meðfylgjandi er punktaskrá, að hluta með sömu örnefnum og að framan greinir.

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja jarðarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

---

### **3.5.1 Kröfur eigenda Helgastaða, Kálfagerði og Hríshóls vegna afnotaréttar á Möðruvallaafrétti**

„Gerð er krafa um að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt eigenda af hinni svonefndu Möðruvallaafrétt fari svo að hún verði úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.“

### **3.6 Kröfur Braga Steingrímssonar og Smára Steingrímssonar vegna Æsustaðatungna**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að landi Æsustaða innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi frá 21. janúar 1890: „Sömuleiðis fylgir Æsustöðum afrjettarland það fram af Sölvadal sem Aðaltungur nefnast, eða Æsustaðatungur öðru nafni og eru merkjatakmörk þessi: Að norðan Kollhóll (punktur 5), sem er lítið eitt fyrir framan Þormóðsstaðaá, þar sem hún fellur í Sölvadalsá (punktur 3), að sunnan eru klettur þeir, sem Hrafnabjörg (punktur 2) nefnast, merkjatakmörk og eru þeir nokkru framar en í miðjum dalnum.“ Í meðfylgjandi punktaskrá er punktur 1 miðaður við Tungnafjall og punktur 4 við Núpá.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.7 Kröfur Ingibjargar Bjarnadóttur vegna Núpufellsdals**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að landi Núpufells innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi frá 19. maí 1890: „Afrjettarland á jörðin Núpufellsdal allan, austan við Þormóðsdalsá (pkt.2), framan úr dalsdragi (pkt. 1) og út í svonefndan Tungusporð (pkt. 3), og þaðan fram í Kollhól (pkt. 4-5), sem er heimarlega í Æsustaðatungum. Liggja merkin neðan frá árgili rjettlynis [línis ofan línu] yfir hólinn á fjall upp“.

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

---

### 3.8 Kröfur Valgarðs Snæbjörnssonar vegna Þormódsstaðadals

Þess er krafist að viðurkennt verði að ytri landamerki Þormódsstaða og Þormódsstaða II samkvæmt landamerkjabréfi jarðanna séu þessi: „[...] Að sunnan eru merkin niður við árgilið í hina svonefndu Nöf eður Nafarhorn, þaðan skálínis uppí Syðri-Arnbjargarhól og eptir sjónhendingu á fjall upp. Ítök Þormódsstaða í landareign Þormódsstaðasels eru samhljóða afsalsbrjefi af 21. júní 1876.“

Þess er og krafist að viðurkennt verði að landamerki Þormódsstaðasels í Þormódsstaðadal, séu þessi samkvæmt landamerkjabréfi: „Þormódsstaðadalur liggur undir jörð þessa og ræður því dalsdragið (pkt. 1) merkjum að framan eða sunnan. Að austan ræður Þormódsstaðadalsáin (pkt. 2). Að vestan ræður fjallið. Að norðan eru merkin niður við árgilið í hina svonefndu Nöf eður Nafarhorn (pkt. 3) þaðan skálínis uppí Syðri – Arnbjargarhól (pkt. 4) og eftir sjónhendingu á fjall upp (pkt. 5). Þrætupartur er liggur í Þormódsstaða landareign utanvert við Laughóla. Takmörk þrætupartsins eru þessi: Að norðan liggur hann að landamerkjum Draflastaða. Að sunnan eru merkin í Gilsbotnlækinn, þar sem hann fellur niður í Árgilið, síðan fylgja þau honum þar til hann hverfur og þaðan beina línu til fjalls upp. Ítök Þormódsstaðasels í landareign Þormódsstaða eru samhljóða afsalsbrjefi af 21. júní 1876.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.9 Kröfur Aðalsteins Bjarnasonar vegna Tjarna

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignaréttur aðila að landi Tjarna innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi: „Frá punkti við Eyjafjarðará (punktur 1) eftir gömlum en glöggum merkjagarði en sömu stefnu eftir að honum sleppir til fjalls upp fyrir Geldingaklett (punktur 2). Þaðan eftir vatnaskilum að upptökum Klaufár (punktur 3) og þaðan með henni í punkt við Eyjafjarðará. (punktur 4). Eyjafjarðará ræður milli punkta 1 og 4.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

---

### **3.10 Kröfur Karls Friðriks Karlssonar og Sigríðar Jóhannsdóttur vegna Hóla**

Aðalkrafa eigenda Hóla í Eyjafirði er, að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi Hólatorfunnar, sem þjóðlendukröfur eru gerðar í, innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðum landamerkjabréfum, þ.e. land innan eftirtalinna merkja, fyrir utan land Jórunnarstaða, með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: „Úr Eyjafjarðará (punktur 1) í svonefndan Trippagarð sem hlaðinn er á mörkum Hóla og Arnarstaðatungna (punktur 2) og þaðan með garðinum þar til hann þrýtur (punktur 3) þaðan í Kerlingarhnjúk (punktur 4) og þaðan suðvestur á vatnaskil og sýslumörk í punkt við suðurenda Nyrðra-Urðarvatns (punktur 5) þaðan liggja merkin á sýslumörkum, sem skipta Syðra-Urðarvatni hér um bil í tvennt, að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár (6) þaðan eru merkin dregin því sem næst í hásuður um drög syðri upptakakvíslar Geldingsár (7) og beint í í Jökulkvísl að hornmarki við Möðruvallaland (punktur 8) þaðan liggja merki Hóla og Möðruvalla saman í norðaustur allt þar til komið er að upptökum Klaufár, sem er hornmark Hóla og Tjarna, (punktur 9) þaðan ræður Klaufá þar til hún fellur í Eyjafjarðará (punktur 10) og þaðan ræður Eyjafjarðará að punkti 1.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

#### **3.10.1 Kröfur Elísabetar Sigurðardóttur og Gests Páls Júlíussonar vegna Jórunnarstaðatungna**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að Jórunnarstaðatungum innan þeirra merkja sem sem lýst er hér á eftir: „Sandá til upptaka (punktur 1) norður fyrir Fremri-Strangalæk (punktur 2). Fjallið ræður að vestan og Eyjafjarðará að austan milli punkta 1 og 2.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

---

### **3.10.2 Kröfur eigenda Nýjabæjar í Eyjafjarðarsveit vegna upprekstrarlands á Hólaafrétt**

Gerð er krafa um að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt eigenda af „Upprekstrarlandi á Hólafrétt“. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.



---

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-41 ásamt undirskjölum eða samtals 553 skjöl, auk 28 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.



---

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 1. september 2008, í fylgd með lögmonnum og nokkrum málsaðilum, sem önnuðust leiðsögn. Í sömu ferð var vettvangur í málum nr. 2 og 4/2008 einnig skoðaður en hér verður aðeins vikið að þeim hluta ferðarinnar sem snýr að máli nr. 1/2008.

Ekið var suður Eyjafjarðarbraut vestari, inn á Sölvadalsveg og inn að Þormóðsstöðum. Þar var horft inn á kröfuvæði vegna Núpufellsdals og Þormóðsstaðadals og lega þjóðlendukröfulínu milli punkta 9-11 skoðuð. Að þessu loknu var ekið á ný suður Eyjafjarðarbraut vestari að Tryppagarði, sem skilur að Arnarstaðatungur og Hóla. Einnig voru mörk Jörunnarstaðatungna og Hóla skoðuð. Þaðan var ekið upp úr Eyjafjarðardal en skyggni var takmarkað, enda lágskýjað.

Síðar sama dag var vegur F821 ekinn að Laugafelli en þaðan var farið áfram vestur veg F752, Skagafjarðarleið.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Þórhallur Hermannsson, Kambsstöðum; Ingibjörg Bjarnadóttir, Gnúpufelli; Bragi Steingrímsson, Æsustöðum; Þór Hjaltason, Akri, mættur vegna Þormóðsstaðasels og Þórgnýr Þórhallson, einn af eigendum Stóra-Hamars.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

---

## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>3</sup>

### 5.1 Landnám og saga

Helgri magri nam land í Eyjafirði, samkvæmt frásögn Landnámu, og settist að í Kristnesi. Um ferð hans til Íslands er bæði fjallað í Sturlubók og Hauksbók Landnámu. Í Sturlubók segir:

Um várit gekk Helgi upp á Sólarfjöll;<sup>4</sup> þá sá hann, at svartara var miklu at sjá inn til fjarðarins, er þeir kölluðu Eyjafjörð af eyjum þeim, er þar lágu úti fyrir. Eptir þat bar Helgi á skip sitt allt þat, er hann átti, en Hámundr bjó eptir. Helgi lendi þá við Galtarhamar;<sup>5</sup> þar skaut hann á land svínum tveimr, ok hét gölturinn Sölvi. Þau fundusk þremr vetrum síðar í Sölvadal; váru þá saman sjau tigur svína. Helgi kannaði um sumarit herað allt og nam allan Eyjafjörð milli Sigluness og Reynisness<sup>6</sup> ok gerði eld mikinn við hvern vatsós ok helgaði sér svá allt herað. Hann sat þann vetr at Bíldsá, en um várit færði Helgi bú sitt í Kristnes.<sup>7</sup>

Lýsing Hauksbókar hljóðar svo:

Þann vetr bjó Helgi at Bíldsá, en um sumarit kannaði hann herað allt ok nam Eyjafjörð allan millim Sigluness ok Reynisness ok gerði eld mikinn við hvern vatsós við sjó ok helgaði sér svá allan fjörðinn nesa millim. Einum vetri síðar (færði Helgi bú sitt) í Kristnes.<sup>8</sup>

Eftir landnám skipti Helgi landi milli ættingja sinna. Syni sínum Ingjalldi gaf hann upp frá Þverá hinni ytri fyrir austan Eyjafjarðará til Arnarhvols. Ingjalldur bjó að Þverá hinni efri. Bróðir Ingjallds, Hrólfur fékk einnig landsvæði frá föður þeirra. Var um að ræða lönd austan Eyjafjarðarár upp frá Arnarhvoli upp. Heimili Hrólfs var Gnúpufell.<sup>9</sup>

---

<sup>3</sup> Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 37. Þó hefur verið felld út eða stytta umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>4</sup> Nafnið er glatað; menn hafa gíkað á Kötluþjall eða öllu fremur Hámundarstaðafjall (Krossafjall).

<sup>5</sup> Nafnið er glatað; skamt fyrir utan Kaupang heitir Festarhamar (eða Festarklettur); þess hefur verið getið til að það væri Galtarhamar.

<sup>6</sup> Reynisnes er vafalaust Gjögurtá.

<sup>7</sup> Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 250 og 252.

<sup>8</sup> Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 251 og 253.

<sup>9</sup> Íslenzk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 253, 266 og 268. (Sturlubók).

---

Austan við Helga magra, nánar tiltekið í Fnjóskadal, nam Þórir snepill land. Samkvæmt Landnámu nam hann dalinn allan, er Landnáma kallar Hnjóskadal, til Ódeilu og reisti sér bæ að Lundi.<sup>10</sup>

## 5.2 Sveitarmörk

Svæðið sem til umfjöllunar er nær bæði til Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu. Verður gefið hér stutt yfirlit yfir mörk sýslanna.

Jón Sigurðsson frá Ystafelli telur vesturtakmörk Suður-Þingeyjarsýslu vera við Eyjafjörð að fjarðarbotni. En þaðan austur á háhrygg Vaðlaheiðar og um vatnaskil milli Fnjóskár og Eyjafjarðarár til öræfa. Hann segir um Hálshrepp, eða Fnjóskadalshrepp, að hann hafi til forna náð frá Flatey á Skjálfanda og fram til afdala eða nær 100 km leið.<sup>11</sup>

Landmælingastofnun fékk Jóhann Skaptason sýslumann til þess árið 1964 að skrifa álitargerð um mörk Þingeyjarsýslu gagnvart öðrum sýslum. Jóhann bar álit sitt undir aðalfund sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu sem samþykkti hana einróma. Í álitargerðinni, sem er prentuð 1954, eru vesturmörk sýslunnar gagnvart Eyjafjarðarsýslu á þessa leið:

Í vestanverðri Vaðlaheiði eru þau söm sem landamerki jarðanna Ytri-Varðgjár og Veigastaða, en þau voru ákveðin með samningi 17. september 1945, svohljóðandi: „Frá Stapaklöpp til fjalls, þar sem vér teljum að sjáist marka fyrir vörðubroti á klöppinni, beina stefnu í klöpp rétt sunnan við merkjalæk á Skeiðunum, þaðan í Tvístein og svo beina stefnu syðst í slakkann utanvert við Varðgjárhjúk, og svo beint austur á *miðja heiði*.

Frá Stapaklöpp til vesturs bein stefna gegnum vörðu á sjávarbakkanum vestur á miðja Leiru, miðað við suðurbrún Búðargils austast í Höfðanum á Akureyri.“

Ég álit, að markalínan á kortinu sé dregin mjög nærri réttu lagi, en tel þó réttara, að hún verði norðan við lækinn, sem hún fylgir, eftir að kemur niður fyrir veginn, því þeim megin er merkjagirðingin.

Frá *miðri heiði* eru sýslumörkin suður eftir háheiðinni (Vaðlaheiði) og síðan eftir háfjallshryggnum milli Fnjóskadals og Bleiksmýrardals að austan og Eyjafjarðardala að vestan, svo sem vötnum hallar á báða bóga, og síðan áfram eftir vatnaskilum suður um Nyrðri- og Syðri-Háöldu suðvestur í *Klakk* í norðvestanverðum Hofsjökli.

Álít ég, að þessi lína eigi að liggja vestan ár þeirrar, sem rennur til suðurs og síðan austur til Bleiksmýrardals vestan sunnanverðs dalsins. (Engin afstaða er

---

<sup>10</sup> Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 270. (Sturlubók).

<sup>11</sup> Jón Sigurðsson, *Suður-Þingeyjarsýsla. Lýsing Þingeyjarsýslu* I. Ritsafn Þingeyinga II. Reykjavík, 1954, bls. 13 og 122.

---

tekin um það hvort Eyjafjarðarsýsla eða Skagafjarðarsýsla eigi land að vesturmörkum Þingeyjarsýslu syðst á þessum öræfum. (Innskot hér)).<sup>12</sup>

Steindór Steindórsson hefur eftirfarandi að segja um suðurmörk Eyjafjarðarsýslu, sem eru prentaðar árið 1949:

Suður frá Öxnadalshéið liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafreittar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu að síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“. Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennslí þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrir en seint á síðastliðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir *Fjórðungskvísl*, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar.<sup>13</sup>

### 5.3 Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár

Hálfur Bleiksmýrardalur, þ. e. vestan Fnjóskár, hefur talist eign Hrafnagilskirkju (sem varð að Akureyrarkirkju samkvæmt konungsúrskurði árið 1860<sup>14</sup> frá því snemma á öldum. Í máldögum Auðunar rauða Þorbergssonar Hólabiskups, sem kenndir eru við árið 1318, segir um Hrafnagilskirkju:

Kyrckia hins heilaga Peturs ä Rafnagili. ä ... halfann Bleykzmyrardal framm fra skardzä.<sup>15</sup>

Hið sama kemur fram í máldögum Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar.<sup>16</sup> Einnig í vísitasíugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 nema þar er ekki talað um Skarðsá heldur Skarð sem getur verið ritvilla eða eins og segir í vísitasíunni:

halfuan blæiksmyrardaal framm fra skardæ.<sup>17</sup>

---

<sup>12</sup> Jóhann Skaptason, „Sýslumörk Þingeyjarsýslu“, *Árbók Þingeyinga* VIII (1965), bls. 66-67.

<sup>13</sup> Steindór Steindórsson, *Lýsing Eyjafjarðar* I. Akureyri, 1949, bls. 16.

<sup>14</sup> *Lovsamling for Island* XVIII. Kaupmannahöfn. 1884, bls. 645-646.

<sup>15</sup> DI II, 453, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>16</sup> DI III, 560, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>17</sup> DI IV, 378-379, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

En í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar er miðað við Skarðsá sem og í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.<sup>18</sup>

Í kirknareikningum nyrðra á prestssetrum árið 1569 er hins vegar talað um Bleiksmýrardal sem „afrétt“:

halfur Bleiksmýrardalur afriett.<sup>19</sup>

Raunar kemur Bleiksmýrardalur aftast í þessari upptalningu á jörðum Hrafnagilskirkju árið 1569 og segir í framhaldinu:

Med þessum ollum iordum eckirt kugillde. oc fæst eigi landskyllde. ef sa prestr leggur eigi kugillde til. er stadinn helldur.<sup>20</sup>

Í upphafi 16. aldar virðist koma upp ágreiningur um fjárrekstra á Bleiksmýrardal. Í máldaga Hrafnagilskirkju frá 22. júní 1508, sem gerður var eftir fornum og nýjum registrum og innsigliðum bréfum Hóladómkirkju, segir að kirkjan eigi:

allann bleiksmýrardal firir vestan hnioskaa fram fra skardsaa og svdur a oræfe. rekstrar skylldv vera epter því sem ad fornv eyrarlanda a mille firir avstann fram ad oxnafelle. vestan fram ad skioldalsaa. ad hvors (!) tív lomb eda fleire være. afrettur heimill j sogdv takmarke firir venivligan toll er goldinn skal sidast vikv epter bartholomei apostoli. bændur skyllder rett þeirre vpp ad hallda er þorfinnur prestur liet vppstinga.<sup>21</sup>

Máldagi þessi er til í frumriti en Daníel Halldórsson prestur á Hrafnagili hafði skrifað hann upp og gert skýringar. Um Bleiksmýrardal er eftirfarandi skýring:

*Allan Bleiksmýrardal.* Dalr þessi liggir fram af Fnjóskadal: Munkaþverárklaustr á landið að austanverðu við Fnjóská. *Skarðsá*, þverá, sem rennr í Fnjóská, og dregr nafn af svo nefndu Gaunguskarði. *Eyrarlanda á milli.* Stóraeyrarland er að vestanverðu við Eyjafjarðarbotn og yztr bær í Hrafnagilshrepp, en Litlaeyrarland að austanverðu við fjarðarbotninn, fyrrum yztr bær í Öngulstaðahrepp (...); liggir allr hreppinn að austanverðu við Eyjafjarðará og nær fram að *Öxnafeili*, sem er yzti bær í Saurbæjarhrepp, þeim megin árinna; en að vestanverðu aðgreinast Saurbæjar og Hrafnagils hreppar af *Skjóldalsá*, sem er þverá og rennr austr í Eyjafjarðará. Hafa þannig allir bændr í Hrafnagils og Öngulstaðahreppum verið skyldir að reka lömb sín á Bleiksmýrardal.<sup>22</sup>

---

<sup>18</sup> DI V, 315. DI IX, 332, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>19</sup> DI XV, 351, sbr. skjal nr. 2 (B.1). Sjá einnig; *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar*, 271 og 275.

<sup>20</sup> DI XV, 351, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>21</sup> DI VIII, 214-215. Messa Barthólómesuar postula er 24. ágúst. Óljóst er hvenær umræddur Þorfinnur prestur var uppi en þetta virðist vera eina heimildin um hann. Honum er potað inn í prestatal Hrafnagilskirkju eftir þessari heimild og er sagður hafa haldið staðinn fyrir 1508, sbr. Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*. Reykjavík. 1950, bls. 280, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>22</sup> DI VIII, 214-216. Um prestskap séra Daníels, sjá Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi*, bls. 280, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

Dómur um Bleiksmýrardal og lambarekstur þangað var kveðinn upp sama ár, 1508, af sex prestum útnefndum á prestastefnu af Gottskálki Nikulássyni Hólabiskupi. Hafði séra Jón Arason kært Stefán Ketilsson fyrir að hafa í óleyfi rekið 40 lömb á Bleiksmýrardal og látið þau vera þar frá Jónsmessu til Maríumessu síðari. Var Hrafnagilskirkju dæmdur dalurinn frá Skarðsá og suður á öræfi með tilheyrandi lambatollum. Í dómnum segir m. a.:

Kom þar fram fyrir oss brief med tveggia presta Insiglum ad kyrkia hins heilaga Peturz a Raffnagili ætti Bleijkzmyrardal fyrir vestann Hnioskä fra Skarsä og sudur ä Auræfi.

Samhliodadi þessu Briefi gamallt Registor Hola domkirkiu vm fyrr sagda landeign. [...]

Hier med dæmdum vær adur greindan dal Rafnagilzkyrkiu Eign ad vera og verid hafa ad fornu og nyiu.

Slijka sauk dæmdum vier alla þa eiga at giallda sem j oleyfi hafa rekid edur reka latid. xl. lomb edur fleiri a þrattnefndann dal. og fallna j bann. nema þeir sverie fullann Bokareijd. ad þeir heyrdu alldreij eignadann Hrafnagilzkyrkiu þennann dal. og og ad eidnum vnum skal falla aptur half þessi sauk. Enn þeir sem ræke færri lomb enn. xl. þa dæmdum vier til þess vrskurdar sem herra biskupinn þa ä leggur.

Samþycktti virdueligur Herra Biskup Gottskalck med oss þennan vorn dom.<sup>23</sup>

Halldór Loftsson, sem var prestur á Grund í Eyjafirði, gaf kirkjunni þar í sálugjöf 8. desember 1403:

lx. yxnaRek[s]tur j bleiksmyrardal.<sup>24</sup>

Ekki kemur fram hvorum megin í dalnum þetta ítak var og þess sést ekki getið síðar meðal eigna Grundarkirkju.

Munkaþverárklaustur átti Bleiksmýrardal austan Fnjóskár en einnig eignir og ítök vestan árinna, þar á meðal í land Hrafnagilskirkju en klaustrið átti Reyki í Fnjóskadal. Í skrá um reka og ítök klaustursins, sem talin er frá árinu 1446, er eftirfarandi:

Selfaur til skarðzsels með jarðar eign millum skarðs ár ok vathamars til sionarhóls ok vpp a fiáll.

Manaðar halld öllu fé annat mal j bleiks myrar dal ok þriggia tigu geldneyta Rekstur.<sup>25</sup>

Skarðssel er samkvæmt korti norðan Skarðsár og lendir því utan kröfusvæðis.

Áðurnefnd máldagabók Ólafs Rögnvaldssonar nefnir ekki selförina en segir um Bleiksmýrardal.

---

<sup>23</sup> DI VIII, 258-259, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>24</sup> DI III, 685, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>25</sup> DI IV, 698, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

manadar halld ollu fie annat dægur j bleiksmýrardal firir vestan anna oc xxx. gelldneyta regstur.<sup>26</sup>

Elsti hluti Sigurðarregisturs, sem talinn er frá árinu 1525, getur um selförina, landeignina og beitarítökin en með svolítið öðru orðalagi:

silfor j skardzsel med jardar (eign) millum vothamar og skardzä. manadar halld ollu fie annat dægur. j bleigsmýrardal fyrir vestan äna. xxx. gelldneyta rekstur.<sup>27</sup>

Ekki er minnst á Bleiksmýrardal í skrá um eignir Hrafnagilskirkju sem gerð var 1544 þegar séra Geirmundur tók við staðnum. Reyndar er ekki minnst á ítök þó kirkjujarðir séu tíundaðar.<sup>28</sup>

Dönsk stjórnvöld grennsluðust fyrir um hvort á Íslandi væri að finna leir sem Hið konunglega danska postulínsfélag gæti nýtt í framleiðslu sinni. Vestindisk-Guinæisk Rente samt General Toldkammer, sem fór með Íslandsmál um þetta leyti, fól Jóni Jakobssyni sýslumanni á Espihóli að annast jarðvegsrannsóknir á Bleiksmýrardal árið 1779. Í bréfi til Jóns, frá 24. mars 1779, segir stjórnardeildin:

Og da der i den saakaldede Bleýkemýredal i Øefords Sýssel, skal findes et slags Jord, som formodes at være tienlig til Porcellain.<sup>29</sup>

Bæði á tilvitnuðum stað og svari Jóns er Bleiksmýrardalur sagður í Eyjafjarðarsýslu en ekki Þingeyjarsýslu. Jón sendi tvö bréf út til stjórnardeildarinnar varðandi málið. Hið fyrra er dagsett 6. september 1779 en hið síðara 11. nóvember 1779. Í fyrra bréfinu getur hann leiðangursins sem farinn var á dalinn og segir að engin bleikja, sem er hvít leirtegund, hafi fundist. Hann lét jafnframt fylgja með skýringu á uppruna nafnsins Bleiksmýrardals sem er mjög þjóðsagnakennd og snýst um bleikan hest sem bóndi á Illugastöðum átti. Hann var taminn til hestvíga og gekk á dalnum fyrir austan ána þar sem nú kallast Bleiksmýri. Svo virðist sem að nafnið eitt hafi freistað stjórnardeildarinnar að leita bleikju á þessum stað og því hafi sýslumaður viljað reyna að útskýra nafnið. Í seinna bréfinu sendi sýslumaður vitnisburð þeirra þriggja leitarmanna sem könnuðu dalinn í fimm daga leiðangri, stungu og grófu jörð í giljum, gröfum, árbökkum og víðar án þess að finna neitt.<sup>30</sup> Ekki kemur fram hvort leitin einskorðaðist við þann hluta dalsins sem tilheyrði konungi, þ.e. Munkaþverárklostri en líklegast hefur hluti Hrafnagilskirkju einnig verið kannaður.

Bæði er minnst á afrétt á Bleiksmýrardal og Almenni í jarðamati Munkaþverár árið 1804.

---

<sup>26</sup> DI V, 304, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>27</sup> DI IX, 309-310, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>28</sup> DI XI, 356-357, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>29</sup> Bjarni Vilhjálmsson, „Postulínsgerð og Hestavíg. Athugun á heimild Jóns Espólíns um hestaping á Bleiksmýrardal.“ *Gripla* VII, 1990, bls. 31.

<sup>30</sup> Bjarni Vilhjálmsson, „Postulínsgerð og Hestavíg. Athugun á heimild Jóns Espólíns um hestaping á Bleiksmýrardal“, bls. 33-37.

---

Her til ligger en Afreet, nemlig den halve Bleegsmýredal /: hvis anden halve Deel tilhører Ravnegil-Kirke :/ hvorpaa fra fremmede Jorder indtager Beeder og Lam til Græsgang om Sommeren, mod Indtægt aarlig 3 rd, ligeledes en anden Afret Almindingen kaldet, som i ovenmeldte henseende bruges frit af Klosterjordenes Lejlændinge. [...]

Herunder ere de öde Hialejer Borgarhol, Mariegerde, Ytre Glumstad og Fremre Glumstad, indbefattede. Derimod er den beboede Hialeje Helgaesel her foran under et eget no. anført nemlig No. 14.<sup>31</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Bleiksmýrardalur sé víðlendur og grösugur, og var dalurinn virtur á ríkisdali.

Hann er fjallshlíð ofanað á, og þar hjá hálfur Þverdalur nokkur, og er þetta mjög mikið víðlendi. Víða er hann grösugur á sumrum, sumstaðar þverámóti skriðóttur, á honum vex nokkur víðir. Yfirhöfuð er dalur þessi kjarngóður afréttur fyrir sauðfé, naut og hesta.<sup>32</sup>

Um eignarhald á Bleiksmýrardal sjá kaflann um Hrafnagil.

Í yfirmati Suður - Þingeyjarsýslu, sem byrjað var á 3. júní 1850, kemur fram að þrætuland sé á Bleiksmýrardal austanverðum sem tengist Illugastöðum.<sup>33</sup> Þann 11. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá J. Jónssyni hreppsstjóra, ábúanda á Munkaþverá, þar sem farið var fram á að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri metinn á parti sem þrætuland milli Munkaþverár og Illugastaða af hlutaðeigandi undirmatsmönnum. Í bréfinu er þess einnig krafist að ítak Munkaþverárklosturs í Hrafnagilskirkjueign Bleiksmýrardals vestan Fnjóskár verði dregið frá virði dalsins og bætt við virði Munkaþverár. Þessu mótmælti presturinn á Hrafnagili sem vildi ekki að ítakið yrði virt á parti þar sem það væri ógilt og ónýtt. Rannsóknarmennirnir féllust á þau rök.<sup>34</sup>

Landamerkjabréf fyrir Bleiksmýrardal vestanverðan var útbúið 1. apríl 1885 og því var þinglýst 27. maí sama ár:

Afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, er allur sá hluti hálsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á öræfi.<sup>35</sup>

Guðmundur Helgason prestur á Akureyri skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stepháni Stephensen jarðaumboðshaldara vegna Reykja og hann samþykkti líka vegna Munkaþverár. Fram kemur að Stephán hefur gert fyrirvara á samþykki sínu vegna Munkaþverár vegna þess að samkvæmt gömlum skjölum eigi jörðin ítök í Bleiksmýrardal en strikað hefur verið yfir þann fyrirvara.

---

<sup>31</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>32</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>33</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>35</sup> Skjal nr. 2 (47) a-b.



---

Fram kemur í *Sýslu- og sóknarlýsingum* að afréttur sé á vestur Bleiksmýrardal fram við Fnjóská frá Skarðsá og suður á öræfi. Hann á Hrafnagilskirkja og er skyldurekstur á hann úr Eyjafirði.<sup>36</sup>

Í *Upplýsingum um afrjetti og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959* kemur fram að vestur Bleiksmýrardalur sé í ríkiseign en að austur Bleiksmýrardalur sé eign Hálshrepps.<sup>37</sup>

Landbúnaðarráðherra seldi Hálshreppi „afréttarlandið Bleiksmýrardal vestri“ 22. maí 1978.<sup>38</sup>

Eftirfarandi lýsing á Bleiksmýrardal var skrifuð af Bjarna Vilhjálmsyni árið 1990.

Bleiksmýrardalur er vestastur þeirra þriggja afdala, sem liggja inn af Fnjóskadal. Hann er talinn ganga allra norðlenskra dala lengst suður í landið og eiga drög sín langt suður á Sprengisand, norðaustan Hofsjökuls. Dalurinn hefur löngum þótt gott afréttarland. Hann hefur sennilega aldrei verið byggður, en rústir eru þar nokkrar. Eftir örnefnum að dæma eru þær þó fremur seljarústir og stekkjárústir en bæjarústir. Ekki verður þó svarið fyrir, að einhvern tíma hafi verið gerð tilraun til að festa þar byggð, en um það eru engar heimildir kunnar. Að fornu og fram eftir öldum áttu dalinn Hrafnagilskirkja vestan Fnjóskár, en Munkaþverárklaustur austan ár. Dalurinn er stöku sinnum nefndur í fornum ritum sem samgönguleið. Kunnastur mun hann af frásögn Íslendingasögu Sturlu, þegar Þórður kakali kemur út 1242, líklega á Gásum, fer þaðan heim á æskustöðvarnar á Grund og ríður síðan með leiðsögumanni „norðr um (Vaðla)heiði ok upp Bleiksmýrardal og svá suðr um land og kómu niðr at Keldum,“ þar sem Steinvör systir Þórðar bjó, gift Hálfani Sæmundarsyni frá Odda.<sup>39</sup>

### 5.3.1 Hrafnagil

Hér verður fjallað um heimildir um Hrafnagil að því leyti sem þær varða kröfufvæði vegna Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár.

Vísitasíur Hrafnagilskirkju frá árunum [1585], [1662], 1685, 1695, 1718, 1761 og 1769 minnst allar á Bleiksmýrardal. Þær gera það þó ekki með sama hætti. Í vísitasíunum frá [1585], [1662] og 1695 er nefnt að Hrafnagilskirkja eigi hálfan dalinn fram frá Skarðsá en í þeirri frá 1718 er sagt að hún eigi dalinn fram frá Skarðsá og sú frá 1685 nefnir að kirkjan eigi afrétt á dalnum fram frá Skarðsá og fram á Sanda eftir

---

<sup>36</sup> Hallgrímur Thorlacius. „Skýrsla yfir Hrafnagilsprestakall“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 171-172.

<sup>37</sup> Skjal nr. 4 (2).

<sup>38</sup> Skjöl nr. 4 (41), 4 (42) og 36 (3).

<sup>39</sup> Bjarni Vilhjálmsson, „Postulínsgerð og Hestavíg. Athugun á heimild Jóns Espólíns um hestapung á Bleiksmýrardal.“, bls. 32.

---

tilsögn staðarhaldarans séra Þórarins. Vísitasíurnar frá 1761 og 1769 vísa hins vegar í fyrri máldaga.<sup>40</sup>

Í lögfestum Hrafnagilskirkju frá 1672, 1728, 1736, 1765, 1771 og 1780 segir að kirkjan eigi allan Bleiksmýrardal fyrir vestan Fnjóská fram frá Skarðsá og suður á öræfi. Lögfesta kirkjunnar frá 1814 er aðeins öðruvísi en þar er talað um að landsvæðið sem minnst hefur verið á tilheyri afréttarlandinu Bleiksmýrardal.<sup>41</sup>

Magnús Erlendsson lögfesti þann 2. maí 1814 að Bleiksmýrardalur fyrir vestan fram frá Skarðsá og suður á Öræfi tilheyrði Hrafnagilskirkju.<sup>42</sup>

Í skrá yfir máldaga, skjöl og lögfestur Hrafnagilsprestakalls frá 6. júní 1839 er minnst á lögfestu séra M. Erlendssonar fyrir Bleiksmýrardal sem þinglesin var 2. maí 1814.<sup>43</sup>

Eignir Hrafnagilskirkju voru lögfestar á ný árið 1840 og í henni var minnst á Bleiksmýrardal á sama hátt og í mörgum eldri lögfestum kirkjunnar þ.e. að þessi eign hennar lægi fyrir vestan Fnjóská, fram frá Skarðsá og suður á öræfi. Lögfesta þessi var lesin á manntalsþingi að Hálsi 19. maí 1840 og mótmælti henni enginn þar.<sup>44</sup>

Jörðin Hrafnagil á afréttarland í hálfum Bleiksmýrardal fyrir toll, samkvæmt Jarðabók árið 1712. Einnig á staðurinn engjateiga austan Eyjafjarðará; Geingateig og Kárateig, auk torfskurðar í landi Sigtúna. Hjáleigan *Botn* (sjá annarsstaðar) er hluti Hrafnagilslandsins.

Útigangur í betra lagi, þó þarf roskið fje jafnan heystyrk meiri eður minni eftir árferði, en lömb þurfa mestan part fóður. Hestaganga í meðallagi. [...]

Ítök staðarins eru þessi:

Afrjettarland á staðurinn framm úr Fnjóskadal hálfan Bleiksmýrardal, og eru þangað skyldugir að reka allir bændur lömb sín í Öngulstaða og Hrafnagils hreppum, og so hefur áður verið, en smám saman hefur þessi upprekstur aflagst sakir harðinda og miklra vatna, og reka nú þangað allfáir. Afrjettartollur var venjulegur lamb af hverjum bónda, og so er enn af þeim fáum sem reka. Engjateiga tvo á staðurinn fyrir austan Eyjafjarðará gagnvart sjer, heitir annar Geinga en annar Kára teigur, eru fordjarfaðir af sandfoki og sandsáburði úr Eyjafjarðará, verða ekki slegnir og leggjast í beit af austurlandinu. Torfskurð í Sigtúna land fyrir austan Eyjafjarðar, hefur ekki brúkast so menn viti.<sup>45</sup>

Árið 1729 var kveðinn upp dómur um hverjir skyldu nýta Hrafnagilskirkju-afréttina Bleiksmýrardal:

---

<sup>40</sup> Skjöl nr. 2 (111), 2 (112), 2 (115), 2 (116), 2 (117), A.8.9. a-c og A.8.10 a-c. (Hrafnagilshreppur)

<sup>41</sup> Skjöl nr. 2 (226) – 2 (232) og 2 (100).

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (100).

<sup>43</sup> Skjal nr. 2 (224).

<sup>44</sup> Skjöl nr. 2 (103) og 2(104).

<sup>45</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X. Kaupmannahöfn. 1943/Reykjavík. 1987, bls. 218.

---

Efter því að Hrafnagils kyrkiu afrett Bleiksmýrardalur er nu aliten ei fyrir fleiri lómb til hagabeitar á Sumardag enn Ellefu hundrud, þá skulu þeir fröganga að reka í afrettina, sem leingst eiga að og ohægast af bädum Reppunum Hrafnagils og Aungulstada, og skulu nu hier epter þangad reka bændurner utan af bädum þessum Reppum fyrir Vestann framm að Hrafnagile, enn austann allt framm að Aungulstódum og Biórk, og skulu aller þesser bændur uppehalda göngum og fiallskilum á haust, epter sem Reppstionarmenn gióra ráð fyrir og betala sinn Lambatoll Hrafnagils Kyrkiu Forsvarzmannna epter hennar mældogum og geingnum dömum, under laga tiltal og Sekter. Enn velehruverdigur Profasturenn Sr Þorsteinn Ketilsson hefur giórt sína Skylldu í því að færa þetta mál fyrir Rietinn, uppá kyrkiunnar vegna epter sínu Collatzbreffe og kongsinss utgefnum Logum og Forordningum.

Underskrifud þingzvitne

Petur Biarnason Paall Pálsson Gunnlaugur Þorvalldsson Sveinn Tomasson  
Jon Finnsson Bódvar Þordarson Halldor Þorlaksson Gudmundur Ketilsson<sup>46</sup>

Í skýrslu um Hrafnagilskirkju frá 23. apríl 1782 kemur fram að meðal ítaka kirkjunnar sé Bleiksmýrardalur. Samkvæmt skýrslunni hafði kirkjan á árum áður nokkurn hag af ítakinu vegna lambatolla en fram kemur að tekjur hennar vegna þessa hafi dregist saman síðustu ár og í raun engar verið að undanfögnu.<sup>47</sup>

Á 19. öldinni leigði Hrafnagilskirkja, sem varð að Akureyrarkirkju samkvæmt konungsúrskurði árið 1860,<sup>48</sup> afréttarlandið Bleiksmýrardal, þ.e. fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á öræfi, nokkrum sinnum út sem nytjaland.

Dalurinn var tekinn á leigu af bóndanum í Hvammi árið 1833. Sá sendi frá sér tilkynningu árið 1839 þar sem fram kemur að hann segi upp samningnum við kirkjuna árið eftir. Sama ár, þ.e. 1840, var dalurinn afhentur bóndanum á Reykjum til leigu. Nokkru síðar eða 1861 var Reykjabónða aftur leigður Bleiksmýrardalur. Tíu árum síðar var bóndanum á Veturliðastöðum fenginn dalurinn til umráða. Árið 1882 var bóndanum á Reykjum svo leigður dalurinn til fimm ára.<sup>49</sup>

Þann 19. mars 1840 svaraði Steingrímur Jónsson biskup fyrirspurn H. Thorlaciusar prófasts í Hrafnagilsprestakalli um eignarhald á Bleiksmýrardal. Í svari sínu nefnir hann að í máldögum Auðunar Þorbergssonar Hólabiskups sem kenndir eru við árið 1318, Péturs Nikulásssonar biskups frá því um 1394 og Ólafs Rögnvaldssonar frá því um 1461 og í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 standi að Hrafnagilskirkja eigi hálfan Bleiksmýrardal frá Skarðsá. Hann nefnir einnig að Munkaþverárklaustur hafi átt Bleiksmýrardal austan Fnjóskár en einnig eignir og ítök vestan árinna og vísar í því sambandi til máldagabókar Ólafs Rögnvaldssonar og elsta hluta

---

<sup>46</sup> Skjal nr. 2 (215) a-b.

<sup>47</sup> Skjal nr. 2 (223).

<sup>48</sup> *Lovsamling for Island XVIII*, bls. 645-646.

<sup>49</sup> Skjöl nr. 2 (101), 2 (102), 2 (103), 2 (106), 2 (107) og 2 (108).

---

Sigurðarregisturs en þeirra heimilda er getið í kaflanum um Bleiksmýrardal.<sup>50</sup> Síðan minnst hann á að í Jarðabókinni teljist Illugastöðum almenningur í Bleiksmýrardal.

Af þessu segir hann megi ráða að Munkaþverárklaustur geti átt ítak í Bleiksmýrardal fyrir vestan Fnjóská þó ekki á því svæði sem Hrafnagilskirkju tilheyrir einni samkvæmt öllum máldögum þ.e. framfrá Skarðsá og suður á öræfi heldur hinum megin við Skarðsá ef svo stæði á að dalurinn frá henni lægi lengra niðureftir. Steingrímur bætir því síðan við að það auki líkurnar á að H. Thorlacius takist að verja það af Bleiksmýrardal sem tilheyrt hafi Hrafnagilskirkju að Munkaþverárklaustur hafi aldrei, að sögn H. Thorlaciusar, nýtt sér slíkt ítak á kirkjupartí dalsins.<sup>51</sup>

Í jarðamati 1804 varðandi Hrafnagil, kemur ekkert fram um afrétt kirkjunnar á Bleiksmýrardal.<sup>52</sup> Við jörðina Munkaþverá, sama ár, er þessa afréttar hins vegar getið. Sjá nánar við Bleiksmýrardal.

Her til ligger en Afreet, nemlig den halve Bleegsmyredal /: hvis anden halve Deel tilhører Ravnegil-Kirke.<sup>53</sup>

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að kirkjan á Hrafnagili eigi allan Bleiksmýrardalsafréttinn að vestanverðu. Hann liggur fyrir sunnan byggð í Fnjóskadalnum. Fram kemur að afrétturinn sé burtleigður af prestí á Hrafnagili.<sup>54</sup>

Þann 11. júní 1850 fengu yfirmatsmenn Eyjafjarðarsýslu í hendur bréf frá J. Jónssyni hreppstjóra, ábúanda á Munkaþverá, þar sem farið var fram á að ítak Munkaþverárklausturs í Hrafnagilskirkjueign Bleiksmýrardal vestan Fnjóskár verði dregið frá virði dalsins og bætt við virði Munkaþverár. Þessu mótmælti presturinn á Hrafnagili sem vildi ekki að ítakið yrði virt sérstaklega þar sem það væri ógilt og ónýtt. Rannsóknarmennirnir féllust á þau rök.<sup>55</sup>

Prestssetrið Hrafnagil var metið til afgangalds 5. september 1854. Þá kom fram að afréttur þess væri á Bleiksmýrardal vestanverðum.<sup>56</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hrafnagilsjarðir var útbúið þann 30. maí 1889 og þinglesið 21. maí 1890. Þar stendur:

Ennfremur á Hrafnagilskirkja afréttarlandið Bleiksmýrardal allan fyrir neðan Fnjóská frá Skarðsá og suður til Öræfa. Um ítak þetta og mörk þess veit jeg ekki nokkurn ágreining.<sup>57</sup>

Stephán Stephensen umboðsmaður samþykkti þetta vegna Munkaþverár.

---

<sup>50</sup> Steingrímur minnst einnig á óstaðfestan máldaga Hrafnagilskirkju frá 1508 en nefnir ekki innihald hans.

<sup>51</sup> Skjal nr. 2 (109).

<sup>52</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>53</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>54</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>55</sup> Skjal nr. 2 (183).

<sup>56</sup> Skjal nr. 2 (225).

<sup>57</sup> Skjal nr. 2 (233).

---

Í lýsingu Hrafnagils frá 26. janúar 1914 kemur fram að jörðin eigi hvergi tilkall til afréttar. Bleiksmýrardalur var eign kirkjunnar og því kominn undir Akureyrarkirkju, eða ríkið.

#### 5.4 Almennigur

Almennigur í Öngulstaðahreppi er fram frá Helgárseli. Sjá lýsingu eins og hún er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1712.

*Almennigur* er fram frá þessu kotlandi, sem byrjast við Melrakkadalsá, og er síðan allur dalurinn framm frá beggja megin heim í Gönguskarð, og á allur þessi hreppur þennan almennig til uppreksturs fyrir lömb og geldfje, en brúkast ekki alment, því landið er uppblásið og haglítið orðið.<sup>58</sup>

Fram kemur í Jarðabókinni 1712 að Garðsárdalur hafi fyrrum borið annað nafn en þar segir í umfjöllum um jörðina Kristnes:

Selför á Kvíndisdal framm frá Þremi öllu búfje og hrossum. Þessi dalur kallast nú Garðsárdalur og liggur framm frá Kaupángssveit.<sup>59</sup>

Í lögfestu Munkaþverárklausurs sem var lesin upp 18. maí 1731 og lögð fram í Landsyfirrétti 5. júlí 1852 stendur m.a.:

Eg Sölvi Tómasson lögfesti hér í Dag krónunnar Eign, klaustrid ad Múnkaþverá [...]Helgá og Helgársel, med öllum sínum Merkjum; Qvíndisdal [mun vera Garðsárdalur] hálfann.<sup>60</sup>

Lögfesta fyrir Munkaþverárklausur var lesin upp annan sunnudag eftir Trinitatis 1735. Þar stendur m.a.:

Eg Sólve Thomasson Lógfeste hier i dag Mukapverar Clausturs landEign alla Heima umm sig [...] Jeg lógfesti i fiörda lage under firr nefndt Claustur hálfann Kviendisdal liggjande austur frá Helgär merkiumm Jnnann þessarar kyrkiu Söknar.<sup>61</sup>

Fram kemur í lögfestu Munkaþverárklausurs frá 25. maí 1762:

Jeg undirskrifadur lögfesti hér med Múnkaþverár klausur [...] ítem lögfesti jeg Helgársel, med öllum sínum Ummerkjum; Qvíndisdal [mun vera Garðsárdalur].<sup>62</sup>

Þessi lögfesta var lesin upp; 29. maí 1765, 16. júní 1767 og 25. maí 1772. Hún var líka lögð fram í Landsyfirrétti þann 5. júlí 1852.

---

<sup>58</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 299.

<sup>59</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 215.

<sup>60</sup> Skjal nr. 2 (220) a-b.

<sup>61</sup> Skjal nr. 2 (219) a-b.

<sup>62</sup> Skjal nr. 2 (221) a-b.

---

Hið sama kemur fram um Helgársel og Kvígindisdal í lögfestu frá 20. maí 1785 og þeirri frá 25. maí 1762. Líkt og hin var lögfestan líka lögð fram í Landsyfírrétti þann 5. júlí 1852.<sup>63</sup>

Í jarðamati 1804 segir eftirfarandi um Munkaþverá. Bæði er minnst á afrétt á Bleiksmýrardal og Almenni.

Her til ligger en Afreet, nemlig den halve Bleegsmyredal /: hvis anden halve Deel tilhører Ravnegil-Kirke :/ hvorpaa fra fremmede Jorder indtager Beeder og Lam til Græsgang om Sommeren, mod Indtægt aarlig 3 rd, ligeledes en anden Afret Almendingen kaldet, som i ovenmeldte henseende bruges frit af Klosterjordenes Lejlædinge. [...]

Herunder ere de öde Hialejer Borgarhol, Mariegerde, Ytre Glumstad og Fremre Glumstad, indbefattede. Derimod er den beboede Hialeje Helgaaeser her foran under et eget no. anført nemlig No. 14.<sup>64</sup>

Á aukapingi á Grund 26. janúar 1825 var rætt um skoðunar- og álagsgjörð Munkaþverárklosturs sem fram fór 16.–24. september 1824. Fram kom í fylgiskjali að rétt væri að geta tiltekinna eigna klostursins eða eins og segir:

Nota: Þess hefur ekki gád verid at minnast, at til klostursins liggja nokkur svoddan Appertinerntia, sem ekki mega ónefnd vera, þótt klostursins Hófudgardi fjærliggjandi seu, sakir þess, at hin sómu ei passandi anfærst géta vid þær hér á eptir fyrirhafandi Uttektir klostursins undirliggjandi Jarda, og hljóta því helst vid Hófudgardinn at umgétast; hvad þá skédur sem fylgir:

[...] d, Afréttar Land á Gardsárdal, Almenniur kallad, er til Lamba og Géldfjár Uppreksturs gratis brúkad af klostursins landsetum, sem haldist hefur af óminnilegri Tíð.

En Afrétt og Selstada á svokólludum Munkaþverár Túngum, fylgir í byggingu Hófudgardinum sjálfum.<sup>65</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að klausturjörðin Munkaþverá eigi hjáleiguna Borgarhól sem hafi verið lögð til heimajarðarinnar. Hún á selstöðu til fjalls og afrétt sem rúmlega nægir heimajörðinni. Síðan segir:

Undir jörd þessa liggur afréttardalur, er Almenniur er nefndur, en af honum hefir hún þó engin not, þar allar framannefndar klausturjardir [Grýta, Sigtún, Uppsali, Syðra-Laugaland, Ytra-Laugaland, Syðritjarnir, Ytritjarnir, Helgársel, Gröf] nema Helgársel hafa hans not til uppreksturs, hvör not ad liggja inni virðingum þær á þeim jörðum, hvörri ad sinni tiltölu; er afrétt sú ei meiri enn svari naumlega þörfum allra þeirra jarda, og það ei nema fyrir

---

<sup>63</sup> Skjal nr. 2 (222) a-b.

<sup>64</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>65</sup> Skjal nr. 2 (218) a-b.

---

sauðfé. Jörð þessi er hin lánögörðugasta og áhaldafrekasta í öllum hreppnum, eigi hér að notast.<sup>66</sup>

Í ársskýrslu Munkaþverárklostursjarða í Öngulsstaðahreppi frá 15. júní 1878 stendur:

Afrjettarland það sem undir jörð þessa liggur og Almennungur kallast, hafa klosturjarðir allar á Staðarbyggð, rjett til að nota, til uppreksturs fyrir búþening sinn geldfe [geldfe ofan línu] án þess að borga þar nokkuð fyrir, og er afrjettur þessi eigi svo stór, að hann fullkomlega nægi öllum jörðum þessum, sem að hann eigi til skaða verði ofsettur.<sup>67</sup>

Landamerkjabréf fyrir Almennung í Öngulstaðahreppi var útbúið þann 16. janúar 1883:

Að austan ræður milli Reykja í Fnjóskadal þröskuldur í Gönguskarði sunnanverðu, og þaðan eptir Skarðslæk vestur í Þverá.

Að vestan ræður Melrakkadalsá að norðan fram í Melrakkadalsbotn.

Að sunnan til miðra fjalla.

Þetta land er upprekstrarland Munkaþverárklosturjarða í Staðarbyggð fyrir utan Múkaþverá í Gróf og Skálpagerði.<sup>68</sup>

Stephán Stephensen umboðsmaður skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af A. Hallgrímssyni, eiganda Garðsár og Stepháni Stephensen, vegna jarðanna Reykja í Fnjóskadal og Helgársels, sem ásamt Almennungnum eru eign landsjóðs.

Ekki virðist vera minnst á Almennung í tengslum við jarðirnar í nágrenninu í *Byggðum Eyjafjarðar 1990*, nema við jörðina Garðsá.<sup>69</sup>

#### 5.4.1 Helgársel vegna Almennings

Helgá er að finna á meðal jarða Munkaþverárklosturs í máldagabók Auðuns biskups rauða frá 1318, í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar og í elsta hluta Sigurðarregisturs.<sup>70</sup> Í óársettri skrá, sem árfærð hefur verið til 1446, um reka og ítök Munkaþverárklosturs kemur fram að á meðal ítaka klostursins er:

Helgár lannd med helgu dal ok ollum sinum vm merkium.<sup>71</sup>

Í jarðaregistri Munkaþverárklosturs frá 2. júlí 1704 kemur fram að Helgársel sé hjábýli sem standi á afrétt í heimalandi klostursins.<sup>72</sup>

---

<sup>66</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>67</sup> Skjal nr. 4 (107).

<sup>68</sup> Skjal nr. 2 (39).

<sup>69</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990* II. Akureyri. 1993, bls. 1028.

<sup>70</sup> DI II, bls. 485; DI V, bls. 303; DI IX, bls. 309, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>71</sup> DI IV, bls. 698, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>72</sup> Skjal nr. 2 (217) a-b.

---

Helgársel er byggt í heimalandi Munkaþverárklosturs, á fornu selstæði þess í Helgárdal, eins og kemur fram í Jarðabók 1712.

Engið er smáfengið og slitrótt. Úthagarnir eru víðlendir og búgóðir. [...]

Þetta býli brúkar nú til slæгна Ólafur að Jódísarstöðum og það með áðursögðum byggingarkostum, því hann bjó hjer næstliðið ár og varð því ekki laus við kotið í næstliðnum fardögum.<sup>73</sup>

Í jarðamati 1804 segir um Helgársel, hjáleigu Munkaþverárklosturs, að jörðin sé nú tekin upp sem sérstök jörð, þar sem hún sé landfræðilega aðskilin frá Munkaþverá:

Denne Jord er her sat efter den geographiske Orden, fordi den beqvemmelig kan udgiøre en Jord for sig selv, da den ved et betydeligt stort Fiæld er adskilt fra Munkethveraae klosters övrige Land, og er den derfor blevet givet et eget No.<sup>74</sup>

Klausturjörðin Helgársel er hjáleiga Munkaþverárklosturs samkvæmt jarðamatinu 1849. Helgársel hefur eigin landamerki. Einnig kemur fram í matinu að Helgársel eigi eyðihjáleiguna Uppsali. Þar var frír upprekstur.<sup>75</sup>

Í álitsskýrslu Munkaþverárklostursjarða í Öngulsstaðahreppi frá 15. júní 1878 stendur í umfjöllun um Helgársel:

[...] jörð þessi ligur uppí dal þeim er kallast Garðsárdalur og ætti hún að áliti allra þeirra er best til þekkja, ~~að mínu áliti~~, að leggjast í eiði við næstu ábúenda skipti, því eptir sem tilhagar hjer í Eyjafjarðarsveit vantar afrjett handa búpeningi sauðfé [sauðfé ofan línu] manna og væri sveit þessari mesti hagur að því, að hafa land það alt, er jörð þessi hefur, framan af byggð til dala, fyrir afrjett handa sauðfjenaði.<sup>76</sup>

Landamerkjabréf fyrir Helgársel var útbúið þann 16. janúar 1883:

Að austan ræður Þverá merkjum á meðan hún fellur fyrir Helgárselslandi

Að sunnan ræður Melrakkadalsá merkjum allt frá Þverá og að upptökum hennar. Þaðan ræður fjallgarðurinn merkjum að vestan og norður gegnt Staðarvörðu. Að norðan er landamerki Staðarvarða, sem stendur í miðri fjallshlíðinni og stefna frá henni þvert við dalinn niður að smáhól í Þverárbakka og vestur í fjall, sem áður er sagt.

Stephán Stephensen umboðsmaður skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af A. Hallgrímssyni, eiganda Garðsár og Flóvent Sigfússyni, eiganda Öngulstaða.

Fyrir neðan þessar undirskriftir stendur:

---

<sup>73</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 298-299.

<sup>74</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>75</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>76</sup> Skjal nr. 4 (107).



---

Helgársel er sameign við Almenning að vestan hvorttveggja landssjóðs-eign.<sup>77</sup>

Í byggingarbréfi fyrir Helgárseli frá 23. apríl 1904 stendur um landamerki jarðarinnar:

Að austan ræður Þverá merkjum á meðan hún fellur fyrir Helgárselslandi.

Að sunnan ræður Melrakkadalsá merkjum allt frá Þverá, að upptökum hennar, þaðan ræður fjallgarðurinn merkjum að vestan og norður gegnt Staðarvörðu.

Að norðan eru landamerki Staðarvarða, sem stendur í miðri fjallshlíðinni og stefnir frá henni þvert við dalinn niður að Smáhól á Þverárbakka og vestur á fjall sem áður er nefnt.<sup>78</sup>

Með afsali dagsettu 8. júlí en óársettu seldi ríkið Helgársel, að undanskildum námum og vatnsafli, til ábúanda jarðarinnar. Fram kemur í skýrslu umboðsmanns um jörðina frá 12. september 1917 að í jarðabókunum sé hún ekki talin sérstaklega til hundraða heldur í sameiningu við Munkaþverá. Nokkru síðar, eða 6. október 1917, var útbúin lýsing fyrir jörðina og þar kemur fram að lítill og lélegur afréttur fylgi henni.<sup>79</sup>

Í fasteignamati 1916 stendur að landamerkjabréfi Helgársels hafi verið þinglýst 1883. Einnig kemur fram að jörðinni fylgi lítill afréttur sem gefi litlar tekjur.<sup>80</sup>

Fram kemur í færslu um Helgársel í Afsals- og veðmálabók Eyjafjarðarsýslu að samkvæmt skjali dagsettu 3.11.97 nr. 98/671 eigi Garður í Eyjafjarðarsveit beitarrétt fyrir hundrað fjár á sumrin í landi jarðarinnar.<sup>81</sup>

## 5.5 Möðruvellir

Í úrskurði Víga lögmanns í Skíðu í Noregi, frá 2. júní 1294, um jarðaskipti tveggja manna er minnst á nokkra Íslendinga og þ.á m. herra Þórð á Möðruvöllum. Umræddur herra Þórður mun vera Þórður Hallsson riddari á Möðruvöllum.<sup>82</sup> Guðmundur ríki á Möðruvöllum kemur við sögu í ýmsum Íslendingasögum.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram um Möðruvelli í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318:

hun a þridiung j heima landi. J skogum so mykid sem þarf til husa vmbota.<sup>83</sup>

Sömu upplýsingar koma fram í máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar. Ennfremur er talið upp að kirkjunni hafi lagst til landið að Björk fyrir

---

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (4).

<sup>78</sup> Skjal nr. 4 (109).

<sup>79</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>80</sup> Skjal nr. 2 (76).

<sup>81</sup> Skjal nr. 4 (44).

<sup>82</sup> DI II, bls. 282 og 1093, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>83</sup> DI II, bls. 449, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

stöpulgerð eftir Eirík bónda Magnússon ríka á Svalbarði.<sup>84</sup> Í vísitasíu Jóns biskups Vilhjálmssonar frá 1429 er getið um þriðjung úr heimalandi og svo mikið í skógum sem þurfi til húsabóta en ekki um landið að Björk til stöpulgerðar.<sup>85</sup> Hins vegar segir í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar að kirkjan eigi þriðjung í heimalandi, í skógum svo mikið sem þarf til húsa umbóta, Guðrúnarstaði og Björk.<sup>86</sup> Fram kemur í kirknareikningi bændakirkna í Hólabiskupsdæmi frá 1569 að kirkjan að Möðruvöllum eigi jarðirnar Guðrúnarstaði og Björk.<sup>87</sup>

Möðruvellir eru 100 hundruð og 40 hundruð betur að dýrleika samkvæmt skiptabréfi á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans sem bréfað var 2. september 1560.<sup>88</sup>

Fram kemur í vísitasíu Möðruvalla frá [um 1600]:

Hun a þridiung J heima landi, J skogum so mikid sem þarf til hvsabota, hun a gudrunarstadi og Biorck.<sup>89</sup>

Þetta er endurtekið í vísitasíum kirkjunnar frá 28. apríl 1685, 5. ágúst 1695, 30. júní 1749 og 28. ágúst 1761.<sup>90</sup> Í vísitasíum kirkjunnar frá 8. ágúst [1674] og 13. júní 1735 er hins vegar aðeins minnst á jarðirnar.<sup>91</sup>

Árið 1697, þann 6. september, á héraðsþingi að Hrafnagili í Eyjafirði, var upplesið kaupbréf fyrir Möðruvöllum, sem og gjörningsbréf fyrir 42 hundruðum í sömu jörð:

Framar auglyste og Skriflega upplas Monsr Magnús Biornsson sig keipt hafa alla Jordena Modruvelle i Eyafyr dj og Sialfrar Sinnar Kijrkiu sokn, ad Sal. Bijrne Magnussijne það ar 1693 dag 30. Aug. ad Mukaperaar Claustre fijrer óanefnda fasteign, so sem það kaup brief sier Lijkast hermer, Huort Kaup Biorns Magnussonar Elskulegur Sonur Gudbrandur Biornsson Samþickt hafe. Þessu næst var upplesid gjörnings brief mille Magnusar Biornssonar og Gudbrandz Biornssonar a 42 hundrudum i jordinne Mödruvollum i Eijafijrde og efterskrifudum Jordum Samtijne [svo] i Kræklijngahlid, Ulfá i Eijafirde og Kotá i Hrafnagilshrepp.<sup>92</sup>

Árið 1701, þann 7. júní að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesin lögfesta fyrir hluta jarðarinnar Möðruvalla, en inntak hennar kemur þó ekki fram:

---

<sup>84</sup> DI III, bls. 516-517 og 815, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>85</sup> DI IV, bls. 378, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>86</sup> DI V, bls. 307, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>87</sup> DI XV, bls. 343, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>88</sup> DI XIII, bls. 520. Sjá einnig DI XV, bls. 292 þar sem talað er um 100 hundruð og 35 hundruð, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>89</sup> Skjal nr. 2 (111).

<sup>90</sup> Skjöl nr. 2 (113), 2 (114), 2 (117) og 2 (118).

<sup>91</sup> Skjöl nr. 2 (112) og 2 (116).

<sup>92</sup> Skjal nr. 2 (119) a-b.

---

Upplesinn logfesta af Olafe Palssyne fyrir þeim parte Jardarinnar Modruvalla j Eyjafirde sem heidurlegum sr. Olafe Stephanssyne vidvijkur med tilteknum landamerki, so sem su logfesta (nu uppaskrifud) sier liosast Jnnehelldur.<sup>93</sup>

Árið 1705, þann 21. september, á héraðsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesið umboðsbréf fyrir samtals 38 hundruðum í Möðruvöllum, sem og fyrir tengdum jörðum og landsvæðum:

Upplesed umbodsbref Jone Stefanssijne fijrer 30 h(undruðum) og 8 h(undruðum) i Jordene Modruvöllum og 15 h(undrudum) i heimalande Skridu, Jtem þrem hudrudum i Kalfagerde, somuleidis yfer Agnuastadalande og Eingiunum fyrir vestann ána i Solvadal, datum breffsins Hrafnagile i Ejafirde dags 1. July 1705.<sup>94</sup>

Möðruvellir eru kirkjustaður, „anecteraður með Grund“, samkvæmt Jarðabók 1712. Jörðin er mjög verðmæt, og að fornu metin á „tvenn tíutíu hundruð með öllum heimalöndum, sem undir jörðina liggja“, en til 80 hundraða þegar jarðabókin var skrifuð.<sup>95</sup> Jörðin á afréttarland á Sölvadal, í Sölvadalstungum.

Afrjettarland á staðurinn framm úr Sölvadal, sem heitir Sölvadalstúngur, og brúkast af öllum ábúendum Möðruvalla eigna til uppreksturs fyrir lömb og geldfje, og so eru þángað stundum látnir hestar á sumur.<sup>96</sup>

Möðruvöllum tilheyra auk þeirra jarða sem áður eru taldar, hjáleigurnar *Sveinshus*, *Fiosakot* (sjá Hríshóll/Fjósakot), *Kalfagerde* (sjá Kálfagerði), *Helgastader* (sjá Helgastaðir) og eyðihjáleigan *Sofiugerde*.<sup>97</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1712, við jörðina Ánastaði, kemur fram að eyðibýlið Agnúastaðir sem séu fornt eyðiból í landi jarðarinnar, liggi undir Möðruvelli. Segir svo í jarðabókinni:

Þetta eyðiból liggur undir Möðruvelli í Eyjafirði og hefur nú í eyði legið undir 60 ár, og atla menn að það væri þar fyrir skamma stund bygt, þó eru hjer litlar girðingar í kríng. Byggíngarkosti vita nálægir ekki að undirrjetta, meina þá þó alllitla. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi. Landið brúkar til beitar ánastaða ábúandi og geldur þar fyrir x álnir í landaurum til umboðsmanns heimajarðarinnar.<sup>98</sup>

Sjá nánar um Agnúastaði við jörðina Ánastaði.

Árið 1725, þann 3. júlí á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesin lögfesta fyrir eign séra Ólafs Stefánssonar í Möðruvöllum, til ystu ummerkja, á móti öðrum:

---

<sup>93</sup> Skjal nr. 2 (120) a-b.

<sup>94</sup> Skjal nr. 2 (121)a-b.

<sup>95</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 274.

<sup>96</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 276.

<sup>97</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 276-278.

<sup>98</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 270.

---

Var Upplesenn logfesta under nafne prestsins S<sup>r</sup> Þorsteins Ketelssonar í hvorre hann logfester Eign profastsens S<sup>r</sup> Olafz Stephanssonar í Modruvøllum, til Jstu ummmerkia Mote odrumm þeim er þar ásamt honumm eiga land í ad ord fullu og Logmale fullu.<sup>99</sup>

Í vitnisburði til sýslumanns frá 1739 vekur umboðsmaður eigna Möðruvalla, athygli á því að hann hafi í sextán ár byggt Ánastaðamönnum Agnúastaði og tungurnar fyrir vestan ána í Sölvadal. Hann hafi tekið við umboðinu 1723 og á grundvelli umboðsbréfsins ætlað þetta vera afréttarland Möðruvalla. Hann hafi hins vegar ekki skjöl undir höndum sem styðji það. Magnús Björnsson geri hins vegar tilkall til þessa lands, án þess þó að leggja fram gögn í málinu. Á meðan svo sé og engin gögn lögð fram muni hann ekki sleppa hendinni af landinu fyrir hönd Möðruvalla. Vegna þess lögfestir hann því Möðruvelli 30. apríl 1739 með eftirfarandi bréfi:

Løgfeste jeg Þorsteirn pr. Ketilsson, her i dag á Saurbæjar þingje, það allt í Mødruvøllum, sem S<sup>r</sup> Olafe Stephanssyne med riettu tilheijrer, i þeirre jørd móts ved adra Eigendur. Nefnelega 1° 38 h(undruð) i siálfre heima Jørdunne hvar i ad reiknast vikuverked sem sudur og vestur frá Bænum liggur. 2° 15 h(undruð) i heimalandenu Skridu. 3° þriú hundrud i Kaalfagerde. 4° adurnefda Agnúastade, og Túngurnar fyrer vestann ána í Sölvadal og øll itøk Mødruvalla, sem S<sup>r</sup> Olafe vidkoma, efter rettre tiltølu. Jtem løgfeste eg Mødruvalla kyrkiu Jarde bádard Gudrúnarstade, og Biørk, Løgfeste eg allra þessara jarda hundrada hús, Tún og Eingiar, hollt og haga, og allar landsnytiar, sem þar med eiga rettilega ad fylgia, til ummmerkia þeirra, er adrer menn eige i móte Proprietario, bæde ad ordfullu og løgmále riettu.<sup>100</sup>

Árið 1739, þann 30. apríl, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplestin lögfesta séra Ólafs Stefánssonar fyrir jörðina Möðruvelli og hennar ítök, sem taka til Agnúastaða og tungnanna fyrir vestan, fram á Sölvadal:

5. Upplesenn Logfesta vel Ehruverdugz Profastsenz S<sup>r</sup> Olafs Stefanssonar J Jordunne Mødruvøllum i Eyafirde, og hennar jtokum, hvar med nefnder eru Agnúastader og tungurnar fyrer vestann fram a Sölvadal med vijdara, Dat. 29. April 1739.<sup>101</sup>

Til er lögfesta Möðruvalla sem árssett hefur verið frá því um 1743:

Logfeste eg so mikid ur Eingenu sem tala rennur til uppa 8 h(undruð) partinn Nordur tunsins. Logfeste eg fasta Eign Kyrkiunnar ad Modruvøllum, ad so miklum parte sem Erfingium velnefndz Sal: Profastsinz tilkemur. logfeste og agnua [ofan línu] ~~an~~astada og tungulanded a Solvadal fyrer ollum ólöglegum

---

<sup>99</sup> Skjal nr. 2 (122) a-b.

<sup>100</sup> Skjal nr. 2 (64) a-b.

<sup>101</sup> Skjal nr. 2 (123) a-b.

---

yfergange. Logfeste eg ad ordfullu og logmæle rettu, fyrirbyd eg hverium manne hedan af i ad vinna edur sier ad njta, nema mitt sie lof edur leife til.<sup>102</sup>

Lögfesta Möðruvalla var lesin upp á manntalsþingi í Saurbæ 26. maí árið 1755 og hljóðar svo:

Lögfeste eg hennar Tún og Einge, efter fornumm skiftumm, sömuleidis allann úthaga, Eign Rietta, og itök i annara Jarda löndumm, Efter sem ad Riettre tiltölu Reiknast má, i Efterskrifud landamerke, ad utannverdu frá Sandgile Riettljnis úr fialle, til Eyafiardar áar, Enn ad Sunnann i þann gamla gard sem liggur frá Núpárgile i fiall upp, fijrer sunnann Hlijfá i logne ur Núpár gilz gliúfre til Eyafiardar áar [innskot frá spássíu], ad hier frá Skilldum þeim pörtumm i Nefndu landi, sem hiáleigunumm Möðruvallna tilheira Efter Riettre Tiltölu, og adrer Eigendur ad Eru, Jtem lögfeste eg Nefndrar Jardar af Riett, sem ad fornu og Niju henne filgt hefur, Nefnelega frá Sandá framm ad Hrauná, Sölvadal millumm þeirra, fyrer austann Sölvadz á, Jtem Sandárdal allann fyrer vestann framm, ásamt Hraunárdal allann bádu meigenn, og frá Hrauná framm i dalz drag, beggia vegna, heim i þann gamla gard sem tilsiest hefur, hiá so kölludum Hrafnabiörgumm, og kalladar Eru Hraunár Túngur.<sup>103</sup>

Lögfesta fyrir Möðruvelli var þinglesin að Saurbæ í Eyjafirði 4. maí 1770. Hún er því sem næst samhljóða þeirri frá 1755. Um réttindin segir:

Jtem Lögfeste eg nefndrar Jardar af Rett sem ad fornu og nyu henne filgt hefur, nefnelega frá Sandaa frammad Hrauná, Sölvadal millumm þeirra fyrer austann Sölvadals á, Jtem Sandárdal allann fyrer vestann framm, ásamt Hraunárdal allann bádu megin, og fra Hrauná framm i Dalsdrag beggia vegna, heim i þann gamla gard sem tilsiest hefur hiá sokölludumm Hrafnabiörgumm, og kalladar eru Hraunár túngur.<sup>104</sup>

Árið 1775 þann 17. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesin lögfesta fyrir Möðruvöllum. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>105</sup>

Fram kemur í lögfestu Möðruvalla, þinglesinni að Saurbæ 1. júní 1777:

Jtem lögfeste eg nefndrar Jardar af Rett sem ad fornu og niju henne filgt hefur nefnel. frá Sandaa framm ad Hrauná Solvadal millumm þeirra fyrer austann Sölvadalsaa, Eirnig Sandárdal allann firer vestann framm á Samt Hraunardal allann bádu meigenn, og frá hrauná, beggia vegna framm i dals drag og heim á móts vid hrauná Riett sijnis úr hennar gliufrumm, hver næst nefndur af Rettur kalladar eru Hraunaar Túngur.<sup>106</sup>

---

<sup>102</sup> Skjal nr. 2 (65) a-b.

<sup>103</sup> Skjal nr. 2 (68) a-b.

<sup>104</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b.

<sup>105</sup> Skjal nr. 2 (124).

<sup>106</sup> Skjal nr. 2 (66) a-b.

---

Árið 1780 þann 8. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesin lögfesta fyrir Möðruvöllum:

Item Lögfeste eg Nefndrar Jardar af Rett sem ad fornu og Nýu henne filgt hefur, Nefnel. frá Sandaa, framm ad Hraunaa, Sölvadal millumm þeirra fyrer austann Sölvadals aa, Eirinig Sandárdal allann fijrer vestann framm, ásamt Hraunaardal allann báduumm meigenn frá Hrauná beggia vegna framm i dals drag, heim á mótz vid Hraunaa, Riett lijnis úr hennar gliúfrumm, hvör Nærst nefndur afrettur kalladar Eru Hraunár Túngur.<sup>107</sup>

Ólafur Sigurðsson á Möðruvöllum keypti þann 20. júní 1786 Ánastaði í Sölvadal ásamt eyðijörðinni Agnúastöðum með öllum eignum og ítökum af Ásgrími Magnússyni á Kerhóli.<sup>108</sup> Þetta virðist stangast á við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, þar sem segir að Agnúastaðir liggja undir Möðruvelli en sé nýtt af ábúanda Ánastaða, en gæti komið heim og saman við deilu við eiganda Ánastaða árið 1739, og getið er um hér framar.

Í jarðamati 1804 segir um Möðruvelli, að jörðinni tilheyri afréttur sem 10 jarðir noti yfir sumartímenn, án endurgjalds. Venjan um þessar slóðir sé hins vegar að greitt sé fyrir slíkan aðgang með einu lambi frá hverri jörð.

I en Jorden tilhörende Afreet indtages til Græsgang om Sommeren Lam fra 10 fremmede Gaarder, hvorfore en lang Tid intet er bleven betalt, ellers er den sædvanlige betaling herfor andre Stæder 1 Lam fra hver Jord.<sup>109</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849 eiga Möðruvellir afrétt sem einu nafni kallast Sölvadalstungur.<sup>110</sup>

Árið 1861, þann 23. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var lesin upp lögfesta, með hverri sá partur af Sölvadalsafrétt, er tilheyrir Möðruvöllum og Ánastöðum, er friðlýstur.<sup>111</sup>

Landamerkjabréf fyrir Möðruvelli var útbúið 28. apríl 1886 og því var þinglýst 24. maí 1888:

Að austan eða neðan við Helgastaðaland milli Möðruvalla og Helgastaða: Ur vörðu syðst og efst við svo nefndan „Ytristekkjarkjól“ eptir merkjum sem eru beint í vörðu á myri neðan við áður nefndan hól og þaðan í vörðu sem þar er norður undan í svonefndum Kvíslárbakka. A milli Möðruvalla og Kálfagerðis að vestan við Kálfagerðisland, eða að neðan frá vörðu utan og ofarlega á svo nefndum „Syðristekkjarkjól, beint strik í vörðu, sem er syðst og efst við áður nefndan syðri Stekkjarkjól, og frá honum eptir merkjum beint strik í vörðu, sem er syðst og efst við svo nefndan Krosshríshól, – sem er skammt fyrir utan og neðan Möðruvallatún, – og frá henni beint strik yfir hól, sem er

---

<sup>107</sup> Skjöl nr. 2 (67) a-b og 2 (125) a-b.

<sup>108</sup> Skjal nr. 2 (59) a-b.

<sup>109</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2 (175) a-b.

---

næst fyrir sunnan Kálfagerðislækjargil í svo nefndan „neðrihnjúk“ í fjallinu; en fyrir ofan melana, sem eru næst fyrir ofan bæina er óskipt beitiland milli Möðruvalla og Kálfagerðis.

Að sunnan milli Möðruvalla og Fjósakots eru merki beint strik frá vallargarðinum fyrir ofan götuna yfir melhól sunnan við svonefnda „Hólshúsalaus“ syðst í svo nefndan, Hríthól. Þar fyrir ofan er hið óskipta beitiland Möðruvalla, Kálfagerðis, Helgastaða, Fjósakots og Skriðu.

En frá vallargarðinum ofan við götuna, eptir austari eða efri traðargarðinum, suður í vöðru upp undan svo nefndum „Sundpolli“ og frá henni beint strik í grjótvörðu í svonefndum „Sundpollsmel“ og frá henni beint strik suður í garðlag á bakka Nupáreyra, ofan undan Fjósakoti og þaðan suður eyrarnar fast við bakkan á Nupáreyrum, suður í miðjan Nupárgilskjapt, og þaðan eru merkin í milli Möðruvalla og Núpufells í hinn gamla árfarveg rjettlynis að Eyjafjarðará yzt á móts við svo nefndan „Keppsteig“, eða sem nú er nefndur Sauðhúshvammur, sem verður bein stefna í Gerðagil í Hvassafellsfjall (utanvert við Saurbæarvöll). Að vestan verðu er Eyjafjarðará landamerki. Landamerki milli Möðruvalla og Skriðu á svonefndum „Steingrímsmó“ að norðan eða utan frá Nupáreyrum í garðlag utan við stóran stein í holtinu ofan við móim, og frá honum beint strik suður í stein, sem stendur suður í hallinum í sama holti, og frá honum eru merki á milli Möðruvalla og Stekkjarflata ofanvið Nupáreyrina. Að austan eru merkin eptir háfjallinu. Afrjettarland á jörðin frá Sandá, allan Sölvadal að austan og Sandárdal að vestanverðu og Hraunárdal allan báðu megin og þaðan suður á fjall, að svo nefndu „Laugafelli“.

Fjósakot hefir óátalið brúkað sambeit í Nupárhólmum eptir fornri hundraðatölu jarðanna Möðruvalla og Fjósakots, að svo miklu leyti, sem þeir ekki hafa verið brúkaðir til slægna frá Möðruvöllum.

Einnig hafa hinar fornu hjáleigur jarðarinnar brúkað afrjettarland hennar handa geldpeningi sínum á sumrum borgunarlaust.<sup>112</sup>

Marselia Kristjánsdóttir eigandi Möðruvalla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Davíð Kristjánssyni, í umboði Kálfagerðiseiganda Flóvents Sigfússonar, Jóni Jónssyni, eignar- og umráðamanni Æsustaða, Þ. Thorlacius, í umboði Stekkjarflataeiganda, Árna Jónssyni, eiganda og umráðamanni Helgastaða og Skriðu, Benedikt Jóhannessyni, í umboði Fjósakotseiganda, Ólafi Þorsteinssyni, eiganda hálfra Ánastaða og Sigfúsi E. Thorlacius, eiganda að Núpufelli.

Í kaflanum um Möðruvelli í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerkjalyking hafi verið lögð fram í eftirriti. Einnig kemur fram að jörðinni fylgi upprekstrarlöndin; Sölvadalur, Hraunárdalur og Hraunártungur. Jörðin hafi ekki tekjur

---

<sup>112</sup> Skjal nr. 2 (182).

---

af þeim. Auk þess stendur að frían upprekstur á afrétt jarðarinnar eigi hinar fornu hjáleigur og kirkjujarðir.<sup>113</sup>

### 5.5.1 Helgastaðir

Hér verður fjallað um heimildir um Helgastaði að því leyti sem þær varða kröfusvæði vegna Möðruvallaafréttar.

Helgastaðir eru skráðir sem hluti heimajarðarinnar Möðruvalla í Jarðabókinni 1712. Vísast til hennar um gögn og gæði jarðarinnar, auk þess sem að neðan segir.

Engið er og so stórlega fordjarfað af skriðum. [...]

Aðrir kostir og ókostir sem segir um heimajörðina.<sup>114</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849 eiga Helgastaðir vegna siðvenju upprekstur á Sölvadalstungum. Einnig kemur fram að jörðin er landamerkjalaus á aðra hliðina.<sup>115</sup>

Landamerkjabréf fyrir Helgastaði var útbúið þann 20. maí 1886:

Einnig hefir Helgastaðabóndi haft frírekstur fyrir geldpening sinn á Möðruvalla afrjetti borgunarlaust.<sup>116</sup>

Árni Jónsson eigandi Helgastaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Vigfúsi Gíslasyni, í umboði Marselíu Kristjánsdóttur, eiganda Möðruvalla og Guðrúnarstaða.

Í fasteignamatinu 1916 stendur að landamerkjabréf Helgastaða hafi verið þinglesið 20. maí 1886.<sup>117</sup>

### 5.5.2 Kálfagerði

Hér verður fjallað um heimildir um Kálfagerði að því leyti sem þær varða kröfusvæði vegna Möðruvallaafréttar.

Kálfagerði er skráð sem hluti heimajarðarinnar Möðruvalla í Jarðabókinni 1712. Vísast til hennar um gögn og gæði jarðarinnar.

Kostir og ókostir sem áður segir um heimastaðinn, nema hvað Kálfagerðislækur skemmir engið með grjóts og sands áburði.<sup>118</sup>

Í lögfestu hluta Möðruvalla frá 30. apríl 1739 kemur fram að honum fylgi eigi 3 hundruð í Kálfagerði. Nánar um lögfestuna í kaflanum um Möðruvelli.

Lögfesta fyrir Möðruvelli var útbúin 1770.<sup>119</sup> Minnst er á hjáleiguna Kálfagerði. Nánar um lögfestuna í kaflanum um Möðruvelli.

---

<sup>113</sup> Skjal nr. 2 (51).

<sup>114</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 278.

<sup>115</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>116</sup> Skjal nr. 2 (17).

<sup>117</sup> Skjal nr. 2 (76).

<sup>118</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 277.

<sup>119</sup> Skjal nr. 2 (69) a-b.



---

Samkvæmt jarðamatinu 1849 á Kálfagerði var vegna venju upprekstur á Sölvadalstungum. Einnig kemur fram að jörðin hefur ekki sér landamerki. Hún er þó ekki hjáleiga.<sup>120</sup>

Fram kemur í Jarðatali Johnsens að árið 1802 hafi Kálfagerði fyrst verið talin sem sérstök jörð.<sup>121</sup>

Landamerkjabréf fyrir Kálfagerði var útbúið þann 4. maí 1886:

Bithagi er óskiptur milli jarðanna, einnig á Kálfagerðis-bóndi fráan upprekstrarrétt fyrir geldpening sinn á Möðruvallaafrétt í Sölvadal.<sup>122</sup>

F. Sigfússon, eigandi Kálfagerðis, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Árna Jónssyni, eiganda Helgastaða, Vigfúsi Gíslasyni, umboðsmanni eigenda Möðruvalla og Marselíu Kristjánsdóttur.

Í fasteignamatinu 1916 stendur að landamerkjabréf Kálfagerðis hafi verið útbúið 5. apríl 1886 og þinglesið 20. maí 1886.<sup>123</sup> Ekkert er minnst á afréttarréttindi í jarðamatinu.

### 5.5.3 Hríshóll (áður Fjósakot)

Hér verður fjallað um heimildir um Hríshól að því leyti sem þær varða kröfusvæði vegna Möðruvallaafréttar.

Fjósakot er skráð sem hluti heimajarðarinnar Möðruvalla í Jarðabókinni 1712. Vísast til hennar um gögn og gæði jarðarinnar.<sup>124</sup>

Í jarðaskiptabréfi frá 29. apríl 1739 kemur fram að Fjósakot sé hjáleiga Möðruvalla.<sup>125</sup>

Í jarðamati 1849 kemur fram að jörðin á fráan upprekstur á Sölvadalstungur. Jörðin hefir fráan upprekstur á Sölvadalstungur.<sup>126</sup>

Fram kemur í Jarðatali Johnsens að árið 1802 hafi Fjósakot fyrst verið talin sem sérstök jörð.<sup>127</sup>

Fjósakot ásamt Sveinshúsi og Kálfagerði hafa áður verið taldar hjáleigur Möðruvalla, en teljist nú sjálfstæðar jarðir, segir í jarðamati 1804.<sup>128</sup>

Nafnbreyting var á jörðinni árið 1964, og heitir hún Hríshóll eftir það.<sup>129</sup>

---

<sup>120</sup> Skjal nr. 2 (75).

<sup>121</sup> Skjal nr. 4 (9).

<sup>122</sup> Skjal nr. 2 (18).

<sup>123</sup> Skjal nr. 2 (76).

<sup>124</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 277.

<sup>125</sup> Sjá skjal nr. 2 (B.9.1. *Alþingisbækur XII*. Reykjavík. 1971, bls 504).

<sup>126</sup> Skjal nr. 2 (216).

<sup>127</sup> Skjal nr. 4 (9).

<sup>128</sup> Skjal nr. 2 (162).

<sup>129</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990 II*, bls. 894.

## 5.6 Æsustaðir og Æsustaðatungur

Æsustaða er getið í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 í umfjöllun um Möðruvallakirkju.<sup>130</sup> Vitnisburður tveggja manna, sem sáu á handaband Ólafar Jónsdóttur, eiginkonu Sigurðar Sturlusonar, og Þorvaldar Árnasonar, var bréfaður 16. júlí 1524. En með því gaf hún öldungis kvittan um öll þeirra skipti um jörðina Æsustaði og alla aðra peninga eftir Jón Jónsson og Sigríði Árnadóttur foreldra hennar.<sup>131</sup> Þorvaldur Árnason ættleiddi Björn son sinn til alls fjár eftir sig, þ. á m. jörðina Æsustaði. Systir Þorvalds og mágur samþykktu gerninginn sem var bréfaður 8. júní 1529.<sup>132</sup> Þann 26. nóvember 1568 áttu þeir Þorvaldur Björnsson og séra Björn Gíslason með sér jarðaskipti. Í hlut séra Björns kom öll jörðin Æsustaðir 100 hundruð að dýrleika með öllum gögnum og gæðum sem jörðunni átti að fylgja til ystu ummerkja annarra manna.<sup>133</sup>

Eftirfarandi segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712 um haga Æsustaða:

Úthagarnir eru bæði litlir og hrjóstrugir, og er því helmíngur engisins lagður undir beit, og er því sá heyskapur, sem þar mætti vera, ekki jörðunni áður talinn, hvað nálægir til geta að verða mundi undir kýrþúngi, ef engið væri varið.<sup>134</sup>

Árið 1782, þann 15. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesin óðalslýsing fyrir Æsustaði, ásamt forboði um sölu á 6 hundruðum Þorgerðar Jónsdóttur á hennar eignahlut í jörðinni:

7. var upplesinn Ódals lijsing Jóns á Æsustöðum af Dags dato, samt forbod til Eckiunnar Þorgerdar Jonsdottur að selia odrum enn sier hennar sex hundrud i Æsustodum og frammbjrdur peninga til jnnlausnar.<sup>135</sup>

Árið 1788, þann 26. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, voru upplesnar lögfestur nokkurra jarða í Eyjafirði, þ.á.m. fyrir Æsustöðum. Inntaks lögfestunnar er ekki getið:

Upplesnar logfestur fyrir Saurbæ, Æsustada; Gullbrecku [...] Actum ut supra. J. Jacobson mpp, Paall Paalsson, Jon Jonsson, Olafur Sigurdsson, Jonas Thomasson, Pall Jonsson, David Thomasson, Biarne Jonsson, Olafur Þorlaksson.<sup>136</sup>

Í jarðamati 1804 kemur fram að afréttur liggi í landi Æsustaða, sem fjórir bæir nýti sér.

<sup>130</sup> DI II, bls. 450, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>131</sup> DI IX, bls. 228. Sjá einnig um sama mál DI IX, bls. 387-388 og 409, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>132</sup> DI IX, bls. 491. Sjá einnig DI X, bls. 621, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>133</sup> DI XV, bls. 161. Sjá einnig DI XV, bls. 165, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>134</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 264.

<sup>135</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>136</sup> Skjal nr. 2 (141) a-b.

---

I Jordens Land ligger en Afret, hvorpaa Lam indtager til Græsgang om Sommeren, Lam fra 4 Jorder.<sup>137</sup>

Samkvæmt jarðmatinu 1849 dugar afrétt Æsustaða í Æsustaðatungum framaf Sölvadal jörðinni rúmlega til heimilisþarfa.<sup>138</sup>

Í Jarðatali Johnsens er í greininni um Æsustaði minnst á afrétt fyrir lömb frá fjórum bæjum.<sup>139</sup>

Landamerkjabréf fyrir Æsustaði var útbúið á Æsustöðum þann 21. janúar 1890 og á Akureyri þann 13. maí sama ár og því var þinglýst 17. maí 1892:

Sömuleiðis fylgir Æsustöðum afrjettarland það fram af Sölvadal sem Aðaltungur nefnast, eða Æsustaðatungur öðru nafni og eru merkjatakörk þessi: Að norðan Kollhóll, sem er lítið eitt fyrir framan Þormóðsstaðaá, þar sem hún fellur í Sölvadalsá, að sunnan eru klettur þeir, sem Hrafnbjörg nefnast, merkjatakörk og eru þeir nokkru framar en í miðjum dalnum.<sup>140</sup>

Eggert Laxdal skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði B. Kristjánssonar prófests. Það var samþykkt af Páli Pálssyni, er handsalaði vegna Æsustaðagerðis, Jóni Jóhannessyni, sem samþykkti vegna Hrísa, Davíð Ketilssyni, sem samþykkti fyrir hönd Hallgríms Thorlacius, Sigfúsi P. Thorlacius, sem samþykkti vegna Núpufells, Jóhannesi Ólafssyni, á Skriðu, sem samþykkti vegna Möðruvalla, Randveri Bjarnasyni, sem samþykkti vegna Arnarstaða, P. Thorlacius, sem samþykkti fyrir hálfu Arnarstaði fyrir hönd Helgu Jóhannesdóttur og Pálma Jónssyni og Vilborgu Pjetursdóttur, en þau samþykktu vegna Æsustaða.

Í kaflanum um Æsustaði í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að jörðinni fylgi afrétturinn Æsustaðatungur en hann gefur litlar tekjur af sér.<sup>141</sup>

Svohljóðandi bann var gefið út 5. júní 1916:

Við undirritaðir bönnum hér með öllum upprekstur í afréttarlönd okkar Æsustaðatungur og Núpufellsdal. Sömuleiðis bönnum við alla vetrararbeit fyrir fé og hesta í þessum afréttum.<sup>142</sup>

Niels Sigurðsson og Þórður Daníelsson skrifuðu undir skjalið. Því var þinglýst níu dögum síðar.

Í gögnum vegna hæstaréttarmáls nr. 128/1967 (Nýjabæjarafrétt), sem lyktaði með dómi 26. apríl 1969, er að finna frumvarp til samþykktar um fjárleitir á öræfunum millum Skjálfafljóts að norðan og Jökulsár eystri í Skagafirði að vestan frá [1912]. Þar stendur:

Ummerki leitarsvæðisins eru: Að austan Skjálfafljót, að sunnan Tungnafellsjökull, Jökuldalur og sandarnir sunnan við þær hagategjur, er

---

<sup>253</sup> Skjal nr. 4 (100).

<sup>254</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990* II, bls. 928.

<sup>255</sup> Skjal nr. 2 (31).

<sup>256</sup> Skjal nr. 2 (76).

<sup>257</sup> Skjal nr. 4 (116).

---

liggja að Jökuldal (Fjórðungskvísl), og þaðan í Arnarfellsjökul. Að vestan Hofsjökull og Jökulsá hin eystri í Skagafirði. Að norðan Fossá og suðvesturmörk afréttanna, suður af Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, austur að Skjálfafljóti.

Leitarsvæði þetta skiptist í tvær leitir. Jökuldalsleit austan til og Laugafellsleit vestan til. Takmörk milli leita þessara eru: Háöldurnar vestan við Kiðagilsdrög og suður fyrir botn þeirra, síðan suður háöldurnar austan við Bergsstaðakvísl (Þjórsárvísl), og þaðan vestan Þjórsárvíslar í Arnarfell.<sup>258</sup>

Fram kemur að notendur heimaafréttar Öngulsstaðahrepps, Saurbæjarhreppsmenn og sýslusjóðir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna skyldu taka þátt í kostnaði við Laugafellsleit.

Fjarleitarsamþykktin skyldi gilda í fimm ár. Hún var samþykkt af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu í mars 1912 og af sýslumanninum 25. mars sama ár.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>259</sup> Steingrímur Jónsson sýslumaður Þingeyjarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 6. apríl 1920. Eftir að hafa talið upp „almenninga“ á öræfum í sýslunni segir hann að af öðrum „afréttarlöndum“ megi nefna Bleiksmýrardal suður af Fnjóskadal. Svarið virðist byggt á eigin þekkingu sýslumanns því ekkert kemur fram um að það sé byggt á svörum hreppstjóra eða oddvita.<sup>260</sup>

Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði stjórnarráðinu með bréfi dagsettu 27. september 1920 en þar segist hann hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.<sup>261</sup> Svarbréf Hallgríms Hallgrímssonar, hreppstjóra í Öngulstaðahreppi, er dagsett 21. febrúar 1920. Þar kemur eftirfarandi fram:

Að vestanverðu við Garðsárdal og fyrir framan Helgárselsland, liggur afrjettarland, sem kallað er Almennigur. Afrjettur þessi var talinn að heyra undir landsjóðsjarðir hjer í hreppi áður en þær voru seldar nú fyrir nokkurum árum, og fylgja afnot hans til uppreksturs þeim óefað enn, og víst er um það, að engri einstakri jörðu fylgir hann.

Afrjettur þessi nær fram í dalbotn og út að Gönguskarði að austan. Þverá hin ytri hefir upptök sín í þessum dalbotni, er þar mjög vatnslítill, en smá vex af lækjum sem renna í hana á leiðinni niður í byggð. Engir fossar munu vera í á þessari á því svæði, sem hún rennur fyrir Almenningi. Stærstir lækir sem í

---

<sup>258</sup> Skjal nr 4 (117).

<sup>259</sup> Skjal nr. 2 (177).

<sup>260</sup> Skjal nr. 2 (179).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2 (178).

---

hana falla, eru á austur Almenningi og heita fremri og heimari Hafrá; þeir falla bratt með smá-fossum, en mjög vatnslitlir. Milli Almennings og Helgárselslands fellur Melrakkadalsá; rennur hún í Þverá, fellur bratt, en fossar ekki teljandi.

Önnur afrjettarlönd hreppsins tilheyra einstökum jörðum.<sup>262</sup>

Bréf Benedikts Einarssonar, hreppstjóra Saurbæjarhrepps, er dagsett 8. mars 1920. Þar kemur eftirfarandi fram:

[...] allir afrjettir hjer í hreppi eru einstakra manna eign, en almenningar eru hjer engir.

Um öræfin fram af Eyjafirði er það að segja, að í landamerkjabrjefi jarðarinnar Möðruvalla stendur, að sú jörð eigi land fram öræfin, alt fram að „Laugarfelli“, en óvíst er hvort greinileg merki eru til umhverfis landeign þessa. – Ekki er mjer kunnugt um, að aðrar jarðir hjer í hreppi tileinki sjer land þar suður frá.<sup>263</sup>

Fram kemur í *Sýslu- og sóknarlýsingum* að afréttir í Möðruvallasókn séu Sölvadalurinn fram frá Ánastöðum og Þormódsstaðadalur fram frá Þormódsstöðum. Auk þeirra eru Núpufellsdalur og Æsustaðatungur sem tilheyra bæjum þeim sem heita sömu nöfnum.<sup>264</sup>

Í skýrslunni *Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959* stendur:

Afréttarskrá skal geymd í skjalasafni sýslunnar. Sjá hér 6. gr. laga nr. 42/1969. Sjá síðan ljósrit af upplýsingum um afréttir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959. Í skrá þessa vantar heimildir um hvaða jarðir eiga upprekstur í hvern afrétt. Eldri skrár munu ekki vera til skv. upplýsingum sýslumanns.<sup>265</sup>

Í bréfi frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu, sem er svar við fyrirspurn um afréttarlönd í sýslunni þann 1. ágúst 1979, var eftirfarandi afréttarlisti:

Afréttir í Saurbæjarhreppi

1. Afréttir í Sölvadal

1. Bjarkarland að merkjagirðingu milli Stekkjarflata og eyðibýlisins Bjarkar. Heyrir undir Möðruvelli
2. Finnastaðaland með Illagilsdal að norðan. Eigendur: Ábúendur allra jarða í Möðruvallaplássi, ásamt eigendum Akurs-Rútsstaða í Öngulstaðahreppi.
3. Kerhólsland með Illagilsdal að sunnan. Að hálfu eigendur Eyvindarst. í Sölvadal, og að hálfu eigendur Rútsstaða – Akurs í Öngulstaðahr.

---

<sup>262</sup> Skjal nr. 2 (181).

<sup>263</sup> Skjal nr. 2 (180).

<sup>264</sup> Jón Jónsson. „Grundar- og Möðruvallasókn“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri. 1972, bls. 193.

<sup>265</sup> Skjal nr. 4(2).



- 
4. Ánastaðaland með Sandárdal að norðan. Eigendur: Jón Kristjánsson Fellshlíð, Grétar Rósantsson Kálfagerði, Hreinn Kristjánson Hríshóli.
  5. Sandárdalur að sunnan Hraunárdalur og Hraunártungur að Hrafnabjörgum vestan Sölvadalsár. Heyrir undir Möðruvelli.
  6. Æsustaðatungur frá Hrafnabjörgum að Kollhól. Heyrir undir Æsustaði.
  7. Gnúpufellsdalur: Frá Kollhól við Sölvadalsá, yfir hálsinn að Þormódsstaðaá og á dalur austanverður til botns.
  8. Þormódsstaðadalur: Dalurinn vestan ár frá botni að Langhól sunnan við Þormódsstaðasel. Heyrir undir Þormódsstaði.

## 2. Afréttir á Eyjafjarðardal

1. Glerárdalur að sunnan og Tjarnardalur fram að Trippagarði í Klífsheiði. Heyrir undir Tjarnir og Halldórsstaðði.
2. Klífsheiði frá trippagarði, Svínheiði og Bon að austan og vestan að Sandá. Heyrir undir Hóla.
3. Torfur frá Sandá að Trippagarði í Lækjarfjalli. Heyrir undir Jórunnarstaði.
4. Arnarstaðatungur frá Trippagarði í Lækjarfjalli að Hafrá. Heyrir undir Arnarstaði og Arnarfell.
5. Úlfárheiði, frá Hafrá að Úlfá. Heyrir undir Hólsgerði.<sup>266</sup>

Með bréfinu fylgdi fylgiskjal, bréf Jónasar Halldórssonar og Haraldar Tryggvasonar á Rifkelsstöðum ritað 22. janúar 1979, sem var samantekt um afrétti að beiðni oddvita Öngulsstaðahrepps. Í því segir um afrétti á þessum slóðum:

Eftir beiðni oddvita Öngulsstaðahrepps, höfum við undirritaðir gert eftirfarandi lýsingu á afréttum, sem tilheyra Öngulsstaðahreppi, eftir því sem við höfum heyrt fyrr og síðar.

Mjaðmárdalur liggur að mörkum Saurbæjarhrepps að vestan en Mjaðmá ræður að austan. Talið hefir verið að hann tilheyri Stóra-Hamri, en vafi nokkur virðist leika á því eftir landamerkjalyásingum að dæma.

Munkaþverártungur liggja austan Mjaðmár og til norðurs að Þverá er fellur úr Þverárdal. Þverárdalur að sunnan tilheyrir einnig Munkaþverá. Þverárdalur að norðan að Smáragili tilheyrir Borgarhóli. (Þetta er eftir því sem ég heyrði í æsku minni J. H.).

Þramarland í Garðsárdal nær frá Garðsá að Kanagili. Eign Öngulsstaðahrepps, notað sem afréttarland.

Garðsárdalur nær frá Kanagili að Gönguskarði. Eign Garðsár og notaður þaðan og frá nokkrum bæjum.

Almenningur nær frá Gönguskarði að austan í dalbotn og norður að Melrakkadalsá að vestan. Þar áttu klausturjarðirnar (Munkaþverárklaustur)

---

<sup>266</sup> Skjal nr. 4 (106)

---

upprekstur, en þær voru allar jarðir frá Ytratjarnarkoti (nú sameinað Ytri-Tjörnum) að Grýtu meðtalinni, einnig Gröf og Skálpagerði í Kaupangssveit.

Helgárselsland nær frá Melrakkadalsá allt norður að Öngulsstaðamerkjum. Eign Höskuldsstaða (áður Jódisarstaða.) og notað sem afréttarland þaðan.

[...]

Fé hefur löngum verið rekið til afréttar á Bleiksmýrardal og er svo enn, þó færra sé nú á seinni árum héðan úr hreppi.

Upprekstrargjald fyrir þetta fé hefir jafnan verið greitt.

[...]

Viðbót við lýsingu afrétta í Öngulsstaðhreppi.

Þar sem getið er um land Munkaþverár og Borgarhóls er rétt að bæta inn í viðvirkjandi Borgarhóli að ~~aðeins~~ ef til vill [ef til vill ofan línu] hafi það verið upprekstarleyfi sem bóndinn þar átti í landi Munkaþverár en ekki að Þverárdalur að norðan að Smáragili hafi fylgt Borgarhóli sem eign.<sup>267</sup>

Þann 28. nóvember 1985 svaraði bæjarfógetinn á Akureyri fyrirspurn frá nefnd um eignarrétt að almenningum og afréttum á þann veg að afréttarskrá myndi ekki hafa verið haldin við embættið.<sup>268</sup>

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstarrétt í einhvern afrétt?
2. Hvað nefnist sá afréttur?
3. Hvar liggja mörk hans?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?
5. Hvaða sveitarfélög eru það?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?<sup>269</sup>

Svar Öngulsstaðahrepps, dagsett 21. júní 1989, var svohljóðandi:

[...]

1. Einn afréttur er opinn öllum íbúum sveitarfélagsins til upprekstrar, en er lítið nýttur vegna lélegra landkosta.
2. Afrétturinn heitir Almennigur.
3. Afrétturinn er fremsti (syðsti) hluti Garðsárdals. Norðurmörk hans eru Gönguskarð að austan en Melrakkadalsá að vestan.
4. Íbúar annara sveitarfélaga hafa ekki aðgang að afréttinum. [...]<sup>270</sup>

---

<sup>267</sup> Skjal nr. 4 (106).

<sup>268</sup> Skjal nr. 4 (3).

<sup>269</sup> Skjal nr. 4 (4).

<sup>270</sup> Skjal nr. 4 (5).

---

Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps svaraði 8. janúar 1990:

[...] Hér eru engin afréttarlönd önnur en fjallshlíðarnar ofan við girt heimalönd og dalskorur sem ganga inn í hálendið út frá byggðum dölum. Öll þessi afréttarlönd eru í einkaeigu og er annað ekki til. [...] <sup>271</sup>

Hálshreppur svaraði á þessa leið þann 25. febrúar 1989:

[...]

1. Já
2. a. Framdalir, þ.e. Bleiksmýrardalur, Hjaltadalur og Timburvalladalur  
b. Flateyjardalur og Flateyjardalsheiði.
3. Mörkin eru þau sömu og hreppamörk, samkvæmt korti. Lengd Hálshrepps er ca. 145 km. og afrétturinn nær u.þ.b. 70 km suður fyrir byggð, nær upptökum Þjórsár. Norðan við byggð til sjávar, norður á Landsenda, norðvestan Flateyjar.
4. Nei.

Öll afréttarlönd í Hálshreppi eru háð fullkomnum eignarrétti. [...] <sup>272</sup>

Í Lýsingu Eyjafjarðar stendur:

[...] Suður frá Öxnadalsheiði liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“. Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrir en seint á síðastlíðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar. <sup>273</sup>

Í þeim köflum sem hér fara á eftir verður fjallað stuttlega um hvern og einn afrétt sem kemur við sögu í máli þessu.

---

<sup>271</sup> Skjal nr. 4 (6).

<sup>272</sup> Skjal nr. 4 (7).

<sup>273</sup> Steindór Steindórsson. *Lýsing Eyjafjarðar*, bls. 16.

---

### 5.11.2 Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár

Bleiksmýrardalur liggur sunnan við byggð í Fnjóskadal, suður frá Tungu og Reykjum, og er vestastur þriggja dala á þessu svæði. Allri hafa dalirnir þrír verið notaðir sem afréttarlönd Suður-Fnjóskdælinga, mjög margra Eyfriðinga auk fáeina manna úr öðrum sveitum. Bleiksmýrardalur er um 70 km á lengd og því lengstur allra dalanna á suðurafrétt Fnjóskadals. Fnjóská deilir dalnum í tvennt og þannig skiptist hann í Vestur- og Austur-Bleiksmýrardal.<sup>274</sup>

Staðhættir á Vestur-Bleiksmýrardal eru með eftirfarandi hætti:

[...] heitir Reykjafjall frá Reykjum suður að Gönguskarði. Það er skarð mikið, sem liggur gegnum fjallgarðinn vestur í Garðsárdal í Eyjafirði. Suður úr því skerst dalur, er Skarðsdalur heitir. Miðpartur heitir frá Gönguskarði suður að Fremri-Lambá. Hún er ofurlítið norðar en gegnt Svartá. Heitir Heimari-Lambá nokkru norðar í Miðpartinum og koma báðar Lambárnar ofan úr samnefndum dölum. Vestursandar heita sunnan við Fremri-Lambá.<sup>275</sup>

Landamerkjabréf fyrir Bleiksmýrardal vestanverðan var útbúið 1. apríl 1885 og því var þinglýst 27. maí sama ár:

Afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, er allur sá hluti hálsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á öræfi.<sup>276</sup>

Ekki verður séð að fjallað sé um afréttarmál Hrafnagilshrepps á Bleiksmýrardal í *Byggðum Eyjafjarðar I* frá 1973.<sup>277</sup> Í lýsingu á Öngulsstaðahreppi í *Byggðum Eyjafjarðar 1990* er getið um afréttinn á Bleiksmýrardal, og segir þar:

Vegna þess að afréttirnar og heimalöndin eru landlítill ráku æbndur fé sitt lengra til sumarhaga, einkum austur í Bleiksmýrardal sem er einn afdala Fnjóskadals.<sup>278</sup>

Allítarlega er fjallað um fornar heimildir um Bleiksmýrardal (ásamt Hrafnagili og Reykjum í Hálshreppi) í sérstökum kafla hér að framan og vísast til hans.

### 5.11.3 Almennigur

Almenna lýsing á Almenningi í Öngulsstaðahreppi er að finna í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1712.

*Almennigur* er fram frá þessu kotlandi, sem byrjast við Melrakkadalsá, og er síðan allur dalurinn framm frá beggja megin heim í Gönguskarð, og á allur

---

<sup>274</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir IV*, bls. 253-254, 256.

<sup>275</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir IV*, bls. 256-257.

<sup>276</sup> Skjal nr. 2 (47) a-b.

<sup>277</sup> *Byggðir Eyjafjarðar I*, bls. 355.

<sup>278</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, II, bls. 937.

---

Þessi hreppur þennan almenníng til uppreksturs fyrir lömb og geldfje, en brúkast ekki alment, því landið er uppblásið og haglítið orðið.<sup>279</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðar* er afréttarlandinu lýst svo:

Afréttir í Möðruvallasókn eru Sölvadalurinn fram frá Ánastöðum og Þormódsstaðadalur fram frá Þormódsstöðum, þar að auki Núpufellsdalur og Æsustaðatungur, sem liggja undir bæi þá í sókninni er þeir nefnast eftir.<sup>280</sup>

Í lýsingu Öngulsstaðahrepps frá árinu 1973 segir að afréttarlönd séu helst Garðsárdalur og Mjaðmárdalur austan og vestan ár.<sup>281</sup> Í sveitarlýsingu Öngulsstaðahrepps í Byggðum Eyjafjarðar árið 1990 segir að Mjaðmárdalur, Munkapverártungur, Þverárdalur og Garðsárdalur séu einu afréttirnar í hreppnum.<sup>282</sup>

Fjallað er um eldri heimildir um Almenníng í sérstökum kafla hér að framan og vísast til hans.

#### 5.11.4 Dalirnir

Afréttarsvæði Saurbæjarhrepps eru helst dalir og daladrög fram af byggðinni. Austast eru tveir aðaldalir og smærri afdalir fyrir innan Sölvadal. Mest landrými er í Æsustaðatungum og í vestari aðaldalnum sem heitir Þormódsstaðadalur vestan við Þormódsstaðaá en Gnúpufellsdalur austan við hana. Þar vestan og sunnan við er innsti hluti Eyjafjarðardals, þ.e. fram frá Tjörnum og Hólsgerði innstu byggðu bæja í dalnum. Vestar og norðar er svo Torfufells- og Leyningsdalur sem liggja sitthvoru megin Torfufellsár. Svarfdalur (Sverrisdalur) skerst svo til norðvesturs úr Leyningsdal. Allmiklu norðan við bæði Leynings- og Torfufellsdal skerst Gilsárdalur suðvestur í fjöllin en hann hefur nokkurt graslendi þótt lítill sé. Enn norðar og vestar má svo finna Djúpadali og liggur dalsmynnið hjá bænum Litladal. Þar fyrir innan greinist dalurinn hinsvegar í marga afdali og heitir einn þeirra Djúpidalur. Þar er sumstaðar allgott land. Göngur á þessa afrétti Saurbæjarhrepps taka fljótt af og er lokið á einum degi. Næsta dag eru heimalönd smöluð og lokadaginn er það fé sem ekki komst til skila á aukaréttum rekið til aðalréttar.<sup>283</sup>

Í sveitarlýsingu Saurbæjarhrepps í Byggðum Eyjafjarðar frá 1973 segir eftirfarandi um afréttarmál:

Víðáttumikið hálendissvæði liggur suður af Eyjafjarðardölum, gróðurlítið, en kjarngott. Gekk þar nokkuð af fé úr Saurbæjarhreppi á sumrum, einkum úr Hólasókn. En síðan um fjárskipti 1950 hefur varla villzt þangað kind. Saurbæjarhreppur taldi sig eiga land þetta samkvæmt fornri hefð og sá lengi um leitir þar einn saman. Síðar tókust samningur við Skagfirðinga um að leita

---

<sup>279</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 299.

<sup>280</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri 1972, bls. 193.

<sup>281</sup> *Byggðir Eyjafjarðar I*. Akureyri. 1973, bls. 423-424.

<sup>282</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990,II*, bls. 936.

<sup>283</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir IV*. Akureyri. 1983-1986, bls. 175-176.

---

þetta að hálfu, eða nánar tiltekið árið 1920. Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps hóf þarna gróðurtilraunir fyrir nokkrum árum. En er Skagfirðingum varð ljóst, að Eyfirðingar töldu sig eiga landið, gerðu þeir kröfu til þess líka. Spunnust af þessu landsfræg málaferli, sem lyktaði á þann veg, að land þetta á sig sjálft, þar eð hvorugum aðilanum var dæmdur eignarrétturinn. Afréttir Saurbæjarhrepps eru því aðeins í óbyggðum dölum, hvergi um langleiðir að ræða, og víðast er réttað samdægurs. Beztu afréttirnar eru, þar sem jarðir hafa farið í eyði við afréttarmörkin, svo sem í Sölvadal og Djúpadal.<sup>284</sup>

Ekkert er minnst á afrétti í sveitarlýsingu Saurbæjarhrepps í *Byggðum Eyjafjarðar 1990*. Nánar er fjallað um þessi svæði í köflunum við einstakar jarðir hér fyrir framan.

Fjöllin eru land sem liggur vestar og mun sunnar en hefðbundnar fjárleitir Eyfirðinga ná. Þeir ganga þó þetta landsvæði í félagi við Skagfirðinga. Takmörk Fjalla eru frá Geldingsá, sem fellur í Jökulsá eystri í Skagafirði, og allt til Hofsjökuls, suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga. Leitarmörk Eyfirðinga og Skagfirðinga eru við Fossá en þar er fé þeirra greint í sundur. Bragi Sigurjónsson telur umrætt landsvæði vera eða hafa verið eignarheimildalaust að því er best verður vitað. Samkvæmt munnmælum mun það þó hafa tilheyrt Eyfirðingum, einna helst Möðruvöllum í Eyjafirði eða e.t.v. Grund. Vegna fyrrnefndar óvissu um eignarheimildir þóttust hvorki Skagfirðingar né Eyfirðingar skyldugir til að fara í leitir á þessu landsvæði. Fyrstu lögskipuðu leitirnar munu því ekki hafa verið gerðar þar fyrir en í kringum 1850. Hugsanlega hafa Eyfirðingar stöku sinnum farið þangað í eftirleitir en víst er að Austurdalsmenn gerðu þangað eftirleitir á hverju hausti og fundu allmargt fé. Það fé var síðan boðið upp og helmingurinn tekinn í kostnað þannig að lítið varð eftir handa eigendunum. Það mun hafa verið ástæða þess að Eyfirðingar byrjuðu að fara í leitir á Fjöllin reglulega hvert haust og fóru þeir fyrst í félagi við Þingeyinga.<sup>285</sup>

---

<sup>284</sup> *Byggðir Eyjafjarðar I*, 389-390.

<sup>285</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir IV*, bls. 176-179.



---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir-  
liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þeirra við þau úrlausnarefni  
sem hér eru til umfjöllunar. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði  
sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um  
eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>286</sup> Loks verður fjallað  
um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður  
óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir  
og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í  
málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við.  
Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem  
viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgir nú einnig í viðauka með  
úrskurðum í málum á svæði 7 suður, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr  
úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á  
einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við umræddar *Almennar  
niðurstöður óbyggðanefndar* og vísar til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem  
almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra  
niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar  
byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni. Að því marki sem umfjöllun  
um slík atriði í úrskurðum á fyrri svæðum hefur almenna þýðingu hefur hún verið  
felld inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem hér fylgja í viðauka og vísast  
þangað.

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki  
fyrir nýir dómur Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun  
Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því  
hafnað að taka til efnismeðferðar kærsmål sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá  
11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærsmálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall  
og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

---

<sup>286</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands,  
örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í  
vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.



---

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt réttmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu réttmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>287</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

---

<sup>287</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

## 6.3 Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár, og Þingeyjarsveit gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir hefur leguna norður suður og afmarkast af Fnjóská að austan og Skarðsgili að norðan. Landsvæðið liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli á austurhluta svæðisins næst Fnjóská en rís skarpt til vesturs upp af ánni. Vesturhluti svæðisins liggur í yfir 1000 m hæð en þar er land hallalítið, gróðursnautt og öldótt. Nokkur gil skerast í hlíðar fjallsins sem úr renna ár og ber þar helst að nefna Heimari-Lambá og Fremri-Lambá.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Til hliðsjónar megi hafa almennar lýsingar landamerkjabréfa jarða á svæðinu sem lýsi almennt til fjallsbrúnar eða til miðfjalls, auk þess sem gjarnan sé miðað við upptök áa (í dalbotnum). Hafa beri í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist m.a. suðurafrétt Fnjóskdæla, þ.e. Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár, og hafi það svæði, ásamt öðrum, verið notað sameiginlega af Eyfirðingum og fleirum.

Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við sé og hafi verið, að því leyti sem um nýtanlegt beitarsvæði sé að ræða, samnotaafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Um afréttarsvæði á Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, sé miðað við að það teljist til þjóðlendu. Vísast einkum til landamerkjabréfs frá 1. apríl 1885, þar sem afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal sé sagt allur hluti dalsins sem liggja fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá suður á öræfi. Talið verði að dómur sex klerka í tilefni af ákæru Hólabiskups um leyfislausan lambarekstur á Bleiksmýrardal frá árinu 1508 feli aðeins í sér staðfestingu á afréttareign Hrafnagilskirkju á svæðinu. Um það vísast jafnframt til þess að umrætt landsvæði sé aðskilið frá heimajörðinni og teljist það því ekki hafa stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti og því afréttarsvæði sem háð sé óbeinum eignarrétti.

---

Sérstaklega er á því byggt að í máldögum biskupa og registrum eigna Hrafnagilskirkju hafi ekki falist meira en lýsing á afréttareign og að engu breyti í þessu sambandi þó svo kirkjan hafi áskilið sér endurgjald fyrir afnot landsins og bannað öðrum afnot þess, þ.m.t. nýtingu á jarðefnum eftir atvikum. Ekki verði ráðið að á svæðinu hafi nokkurn tíma verið byggt ból eða það haft stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti. Þá er til þess vísað að ekki gildi það sama um Bleiksmýrardal austan og vestan Fnjóskár vegna dóms Landsyfírréttar frá 1885, þ.e.a.s. þó svo að sá dómur hafi, eftir atvikum, skapað réttmætar væntingar til eignarhald austan árinna. Þá er einnig vísað til orðalags landamerkjabréfsins þar sem segir „afréttarland“ og afsals, 22. maí 1978, þar sem ríkissjóður afsali til Hálshrepps „afréttarlandi Bleiksmýrardal vestri“. Einnig beri að taka tillit til þess að í landamerkjabréfinu frá 1. apríl 1885 sé vestur- og suðurmörkum afréttarlands Akureyrarkirkju ekki lýst með skýrum hætti.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Þingeyjarsveitar, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Auk þess sé fullur hefðartími liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi gagnaðila, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema þeir. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið enn fremur á rótgróinni venju í lögskiptum. Það samrýmist í engu grundvallarreglum um réttaröryggi að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi sem hér um ræði. Ítrekað hafi verið gengið út frá venjurétti sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til Þjóðlendlaga, nr. 58/1998.

Landamerki Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, byggist á landamerkjabréfi frá 1. apríl 1885, en um afmörkun landsins til suðurs er vísað til úrskurðar óbyggðanefndar frá 6. júní 2008, sbr. dóm Landsyfírréttar Íslands frá 11. júlí 1855, í málinu nr. 1/1855, eigendur Illugastaða gegn Munkaþverárklaustri (Bleiksmýrardalur). Í fyrrnefndum úrskurði hafi óbyggðanefnd talið ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Landsyfírréttar Íslands. Að mati nefndarinnar hafi þannig legið fyrir úrlausn þar til bærð yfirvalds samkvæmt réttarskipan þess tíma um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og að líta yrði á dóminn sem bindandi um úrslit sakarefnis. Í því máli sem hér sé fjallað um og varði vesturhluta dalsins, leiði Þingeyjarsveit rétt sinn frá Stjórnarráðinu sem seldi Hálshreppi Bleiksmýrardal, 22. maí 1978. Af hálfu Þingeyjarsveitar sé því haldið fram að afsal þetta og fyrirbyggjandi dómur vegna austurhlutans hafi vakið réttmætar væntingar kaupandans um að beinn eignarréttur hans væri fyrir hendi og nyti viðurkenningar og verndar opinbers valds. Þjóðlendukröfugerð íslenska ríkisins nú fái ekki samrýmst því.

---

Í þeim heimildum þar sem talað sé um að Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár, takmarkist að sunnanverðu við „öræfi“ feli notkun orðsins í sér skírskotun til gróðurfars og nýtingarmöguleika. „Afréttarlandið“ Bleiksmýrardalur hafi náð svo langt suður sem það hafi verið nýtilegt sem beitiland, þ.e. á móts við Einstökutorfu. Byggt er á því að fullkomin samsvörun hljóti að vera milli vestur- og austurhluta Bleiksmýrardals.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Vísað er einnig til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið til þeirra svæða er tilheyri jörðum samkvæmt elstu heimildum og eldri heimildir fari ekki í bága við sé beinum eignarrétti háð. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Ríkið hafi ekki sýnt fram á það með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra landamerkjá Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, sé ekki beinum eignarrétti háð. Ekkert komi fram í kröfugerð ríkisins sem bendi til annars en að allt land samkvæmt landamerkjabréfinu hafi verið nýtt sem fullkomið eignarland eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma.

Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál fái sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Eigendur Bleiksmýrardals vestan Fnjóskár hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landið sé beinum eignarrétti háð. Ennfremur verði að telja röksemdir ríkisins þess efnis að landnám hafi ekki náð til heiða og Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, algerlega ósannaðar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, er rakin í kafla 5.3, sbr. einnig kafla 5.11 um afrétti og afréttarnot. Þar kemur fram að svæðisins er fyrst sérstaklega getið í heimildum frá 14. öld og þá talið tilheyra Hrafnagilskirkju. Jörðin Hrafnagil liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá Bleiksmýrardal af öðrum jörðum. Hrafnagilskirkja var aflögð árið 1863 og dalurinn þá lagður til Akureyrarkirkju. Árið 1978 var „afréttarlandinu Bleiksmýrardal vestri“ afsalað af landbúnaðarráðherra til Hálshrepps. Engar heimildir er um að byggð hafi verið á þessu svæði en landið hefur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku Þjóðlendulaga.<sup>288</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

---

<sup>288</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, er lýst í landamerkjabréfi „afréttarlands Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal“ frá 1. apríl 1885 og þingl. 27. maí sama ár. Landsvæðinu er einnig lýst í landamerkjabréfi fyrir Hrafnagilsjarðir frá 30. maí 1889 og þingl. 21. maí 1890, þar sem það er nefnt ítak Hrafnagilskirkju. Jafnframt eru fyrir hendi fjölmargar eldri merkjalýsingar fyrir Bleiksmýrardal. Þetta eru m.a. máldagar frá 1318, 1394, 1429 og 1508, vísitasíugerð frá 1429, dómur um lambarekstur á Bleiksmýrardal frá 1508 og lögfestur Hrafnagilskirkju frá 1672, 1728, 1736, 1765, 1771, 1780, 1814 og 1840. Þá eru fyrirbyggjandi vísitasíur Hrafnagilskirkju frá árunum 1585, 1662, 1685, 1695, 1718, 1761, og 1769 sem allar minnst á Bleiksmýrardal. Á 19. öld var dalurinn margoft leigður hinum ýmsu jörðum til upprekstrar og fylgdu þá einnig lýsingar á mörkum hans. Til viðbótar við framangreindar heimildir verður litið til gagna um merki þeirra landsvæða sem liggja að Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskar. Þar liggja til austurs landsvæði sem voru til umfjöllunar í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og Afréttur Þingeyjarsveitar. Til vesturs eru kröfussvæði vegna Almennings, afréttarsvæði Munkaþverár, Stóra-Hamars og Rifkelsstaða og loks kröfussvæði vegna Möðruvallaafréttar. Til norðurs liggur óumdeilt eignarland Reykja. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, með tilliti til ágreiningsvæðis aðila, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Í landamerkjabréfi „afréttarlands Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal“ frá 1. apríl 1885 og þingl. 27. maí sama ár segir svo: „Afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, er allur sá hluti hálsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á öræfi.“ Bréfið er undirritað af Guðmundi Helgasyni presti Akureyrarkirkju og áritað um samþykki vegna Reykja og Munkaþverár. Í landamerkjabréfi fyrir Hrafnagilsjarðir frá 30. maí 1889 og þingl. 21. maí 1890, þar sem „afréttarlandið Bleiksmýrardalur“ er nefnt ítak Hrafnagilskirkju, er svipuð lýsing fyrir utan að þar er merkjum lýst „fyrir neðan Fnjóská frá Skarðsá og suður til Öræfa.“ Ekkert er heldur minnst á „hálsinn“. Bréfið er samþykkt af Stepháni Stephensen umboðsmanni vegna Munkaþverár. Elstu heimildir um Bleiksmýrardal miða við að merki séu „framm fra skardzä“, en síðan er ekki nánari lýsing, sbr. máldaga frá 1318 og 1394 og vísitasíugerð frá 1429. Í máldaga frá 1508 er miðað við að Bleiksmýrardalur sé: „firir vestan hnioskaa fram fra skardsaa og svdur a oræfe.“ Í þeim heimildum sem gerðar eru eftir þann tíma eru lýsingar eins eða með svipuðum hætti.

Samkvæmt framanröktu er afmörkun Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, óljós til vesturs og suðurs. Ákveðin atriði þarfnast nánari skoðunar, sbr. orðalagið „suður til öræfa“ og „hálsinn“.

Verður þá litið til merkja aðliggjandi landsvæða til austurs og suðurs. Um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár og Afréttarland í Þingeyjarsveit var fjallað í máli nr.

---

3/2007 hjá óbyggðanefnd. Ekki er ágreiningur um að Fnjóská skilji Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, frá aðliggjandi landsvæðum til austurs og suðurs.

Næst verða skoðuð merki aðliggjandi landsvæða til vesturs og suðvesturs, miðað við kröfusvæði Bleiksmýrardals. Vesturmörkum Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, er ekki lýst sérstaklega til vesturs fyrir utan að fram kemur í landamerkjabréfi að „afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, er allur sá hluti hálsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá“ en miðað við staðhætti má leiða að því líkur að orðið „hálsinn“ vísi til vesturhluta landsvæðisins. Í landamerkjabréfi fyrir Hrafnagilsjarðir er ekki minnst á „hálsinn“ í lýsingu á Bleiksmýrardal. Gagnaðilar ríkisins miða kröfu sína við sveitarfélagamörk. Um austurmerki Almennings er fjallað í landamerkjabréfi frá 16. janúar 1883 og eru þau til austurs, gagnvart kröfusvæði Bleiksmýrardals: „Að austan ræður milli Reykja í Fnjóskadal þröskuldur í Gönguskarði sunnanverðu, og þaðan eptir Skarðslæk vestur í Þverá.“ Bréfið er ekki áritað vegna Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár. Verður ekki séð að þessi lýsing nái að kröfusvæði Bleiksmýrardals heldur aðeins að Reykjum, sem liggja sunnan kröfusvæðis vegna Bleiksmýrardals, líkt og lýsingin vísar til. Um Almanning er nánar fjallað í kafla 6.4. Um mörk kröfusvæða, annars vegar, Munkaþverár, og hins vegar Stóra-Hamars og Rifkelsstaða var gerð sátt milli eigenda fyrrnefndra jarða og íslenska ríkisins við aðalmeðferð í máli nr. 1/2008 hjá óbyggðanefnd. Niðurstaðan var sú að aðliggjandi kröfusvæði væri þjóðlenda í afréttareign fyrrnefndra jarða. Í landamerkjabréfum jarðanna er þeim syðst lýst með Mjaðmá en hún liggur talsvert vestar en kröfusvæði Bleiksmýrardals. Kröfusvæði Möðruvallaafréttar liggur að sunnanverðum vesturmörkum kröfusvæðis Bleiksmýrardals. Merkjum Möðruvallaafréttar er lýst í landamerkjabréfi Möðruvalla frá 28. apríl 1886 og þingl. 24. maí 1888. Þar segir að afréttarlandið sé Hraunárdalur allur „báðu megin og þaðan suður á fjall, að svo nefndu „Laugafelli.““ Eldri heimildir um mörk Möðruvallaafréttar eru nokkrar lögfestur frá 18. öld en þær lýsa merkjum ekki lengra austur en í Hraunárdalsdrög. Um merki Möðruvallaafréttar er nánar fjallað í kafla 6.6. Þar kemur fram að eldri heimildir mæli lýsingum landamerkjabréfsins suður til Laugafells í mót og nái afrétturinn því ekki sunnar en dalirnir ná. Ekki hægt að sjá að landsvæðin hafi legið saman.

Samkvæmt framangreindu er afmörkun Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, óljós til vesturs og suðurs og ekki lýst sérstaklega í heimildum, hvorki í landamerkjabréfum né í eldri heimildum. Heimildir um aðliggjandi landsvæði gefa heldur ekki vísbendingar um hvar umrædd mörk liggja. Í kröfu gagnaðila íslenska ríkisins eru vesturmerki miðuð við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar en til suðurs er Fnjóská fylgt þar til hún sker fyrrnefnd sveitarfélagamörk. Samkvæmt vatnamælingum Veðurstofu Íslands liggja vatnaskil á milli Eyjafjarðarár og Fnjóskár nokkurn veginn á sveitarfélagamörkum.

---

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framan- greindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf „afréttarlands Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal“ og landamerkjabréf Hrafnagilsjarða voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að landamerkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær en mörk þess til suðurs og vesturs eru alls óljós. Umrædd landamerkjabréf voru þinglesin og færð í landamerkjabók sýslumanns.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er á því byggt að dómur Landsyfírréttar Íslands frá 11. júlí 1855 í máli nr. 1/1855, sem fjallar um eignarrétt að austurhluta Bleiksmýrardals, hafi gildi í þessu máli. Því er haldið fram nú að afsal Stjórnarráðsins til Hálshrepps frá 22. maí 1978 sem og fyrrnefndur dómur hafi vakið réttmætar væntingar kaupandans um að beinn eignarréttur væri fyrir hendi á vestari hluta Bleiksmýrardals.

Í dómnum er kveðið á um að „afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og suður á öræfi“ skyldi tilheyra Munkaþverárklaustri „sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.“ Í dómsorði kemur einnig fram að „Illugastaðamenn“ eigi upprekstur á Bleiksmýrardal austan Fnjóskár fyrir geldfénað sinn á sumrum ókeypiss. Ítarlega er fjallað um þennan dóm í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2007 en þar segir m.a.:

Óbyggðanefnd telur ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í nefndum dómi Landsyfírréttar ásamt þeim takmörkuðu eignarréttindum sem eigendum Illugastaða voru dæmd. Þannig liggur fyrir úrlausn þar til bær yfirvalds samkvæmt réttarskipan þess tíma um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár. Eins og hér stendur á telur óbyggðanefnd að líta verði á dóm þennan sem bindandi um úrslit sakarefnisins. Krefjendur beins eignarréttar í máli því sem hér er til úrlausnar leiða rétt sinn frá Stjórnarráðinu sem seldi Hálshreppi Bleiksmýrardal 29. september 1919. Nefndin telur að dómurinn hafi vakið réttmætar væntingar dómhafa um að

---

beinn eignarréttur þeirra væri fyrir hendi og nyti viðurkenningar og verndar opinbers valds. Þjóðlendukröfugerð íslenska ríkisins nú fær ekki samrýmst því, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, þar sem fjallað er um Tunguheiði og úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2005 þar sem fjallað er um Laugavelli.

Framangreindur úrskurður óbyggðanefndar vísar þannig til dóms Landsyfírréttar frá 11. júlí 1855 um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár. Sá dómur er hins vegar hvorki formlega né efnislega bindandi um eignarréttarlega stöðu lands vestan árinna, enda var það ekki til umfjöllunar í málinu. Við úrlausn óbyggðanefndar um það atriði nú verður því sem endranær að líta til þeirra heimilda sem fyrir liggja og varða Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskar, fjöldamargra fordæma dómstóla og fyrri úrskurða óbyggðanefndar í þjóðlendumálum, þar á meðal *Almennra niðurstaðna*. Saga Bleiksmýrardals annars vegar austan og hins vegar vestan Fnjóskár er ekki hin sama, heimildir mismunandi og aðilar aðrir. Staðhættir eru á hinn bóginn um margt svipaðir. Dómur Landsyfírréttar um eignarréttarlega stöðu aðliggjandi landsvæðis árið 1885 hefur þar ekki meiri þýðingu en aðrar úrlausnir dómstóla. Réttmætar væntingar um beinan eignarrétt verða því ekki grundvallaðar á honum. Að því er varðar afsal ríkissjóðs frá 1978 skal þess jafnframt sérstaklega getið að í því gat ekki falist víðtækari eignarréttur Hálshreppi til handa en sannanlega var á hendi ríkissjóðs, sbr. dóma Hæstaréttar 1997/1162 (Auðkúluheiði), nr. 47/2007 (Biskupstungnaafréttur norðan vatna) og nr. 67/2006 (Skjaldbreiður). Hlýtur því að koma til skoðunar hver réttur Hrafnagilskirkju til þessa svæðis hafi verið.

Bleiksmýrardalur er landfræðilega aðskilinn frá Hrafnagilskirkju en heimildir greina frá því að hann hafi legið undir kirkjuna. Dalsins er jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum og þá oft nefndur „afréttarland“ eða „ítak“. Þannig segir „afréttur“ í áður nefndu landamerkjabréfi frá 1885 en „ítak“ í landamerkjabréfi frá 1889, sbr. einnig skýrslu kirkjunnar frá 1782 að því er hið síðarnefnda varðar. Bleiksmýrardalur er nefndur „afréttur“ í kirknareikningum nyrðra á prestssetrum frá 1569 og jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, þar segir að jörðin Hrafnagil eigi afréttarland í hálfum Bleiksmýrardal fyrir toll. Í jarðamatinu 1849 kemur einnig fram að kirkjan á Hrafnagili „eigi allan Bleiksmýrardalsafréttinn að vestanverðu“ og fyrir liggur að á 19. öld leigði Hrafnagilskirkja (sem síðar varð Akureyrarkirkja) dalinn margoft hinum ýmsu jörðum til upprekstrar og fylgdu þá lýsingar á mörkum hans. Þá segir í bréfi Steingríms Jónssonar sýslumanns í Þingeyjarsýslu, dags. 6. apríl 1920, að afréttarlandið Bleiksmýrardalur suður af Fnjóskadal „hafi ekki tilheyrt nokkru lögbýli“. Bréf sýslumanns var svar hans við fyrirspurn Stjórnarráðsins um hvar hann teldi almenninga og afrétti að finna. Í afsali frá árinu 1978 var „afréttarlandinu Bleiksmýrardal vestri“ afsalað af hálfu ríkissjóðs til Hálshrepps sem nú tilheyrir Þingeyjarsveit.



---

Engin gögn liggja fyrir um að í Bleiksmýrardal hafi verið byggð eða landsvæðið nýtt til annars en sumarþeitar fyrir búfé og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Það er mestum hluta hálent, fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að á Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, hafi verið afréttur Hrafnagilskirkju og síðar Akureyrarkirkju í þeim skilningi að kirkjan hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Vafi um þetta atriði hlýtur þó að aukast eftir því sem sunnar dregur og ekkert liggur fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem til kann að hafa verið stofnað. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til þessa landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeitar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnot og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framgreindu virtu hefur, af hálfu Þingeyjarsveitar, ekki verið sýnt fram á að Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>289</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár, sé afréttur Þingeyjarsveitar.

Eftir stendur þá að afmarka afréttinn til suðurs og vesturs. Svo sem að framan er rakið þá eru mörk Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, til suðurs afar óljós og engar merkjalýsingar til vesturs. Segir nánar tiltekið í landamerkjabréfi að afréttarland Akureyrarkirkju sé „allur sá hluti hálsins, er liggur fyrir vestan Fnjóská, frá Skarðsá og suður á öræfi.“

Í ritinu *Göngur og réttir*, IV. bindi, kemur fram að Bleiksmýrardalur sé lengstur allra dalanna á suðurafrétt Fnjóskadals og talið sé að hann muni vera um 70 km á lengd. Segir þar að miðpartur Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, sé frá Gönguskarði og suður að Fremri-Lambá og að Vestursandar heiti landsvæði sunnan við Fremri-Lambá. Um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár segir að Austursandar nái

---

<sup>289</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kemur fram að Möðruvellir eigi afrétt „framm úr Sölvadal, sem heitir Sölvadalstúngur og brúkast af öllum ábúendum Möðruvalla“. Þá eru dalirnir nefndir í skrá yfir afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu frá 1894 auk fleiri afréttarskráa frá síðari tímum. Framangreint bendir til að í Sölvadal, Hraunárdal og Sandárdal sé afréttur í þeim skilningi að jörðin Möðruvellir eigi þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.<sup>294</sup> Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Möðruvalla eru komnir að rétti sínum til landsvæðisins. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að hann hafi, eftir atvikum, orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumardeildar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Landsvæði því sem liggur sunnan og utan landamerkjanna Möðruvallaafréttar samkvæmt framangreindu, en innan kröfusvæðis eigenda Möðruvalla, má skipta í tvennt. Þar er annars vegar svæði sem var til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar Íslands frá 29. apríl 1969, í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafréttur), og hins vegar svæði sem dómurinn tók ekki til. Að þýðingu þessa dóms verður vikið sérstaklega hér síðar en fyrst gerð grein fyrir heimildum sem varða nýtingu heildarsvæðisins með almennum hætti.

Í ritinu *Göngur og réttir*, IV. bindi, er fjallað um landsvæði sem nefnt er „Fjöllin“. eru þau talin ná frá Geldingsá, sem fellur í Jökulsá eystri í Skagafirði, og allt til Hofsjökuls, suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga. Land þetta liggja „vestar og miklu sunnar en venjulegar fjárleitir Eyfirðinga ná.“ Í fyrrnefndu riti kemur einnig fram að reglulegar göngur hafi ekki verið gerðar á þetta landsvæði fyrr en eftir miðja nítjándu öld er Eyfirðingar fóru að ganga þar syðra á haustin en síðar hafi Skagfirðingar einnig farið að smala svæðið með þeim. Þá segir að haustið 1966 hafi síðasta samsmölunin verið gerð en í kjölfar „Nýjabæjardómsins“ hafi Eyfirðingar hætt að smala þetta svæði. Til er frumvarpi til samþykktar um fjárleitir á öræfunum milli Skjálfafljóts að norðan og Jökulsár eystri í Skagafirði að vestan frá 1912. Hluti af því svæði virðist rúmast innan suðurhluta kröfusvæðisins. Ekki er minnst á svæðið sunnan Möðruvallaafréttar í afréttarskrám.

Svo sem að framan er rakið var hluti þessa landsvæðis, sunnan og utan landamerkjanna Möðruvallaafréttar, til umfjöllunar í áðurnefndum dómi Hæstaréttar Íslands frá 29. apríl 1969. Aðilar málsins voru Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu, og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til réttargæslu gegn eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til réttargæslu. Upprekstrarfélagið höfðaði málið upphaflega fyrir landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu og gerði kröfu til þess „að landamerki fyrir umráðasvæði félagsins að vestan, gagnvart löndum Skagfirðinga á hálendinu vestan og sunnan Eyjafjarðardala“ yrðu viðurkennd og ákveðin með tilteknum hætti.

---

<sup>294</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli gerðu hins vegar kröfur um að landamerki fyrrgreindra jarða „og þar með talin sýslumörk Skagafjarðarsýslu á þessu svæði séu að austan vatnaskil á hálandinu og að endamark við Hofsjökul sé fjallið Klakkur.“

Hluti þessa landsvæðis, sunnan og vestan vatnaskila á hálandinu, er innan kröfusvæðis þinglýstra eigenda Möðruvalla og því til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd í máli þessu. Skal í því sambandi jafnframt vísað til afmörkunar á ágreiningssvæði aðila dómsmálsins, svo sem hún kemur fram í málsskjali, og legu vatnaskila á uppdrætti sem óbyggðanefnd hefur aflað frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands.

Niðurstaða Hæstaréttar í máli 128/1967 var sú að kröfur hvorugs málsaðila voru teknar til greina. Í forsendum dómsins segir svo:

Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstarrétt.

Áfrýandi, Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, reisir kröfur sínar á því, að hann hafi tekið heimildir á landsvæði þessu frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talist taka yfir landsvæðið.

Stefndu, eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, reisa dómkröfur sínar á afsali fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá 29. janúar 1461, þar sem landið sé talið vera hluti jarðarinnar.

Hvorki áfrýandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu. T. d. verður eigi séð, að eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli eða eigendur Möðruvalla og Hóla hafi fyrrum innt af hendi smölun og fjallskil á landsvæðinu, svo sem eigendum jarða var boðið að gera á jörðum sínum, sbr. Jónsbók, landsleigubálk 49. Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðilja í málinu teknar til greina.

Enda þótt kröfur málsaðila í umræddu dómsmáli hafi ekki lotið að viðurkenningu beins eignarréttar telur óbyggðanefnd ljóst að rétturinn hafi hafnað því að málsaðilar hefðu sýnt fram á beinan eignarrétt sinn til umrædds landsvæðis, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu. Í því sambandi er sérstaklega vísað til orða dómsins, þar sem segir: „Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstarrétt“ og „Hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu.“ Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dóma, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Til þess ber þó að líta að dómurinn felur ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu svæðisins samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlendna og afrétta, nr.

---

58/1998, með síðari breytingum. Til athugunar hlýtur því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að máli því sem hér er til umfjöllunar, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu svæðisins samkvæmt lögum nr. 58/1998.

Krafa um beinan eignarrétt að landsvæði því sem hér um ræðir stafar frá þinglýstum eiganda Möðruvalla. Svo sem áður greindi átti Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps aðild að dómsmáli nr. 128/1967 og reisti þar kröfur sínar á því, að hafa tekið heimildir frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talist taka yfir landsvæðið. Fyrir óbyggðanefnd liggja engin þau gögn eða önnur atriði sem dómstólar hafi ekki tekið afstöðu til eða sýni fram á beinan eignarrétt umrædds málsaðila til þessa landsvæðis.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki hafi verið sýnt fram á að landsvæði það sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 128/1967, þ.e. sá hluti ágreiningssvæðis máls þessa sem liggur sunnan og vestan vatnaskila á hálendinu inn af Eyjafirði og Skagafirði, sé eignarland.<sup>295</sup>

Að því er varðar þann hluta kröfussvæðis eigenda Möðruvalla sem liggur bæði utan Möðruvallaafréttar og umfjöllunarsvæðis dómsins þá liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að þar hafi frekar stofnast til beins eignarréttar.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda á svæðinu sunnan Möðruvallaafréttar.

Fyrir utan tilgreiningu á Laugafelli í landamerkjabréfi Möðruvalla eru engar heimildir sem benda til þess að á landsvæðinu sunnan Sölvadals, Hraunárdals og Sandárdals hafi verið réttindasvæði Möðruvalla. Skýrslur fyrir óbyggðanefnd gefa ekki heldur vísbendingar um annað. Verður að öðru leyti ekki talið að fjárleitir Eyfirðinga á „Fjöllunum“, sem munu hafa lagst af á miðri síðustu öld, hafi skapað eigendum Möðruvalla sérstakan nýtingarrétt yfir því svæði sem liggur sunnan fyrrnefndra dala.

Með vísan til 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998 skal tekið fram hér að á fyrri stigum málsmeðferðar voru kröfur aðila sérstaklega kynntar viðkomandi sveitarfélögum, þ. á m. Eyjafjarðarsveit, sbr. kafla 2.3. Þannig tók þáverandi sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit þátt í vettvangsferð í máli þessu, en af hálfu sveitarfélagsins voru ekki lagðar fram neinar kröfur. Fyrir liggja dómafordæmi Hæstaréttar um að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli sjá nánar í kafla 8.1.1. í viðauka með úrskurði þessum. Það hvort á því landsvæði sem hér um ræðir kunni að vera samnotaafréttur jarða í sveitarfélaginu kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Í landamerkjabréfum Helgastaða, Kálfagerðis og Hríshóls, sem áður fyrr voru hjáleigur Möðruvalla, er gerð grein fyrir upprekstrarétti í Möðruvallaafrétt. Af

---

<sup>295</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

gögnum málsins verður ekki séð að sérstökum réttindum hafi verið lýst samkvæmt lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Að öðru leyti hafa eigendur þeirra jarða ekki lagt fram frekari gögn um afréttarnot sín á svæðinu. Er því ekki fallist á að eigendur fyrrnefndra jarða eigi afréttareign í Möðruvallaafrétti.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að land á kröfusvæði Möðruvalla sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>296</sup> Heimildir benda hins vegar til að Sölvadalur, Hraunárdalur og Sandárdalur séu í afréttareign Möðruvalla.

Eftir er þá að leysa úr því hver séu mörk afréttar Möðruvalla. Að norðan fylgja þau Sandá og síðan kröfulínu eigenda Möðruvalla til austurs í sveitarfélagamörk. Þá er sveitarfélagamörkum fylgt til suður fyrir Sölvadal en þaðan er farið til norðvesturs milli Núpufellsdals og Sölvadals á Tungufjalli eftir kröfulínu eigenda Möðruvalla. Áfram er kröfulínunni síðan fylgt til Sandár. Sjá nánar hér að neðan.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að kröfusvæði eigenda Möðruvalla sé þjóðlenda. Með vísan til þess sem að framan greinir, skiptist sú þjóðlenda í tvö svæði sem afmörkuð verða hér á eftir.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar­svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðal­dri hefur verið notað til sumar­beitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem hér að framan er lýst, þ.e. Möðruvallaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7.gr. laga nr. 58/1998:

*Úr ármótum Sölvadalsár og Sandár er farið með Sandá til upptaka. Þaðan er farið til austurs með kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Möðruvallaafréttar í sveitarfélagamörk milli Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Síðan er sveitarfélagamörkum, sem liggja nokkurn veginn á vatnaskilum milli Eyjafjarðarár og Fnjóskár, fylgt til suðurs þar til vatnaskilin fara að beygja til vesturs en frá þeim punkti er farið til norðvesturs milli Núpufellsdals og Sölvadals þar til komið er að hornmarki við kröfusvæði gagnaðila íslenska ríkisins vegna Æsustaðatungna á Tungnaffjalli. Frá þeim punkti er kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Möðruvallaafréttar og Æsustaðatungna fylgt til austurs í Sölvadalsá og síðan Sölvadalsá í upphafspunkt á ármótum hennar og Sandár.*

---

<sup>296</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Möðruvalla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Sá hluti kröfusvæðis eigenda Möðruvalla sem liggur sunnan Möðruvallaafréttar, svo sem hann er afmarkaður hér að framan, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Í kafla 6.3 er komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði sunnan afréttar á Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, en innan kröfusvæðis Þingeyjarsveitar, sé þjóðlenda. Að sömu niðurstöðu er einnig komist í kafla 6.11 um landsvæði sunnan Hólaafréttar og Jórunnarstaðatungna en innan kröfusvæðis eigenda Hóla og Jórunnarstaða. Þjóðlenda sunnan fyrrnefndra afrétta afmarkast í heild sinni svo og er eins lýst í köflum 6.3 og 6.11:

*Sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi er fylgt til suðurs úr syðsta hluta Urðarvatna að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár. Þaðan er farið beina línu í suður í fyrrnefnd sveitarfélagamörk sunnan við Laugafell í Hnjúkakvísl. Sveitarfélagamörkum er áfram fylgt suður í 1008 m hæðarpunkt í fjallinu Klakki. Þá er sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar fylgt til suðausturs gagnvart Árnes- og Rangárvallasýslum og síðan áfram til norðvesturs gagnvart Þingeyjarsveit þar til Fnjóská sker umrædd sveitarfélagamörk. Fnjóská er fylgt í punkt skammt sunnan við Einstökutorfu gegnt 930 m hæðarpunkti í vestri. Þá er farið í fyrrnefndan hæðarpunkt til vesturs og síðan beina stefnu í norður í punkt þar sem vatnaskil Eyjafjarðarár og Fnjóskár fara að beygja til vesturs á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Þaðan er farið til norðvesturs í skurðpunkt við línu sem dregin er á milli 916 m hæðarpunkts og 974 m hæðarpunkts. Síðastnefndri línu er þá fylgt til suðvesturs í 975 m hæðarpunkt upp af Eyjafjarðardal. Þaðan er síðan farið til norðvesturs í fyrstnefndan punkt í syðsta hluta Urðarvatna.*

## **6.7 Æsustaðatungur**

### **6.7.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Æsustaðatungur og þinglýstir eigendur Æsustaða gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.6.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og hefur leguna norðvestur–suðaustur. Liggur svæðið í austanverðu Tungnafjalli (1038 m) og rennur Sölvadalsá að austan. Rís lands skarpt til vesturs upp af Sölvadalsá í yfir 1000 m hæð.

## 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Til hliðsjónar megi hafa almennar lýsingar landamerkjabréfa jarða á svæðinu sem lýsi almennt til fjallsbrúnar eða til miðfjalls, auk þess sem gjarnan sé miðað við upptök áa (í dalbotnum). Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur og hafi það svæði verið notað sameiginlega af Eyfirðingum og öðrum.

Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé og hafi verið samnotafréttur jarða á svæðinu, að því leyti sem um nýtanlegt beitarsvæði sé að ræða. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrð tilteknum jörðum sé ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Ekki er fallist á beina eignarréttarkröfu vegna Æsustaðatungna með vísan til afréttarlýsinga á svæðinu. Í sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu séu Æsustaðatungur taldar einn af afréttum Eyfirðinga og sama komi einnig fram í ritinu *Göngur og réttir*.

Þannig er hafnað eignarréttarkröfu Æsustaða til afréttarlands fram af Sölvadal „sem Aðaltungur nefnast, eða Æsustaðatungur öðru nafni ...“ sbr. landamerkjabréf frá 21. janúar 1890. Á því er byggt að svæðið hafi verið aðskilið frá jörðinni Æsustöðum og eingöngu verið nýtt til sumarþeirrar fyrir búfé, án nokkurrar búsetu eða annarra nytja. Svæðið hafi því aldrei haft stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti.

Jafnframt er á það bent að merki svæðisins séu óljós sem og annarra svæða á þessum slóðum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Æsustaða, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á venju. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðila þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðila verið þinglýst athugasemdalaust. Hafi ríkið ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra merkja Æsustaða sé ekki beinum eignarrétti háð.



---

Verði að telja það hafa mikla þýðingu að gagnaðilar hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna en ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

Kröfugerð ríkisins er mótmælt í heild sinni. Taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild og telja verði þá skoðun ríkisins fráleita að landnám hafi ekki náð til heiða og fjalla í Eyjafjarðarsveit, enda ekki reista á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

Þá er vísað til þess að gagnaðilar hafi réttmætar ástæður til að vænta að land innan þeirra landamerkjanna sem lýst sé í landamerkjabréfi sé beinum eignarrétti háð. Loks er vísað til hefðarsjónarmiða.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Æsustaða og Æsustaðatungna er rakin í kafla 5.6. sjá einnig kafla 5.11 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Æsustaðir hafi verið sjálfstæð jörð.<sup>297</sup> Æsustaðatungna er fyrst getið í jarðamatinu 1849 þar sem segir að afrétt Æsustaða í Æsustaðatungum fram af Sölvadal dugi jörðinni til heimilisþarfa. Í lögfestu Möðruvalla frá 1739 eru lögfestar „Túngurnar fyrir vestann ána í Sölvadal“ og er þar líklega átt við það sem nú er kallað Æsustaðatungur. Æsustaðir liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskildir frá afréttarlandinu af öðrum jörðum. Í landamerkjabréfi Æsustaða frá 21. janúar 1890, þingl. 13. maí sama ár er annars vegar lýst merkjum „heimalandsins“ og hins vegar merkjum „afrjettarlands“ fram af Sölvadal sem „... Aðaltungur nefnast eða Æsustaðatungur ...“ Af heimildum má ráða að landsvæði þetta hafi haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku Þjóðlendulaga.<sup>298</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Æsustaðatungna er lýst í framangreindu landamerkjabréfi. Engar eldri merkjalýsingar eru til fyrir Æsustaðatungur. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru kröfusvæði Núpufellsdals til vesturs og kröfusvæði vegna Möðruvallaafréttar til suðurs og austurs. Norðanverð austurmörk kröfusvæðisins liggja að Ánastöðum sem eru utan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni

---

<sup>297</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>298</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

niðurstöðu um landamerki Æsustaðatungna með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Æsustaða eru merki Æsustaðatungna í heild sinni svofelld: „Að norðan Kollhóll, sem er lítið eitt fyrir framan Þormódsstaðaá, þar sem hún fellur í Sölvadalsá, að sunnan eru klettur þeir, sem Hrafnabjörg nefnast, merkjatakmörk og eru þeir nokkru framar en í miðjum dalnum.“ Bréfið er áritað vegna Núpufells og Möðruvalla. Þannig er merkjum ekki sérstaklega lýst til austurs og vesturs en í kröfugerð gagnaðila ríkisins eru þau miðuð við Sölvadalsá til austurs og Tungnafjall til vesturs.

Í landamerkjabréfi Núpufells, frá 19. maí 1890, þingl. 17. maí 1892, er Núpufellsdal lýst til austurs „á fjall upp.“ Geta þessi merki samrýmst takmörkuðum lýsingum á vesturmerkjum í landamerkjabréfi Æsustaða, sjá nánar í kafla 6.7. Bréfið er áritað vegna Æsustaða.

Í landamerkjabréfi Möðruvalla frá 28. apríl 1886, þingl. 24. maí 1888, er merkjum „afrjettarlands“ Möðruvalla til vesturs, gagnvart kröfusvæði Æsustaðatungna, lýst þannig að afrjettarlandið sé Sölvadalur allur að austan [...] og Hraunárdalur allur „báðu megin og þaðan suður á fjall, að svo nefndu „Laugafelli.““ Bréfið er áritað um samþykki vegna Æsustaða. Margar eldri heimildir um afrétt Möðruvalla eru í samræmi við þessar lýsingar að öðru leyti en því að merkin ná ekki suður að Laugafelli, sjá nánar í kafla 6.6. Svo sem áður er rakið er merkjum Æsustaðatungna ekki lýst nákvæmlega til austurs en þessi lýsing mælir þeim ekki í mót.

Merki Ánastaða liggja að litlum hluta að kröfusvæði vegna Æsustaðatungna til austurs. Samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, þingl. 24. maí 1887, geta þau samræmst lýsingu á Æsustaðatungum en milli svæðanna liggur Sölvadalsá

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar á Æsustaðatungum í landamerkjabréfi Æsustaða, svo langt sem sú lýsing nær, sé tekið mið af staðháttum og lýsingum á aðliggjandi landsvæðum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi

---

menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Æsustaði var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 og þar lýst sérstaklega aðskildu landsvæði sem kallað er „afrjettarland“ jarðarinnar. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns. Svo sem rakið hefur verið hér að framan telur óbyggðanefnd bréfið óljóst um mörk Æsustaðatungna til vesturs og austurs.

Í sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu, sem eru frá árinu 1840, segir: „Afréttir í Möðruvallasókn eru Sölvadalurinn fram frá Anastöðum [...] þar að auki Núpufellsdalur og Æsustaðatungur, liggja undir bæi þá í sókninni er þeir nefnast eftir.“ Í ritinu *Göngur og réttir*, IV. bindi, er fjallað um afrétti Fram-Eyfirðinga en þar kemur fram að afréttarsvæði séu „... aðallega dalir og daladrög fram af byggðinni. [...] Mest er landrými í Æsustaðatungum og í Gnúpufells og Þormóðsstaðadal...“ Samkvæmt jarðamatinu 1849 segir að afrétt Æsustaða í Æsustaðatungum fram af Sölvadal dugi jörðinni til heimilisþarfa. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir um Möðruvelli að staðurinn eigi „Afrjettarland [...] framm úr Sölvadal, sem heitir Sölvadalstúngur“. Er líklegt að á þessum tíma hafi Æsustaðatungur verið fyrrnefndar Sölvadalstungur.

Af heimildum má ráða að Æsustaðatungur hafa fyrst legið undir Möðruvelli en síðar undir Æsustaði en landfræðilega aðskildar frá jörðinni og afmarkað sérstaklega í landamerkjabréfi Æsustaða, þar sem það er nefnt „afrjettarland“. Þess er jafnan getið í tengslum við afréttarnot, sbr. framangreindar heimildir. Ekkert bendir til að þar hafi verið byggð og engin gögn liggja fyrir um önnur not en sumarbeit. Svæðið er að stórum hluta hálent og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Æsustaðatungur hafi verið afréttur Æsustaða í þeim skilningi að jörðin hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2., en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum

---

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Æsustaða eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeildar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Æsustaða, ekki verið sýnt fram á að Æsustaðatungur séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>299</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Æsustaða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumardeildar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Æsustaðatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Núpá er fylgt til suðurs frá þeim stað þar sem Kollhóll liggur við ána, í punkti 5 í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Þaðan er ánni fylgt upp í Sölvadalsá. Síðan er síðastnefndri á fylgt til suðurs þar til komið er að Hrafnabjörgum, eða punkti 2 í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Þaðan er farið til vesturs í Tungnafjall og kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins fylgt til norðurs með hæstu brúnum Tungnafjalls alveg í Kollhól og þaðan aftur í Núpá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Æsustaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.8 Núpufellsdalur**

### **6.8.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfufusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Núpufellsdalur og þinglýstur eigandi Núpufells gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.7.

Landsvæði það sem hér er um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og hefur leguna norðvestur–suðaustur. Liggur svæðið í vestanverðu Tungnafjalli (1038 m) og rennur Þormódsstaðaá að vestan. Rís land skarpt upp til austurs að norðanverðu

---

<sup>299</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

upp af Þormódsstaðaá í yfir 1000 m hæð en er hallaminna er sunnar dregur. Dalurinn er nokkuð gróinn neðst en gróður minnkar er ofar dregur.

### 6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggi utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Til hliðsjónar megi hafa almennar lýsingar landamerkjabréfa jarða á svæðinu sem lýsi almennt til fjallsbrúnar eða til miðfjalls, auk þess sem gjarnan sé miðað við upptök áa (í dalbotnum). Hafa beri í huga að umrædd svæði liggi fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísast til landnámslýsinga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfussvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur og hafi það svæði verið notað sameiginlega af Eyfirðingum og öðrum.

Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlenskrafu miðist við sé og hafi verið samnotafréttur jarða á svæðinu, að því leyti sem um nýtanlegt beitarsvæði sé að ræða. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Að því er varðar Núpufellsdal sérstaklega er ekki fallist á beina eignarréttarkröfu vegna dalsins með vísan til afréttarlýsinga á svæðinu. Í sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu sé dalurinn talinn einn af afréttum Eyfirðinga en hið sama komi einnig fram í ritinu *Göngur og réttir*. Þá hafi svæðið verið aðskilið frá jörðinni Núpufelli, eingöngu nýtt til sumarþegar og aldrei haft stöðu jarðar að lögum. Jafnframt sé á það bent að merki svæðisins séu óljós sem og annarra svæða á þessum slóðum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýsts eiganda Núpufells, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeiganda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á venju. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðila þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Öllum heimildarskjölum gagnaðila hafi verið þinglýst athugasemdalaust. Hafi ríkið ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra merkja Núpufells sé ekki beinum eignarrétti háð. Verði að telja það hafa mikla þýðingu að gagnaðili hafi um langt skeið gengið út frá

---

því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnslulaga um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnslulaga en ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

Kröfugerð ríkisins er mótmælt í heild sinni. Taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild og sé sú skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða og fjalla í Eyjafjarðarsveit fráleit, enda ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

Loks er vísað til þess að gagnaðili hafi réttmætar ástæður til að vænta þess að land innan landamerkja sem lýst sé í landamerkjabréfi sé beinum eignarrétti háð. Loks er vísað til hefðarsjónarmiða.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Núpufells og Núpufellsdals er rakin í kafla 5.7, sjá einnig kafla 5.11 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Núpufell hafi verið sjálfstæð jörð.<sup>300</sup> Núpufellsdals er fyrst sérstaklega getið í sýslu- og sóknarlýsingu Eyjafjarðarsýslu frá 1840 þar sem hann er talinn upp meðal afrétta í Möðruvallasókn. Í landamerkjabréfi Núpufells frá 19. maí 1890 og þingl. 17. maí 1892, er annars vegar lýst merkjum „heimalandsins“ og hins vegar merkjum „afrjettarlands“. Jörðin Núpufell liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá afréttarlandinu af öðrum jörðum. Í nokkrum eldri heimildum um jörðina Þormódsstaði, sem var í eigu Núpufells, eru lýsingar á Þormódsstaðadal sem benda til þess að Núpufellsdalur hafi áður verið hluti Þormódsstaðadals. Síðar hafi svæðið austan megin Þormódsstaðaár verið nefnt Núpufellsdalur en vestari hlutinn áfram kallaður Þormódsstaðdalur.

Við gildistöku þjóðlendlaga má ljóst vera að Núpufellsdalur hafi haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendlaga.<sup>301</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendlaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum „afrjettarlands“ Núpufells á Núpufellsdal er lýst í framangreindu landamerkjabréfi. Engar eldri merkjalýsingar eru til sem fjalla um land í Núpufellsdal en einhverjar hafa fundist fyrir Þormódsstaðadal sem virðist áður fyrr hafa náð yfir svæðið austan megin Þormódsstaðaár sem nú er Núpufellsdalur. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland Þormódsstaða og kröfusvæði vegna

---

<sup>300</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>301</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Þormódsstaðasels til vesturs, kröfusvæði vegna Möðruvallaafréttar til suðurs og austurs og vegna Æsustaðatungna til norðausturs. Til norðvesturs og norðurs eru Þormódsstaðir og Ánastaðir sem liggja utan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki „afrjettarlands“ á Núpufellsdal með tilliti til ágreiningsvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi Núpufells frá 1890 eru merki „afrjettarlands“ á Núpufellsdal í heild sinni svohljóðandi: „Afrjettarland á jörðin Núpufellsdal allan, austan við Þormódsstaðadalsá, framan úr dalsdragi og út í svonefndan Tungusporð, og þaðan fram í Kollhól, sem er heimarlega í Æsustaðatungum. Liggja merkin neðan frá árgili rjettlynis yfir hólinn á fjall upp.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Möðruvalla og Æsustaða.

Samkvæmt landamerkjabréfi Þormódsstaðasels frá 10. maí 1890, þingl. 20. maí 1890, eru merki til austurs einnig miðuð við Þormódsstaðadalsá. Bréfið er ekki áritað vegna Núpufells. Í lögfestu Þormóðstaða frá 1843 er Þormódsstaðadal einnig lýst til austurs „að Þormódsstaðadals Anni“, sbr. kafla 6.9.

Í landamerkjabréfi Möðruvalla frá 28. apríl 1886 og þingl. 24. maí 1888 og eldri heimildum um jörðina eru merki „afrjettarlands“ Möðruvalla til vesturs, gagnvart kröfusvæði Núpufells, lýst þannig að afréttarlandið sé „Sölvadalur allur [...]“. Bréfið er áritað um samþykki vegna Núpufells. Lýsing þessi er heldur ónákvæm en af henni má þó ráða að hún geti samrýmst mörkum Núpufellsdals til austurs. Sjá nánar í kafla 6.6.

Samkvæmt landamerkjabréfi Æsustaða frá 21. janúar 1890, þingl. 17. maí 1892, eru merki „afrjettarlands“ Æsustaða, gagnvart kröfusvæði Núpufells, miðuð við Hrafnabjörg sem eru klettar fyrir miðjum Sölvadal. Að öðru leyti er merkjum ekki lýst til vesturs. Bréfið er áritað um samþykki vegna Núpufells. Miða gagnaðilar íslenska ríkisins við að mörk milli Æsustaðatungna og Núpufellsdals séu dregin meðfram hæstu punktum Tungnafjalls og síðan niður í Kollhól. Lýsing Æsustaðatungna er óljós til vesturs en merki Núpufellsdals miða við að farið sé „á fjall upp“. Á milli svæðanna liggur fyrrnefnt Tungnafjall og má ráða af staðháttum og landamerkjabréfi Núpufells að það hafi átt að greina svæðin að.

Samkvæmt framangreindu miðar landamerkjabréf Núpufells merki Núpufellsdals að austan við „fjallið“ en að sunnan við „dalsdrög“ og eru merkin að því leyti óljós. Núpufellsdalur hefur leguna norður-suður en upp af honum til austurs liggur Tungnafjall sem skilur hann frá Sölvadal. Sunnan dalsins tekur við háslétta í u.þ.b. 1000 m hæð. Svo sem að framan er rakið má ráða að hæsti hluti Tungnafjalls skilji að Æsustaðatungur og Núpufellsdal. Kröfusvæði Möðruvallaafréttar liggur að suðurmörkum kröfusvæðis vegna Núpufellsdals. Um Möðruvallaafrétt er fjallað í kafla 6.6. og þar er komist að þeirri niðurstöðu að afrétturinn nái ekki að suðurmörkum Núpufellsdals. Staðsetning á „dalsdrögum“ Núpufellsdals í landamerkjabréfi Núpufells er þannig óljós og engin frekari viðmið hafa verið

---

tilgreind af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins við afmörkun á landsvæðinu en „dalsdrög“ eða „vatnaskil“. Gagna um vatnaskil á svæðinu var aflað hjá vatnamælingum Veðurstofu Íslands en afmörkun gagnaðila miðar ekki við legu þeirra. Óbyggðanefnd telur, miðað við staðhætti, að miða eigi merkin við línu sem hefur stefnu milli 916 m hæðarpunkts og 974 m hæðarpunkts sem liggja á hásléttunni sunnan við dalina á þessum slóðum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Núpufell var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 og þar lýst sérstaklega aðskildu landsvæði sem kallað er „afrjettarland“ jarðarinnar. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst svo langt sem sú lýsing nær en lýsingar eru óljósar á suður- og sunnanverðum austurmerkjum þar sem miðað er við „dalsdrög“ og „á fjall upp“. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Í sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu, sem eru frá árinu 1840, segir: „Afréttir í Möðruvallasókn eru Sölvadalurinn fram frá Ánastöðum [...] þar að auki Núpufellsdalur og Æsustaðatungur, liggja undir bæi þá í sókninni, er þeir nefnast eftir.“ Í ritinu *Göngur og réttir* er fjallað um afrétti Fram-Eyfirðinga en þar kemur fram að afréttarsvæði séu „aðallega dalir og daladrög fram af byggðinni. [...] Mest er landrými í Æsustaðatungum og í Gnúpufells og Þormódsstaðadal“. Núpufellsdalur er talinn upp í skrá yfir afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu frá 1894. Þá er einnig minnst á dalinn í yngri afréttarskrám.

Í lögfestu fyrir Núpufell, frá árinu 1622, er að finna lýsingu á landamerkjum Núpufells en síðan er einnig lögfest „Þormódzkot með öllum Þormódzdal allt j midian tungusporð.“ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 í umfjöllun um Núpufell segir að Þormódsstaðadalur liggja undir jörðina en „hann er framm frá



---

Þormódsstaðalandi, og er selland vestan framm [...] Afrjettur er austan framm á dalnum“

Af heimildum má ráða að landsvæðið hafi ævinlega verið nýtt til beitar. Samkvæmt elstu heimildum, sbr. lögfestu Núpufells frá 1622 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, virðist Núpufellsdalur hafa verið kallaður Þormódsdalur eða Þormódsstaðadalur og þá einnig svæðið vestan megin Þormódsstaðarárinnar en jörðin Þormódsstaðir liggur utarlega í dalnum. Það er fyrst í sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðar frá 1840 sem heitið Núpufellsdalur kemur fram í heimildum, að því er virðist. Það kann að tengjast því að byggð hófst í Þormódsstaðaseli árið 1835 og dalurinn vestan megin árinna þá sérstaklega lagður undir býlið. Jörðin Þormódsstaðir var, allt frá 14. öld, í eigu Núpufellskirkju og síðar Núpufellsbænda. Orðalag lögfestu Núpufells, frá 1622, ber með sér að undir „Þormódzkot“ eða Þormódsstaði hafi Þormódsdalur allur legið, þ.e. bæði vestan og austan árinna, „allt j midian tungusporð“ en á síðastnefndan tungusporð er einnig minnst í landamerkjabréfi Núpufells. Með búsetu í Þormódsstaðaseli og breytingu á eignarhaldi á dalnum var landsvæðinu skipt upp og er það sú skipting sem endurspeglast í landamerkjabréfum fyrir Þormódsstaði, Þormódsstaðasel og Núpufell.

Óbyggðanefnd telur að þó Núpufellsdalur hafi fyrr og síðar verið nýttur til beitar verði til þess að líta að elstu heimildir um Núpufell benda til þess að hann hafi verið hluti af jörðinni Þormódsstöðum sem var um langt skeið í eigu Núpufellskirkju. Óumdeilt er að Þormódsstaðir, sem liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu, hafa stöðu jarðar að lögum. Niðurstaða óbyggðanefndar í umfjöllun um ágreiningssvæði vegna Þormódsstaðasels er á þá leið að Þormódsstaðasel hafi einnig stöðu jarðar að lögum, sbr. kafla 6.9., því það var áður hluti jarðarinnar Þormódsstaða. Verða framangreindar heimildir taldar benda til þess að Núpufellsdalur sé háður beinum eignarrétti. Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt upp til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess.

Af öllu framansögðu telur óbyggðanefnd nægilega leitt í ljós að land í Núpufellsdal hafi haft stöðu jarðar, í þeim skilningi að eigendur Núpufells hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.<sup>302</sup> Enda þótt nýting fjallendis hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Heimildir um afrétt vísi því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þá verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

---

<sup>302</sup> Sbr. umfjöllun um jarðir og afrétti í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Núpufells sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>303</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Núpufells í Núpufellsdal, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.9 Þormódsstaðasel**

### **6.9.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Þormódsstaðasel (Þormódsstaðadalur) og þinglýstur eigandi Þormódsstaða gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.8.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og hefur leguna norðvestur–suðaustur. Liggur svæðið að vestanverðu í Hólafjalli (1036 m og 1048 m) en Þormódsstaðaá rennur að austan í um 300 m hæð. Rís land skarpt upp til vesturs að norðanverðu upp af Þormódsstaðaá í yfir 1000 m hæð en er hallaminna er sunnar dregur. Dalurinn er nokkuð gróinn neðst en gróður minnkar er ofar dregur.

### **6.9.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur ríkisins taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að þær hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra en ekki til hálendissvæða, þ.e. sunnan þjóðlendukröfulínu. Til hliðsjónar megi hafa almennar lýsingar landamerkjabréfa jarða á svæðinu sem lýsi almennt til fjallsbrúnar eða til miðfjalls, auk þess sem gjarnan sé miðað við upptök áa (í dalbotnum). Hafa beri í huga að umrædd svæði liggja fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd og fjalllendi eða öræfasvæði, sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur og hafi það svæði verið notað sameiginlega af Eyfirðingum og öðrum.

Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan þeirra lína sem þjóðlendukrafa miðist við sé og hafi verið, að því leyti sem um nýtanlegt beitarsvæði sé að ræða, samnotafréttur jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyr

---

<sup>303</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

tilteknum jörðum sé ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist meira en takmörkuð eignarréttindi.

Ekki er fallist á beina eignarréttarkröfu vegna Þormódsstaðadals með vísan til afréttarlýsinga á svæðinu. Í sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu segi m.a. að Þormódsstaðadalur fram frá Þormódsstöðum sé afréttur í Möðruvallasókn. Hið sama komi fram í ritinu *Göngur og réttir*.

Þannig er hafnað kröfu um eignarland í Þormódsstaðadal en svæðið hafi verið talið liggja undir jörðina Þormódsstaði samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þormódsstaðasel frá árinu 1890. Verði ekki annað ráðið en að Þormódsstaðadalur hafi haft sérstaka stöðu sem afréttarsvæði, aðgreint frá jörðinni, sbr. umrætt bréf. Hafi það því ekki fallið undir beinan eignarrétt jarðarinnar heldur talist til afréttareignar (óbeinna eignarréttinda). Sé þá einnig höfð í huga eignarréttarleg staða nærliggjandi svæða, sbr. afrétt Möðruvalla, Æsustaðatungur og afrétt Núpufells. Jafnframt er á það bent að merki svæðisins séu óljós sem og annarra svæða á þessum slóðum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýsts eiganda Þormódsstaða, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á venju. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðila þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðila verið þinglýst athugasemdalaust. Hafi ríkið ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra merkja Þormódsstaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Verði að telja það hafa mikla þýðingu að gagnaðili hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnarsýslulaga um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga en ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

Kröfugerð ríkisins er mótmælt í heild sinni. Taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild og fráleit sú skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða og fjalla í Eyjafjarðarsveit enda ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

Loks er vísað til þess að gagnaðili hafi réttmætar ástæður til að vænta þess að land innan landamerkja sem lýst sé í landamerkjabréfi sé beinum eignarrétti háð. Þá er vísað til hefðarsjónarmiða.

### 6.9.3 Niðurstaða

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 var gert landamerkjabréf þar sem lýst er „afrjetti í Eyjafjarðardal“ og síðar aftur í kjölfar setningar landamerkjalaga nr. 41/1919. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að landamerkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná nær en mörk landsvæðisins til suðurs og austurs eru ekki nákvæmlega tilgreind. Innan þess svæðis hafa síðan svokallaðar Torfur eða Jórunnarstaðatungur verið afmarkaðar sérstaklega og seldar úr landinu. Verður ekki betur séð en að sú afmörkun rúmist innan lýsingar í landamerkjabréfum fyrir Hóla. Umrædd landamerkjabréf voru þinglesin og færð í landamerkjabók sýslumanns. Að því er varðar suðurmörk Hólaafréttar telur óbyggðanefnd ekki í ljós leitt að land sunnan Eyjafjarðardals hafi verið innan landamerkja afréttarins fyrir gerð landamerkjabréfsins árið 1889.

Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla og inn til lands landnám á þessu svæði náði. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við

---

túlkun landnámslýsinga verður þó að telja fremur líklegt að nyrsti og láglandasti hluti þessa landsvæðis hafi verið numinn en vafi um þetta atriði hlýtur að vaxa eftir því sem sunnar dregur og land hækkar. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri landsvæðinu liggja eru þjóðlendur til allra átta nema norðurs og norðausturs, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1, 2 og 4/2008 hjá óbyggðanefnd.

Um réttindi Hóla í Eyjafjarðardal er fjallað í fjölda heimilda. Í sölubréfi fyrir Hóla frá 14. mars 1375 er minnst á Eyjafjarðardal. Þar segir: „þar med eyiafiardardal fram fra klifsaá jardareign.“ Í umfjöllun um Hóla í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 greinir síðan frá afrétt „fram frá Tjarnarlandi og botninn á Eyjafjarðardal.“ Í jarðabréfi frá 1765 kemur þetta fram um Hóla: „Leingra frá liggur ad sönnu Land under Þessa Jörd, sem kallast Eyafiardardalur, sem Abuendur [svo] vegna fiarlægðar gete ei notid sier nema til Beitar, fyrer Hross og gielldfie umm Ha Sumar“. Síðan kemur fram í jarðamatinu 1849 Hólar eigi afrétt á svokölluðum „Eyjafjarðardal beggja megin.“ Í skrá um afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu frá 1894 er minnst á „Hóladal“. Í umfjöllun um afrétti Fram-Eyfirðinga í ritinu *Göngur og réttir* IV. bindi segir frá Eyjafjarðardal fram frá Tjörnum að það muni „vera lengsti dalurinn sem Saurbæjarhreppi tilheyrir, allt að 20 km að lengd.“ Fyrir svæðið er sérstök lýsing í landamerkjabréfum Hóla og þar er það nefnt „afrjett í Eyjafjarðardal“ í eldra bréfi Hóla en síðan kallað „afréttarland“ í því yngra.

Óbyggðanefnd telur að þær heimildir sem raktar hafa verið sýni ótvírætt að Eyjafjarðardalur sunnan Klaufár og landsvæðið vestan hans að sveitarfélagamörkum og að austan til fjalla tilheyri Hólaafrétti frá fornu fari og sé afréttur í þeim skilningi að jarðirnar Hólar og Jórunnarstaðir eigi þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.<sup>311</sup>

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Hóla eru komnir að rétti sínum til þeirra. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að hann hafi, eftir atvikum, orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Um hluta landsvæðisins utan merkja Hólaafréttar er fjallað í ritinu *Göngur og réttir*, IV. bindi. Þar segir um svokölluð „Fjöll“ að þau nái frá Geldingsá, sem fellur í Jökulsá eystri í Skagafirði, og allt til Hofsjökuls, suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga. Land þetta liggja „vestar og miklu sunnar en venjulegar fjárleitir Eyfirðinga ná.“ Í fyrrnefndu riti kemur einnig fram að reglulegar göngur hafi ekki verið gerðar á þetta landsvæði fyrr en eftir miðja nítjándu öld er Eyfirðingar fóru að ganga þar syðra á haustin en síðar hafi Skagfirðingar einnig farið að smala svæðið

---

<sup>311</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

með þeim. Þá segir að haustið 1966 hafi síðasta samsmölunin verið gerð en í kjölfar „Nýjabæjardómsins“ hafi Eyfirðingar hætt að smala þetta svæði. Til er frumvarp til samþykktar um fjárleitir á öræfunum milli Skjálfandafljóts að norðan og Jökulsár eystri í Skagafirði að vestan frá 1912. Hluti af því svæði virðist rúmast innan suðurhluta kröfusvæðisins. Ekki er minnst á svæðið sunnan afréttarins í afréttarskrám.

Engar heimildir benda þannig til þess að landsvæðið sunnan Hólaafréttar hafi tilheyrð Hólum. Fær sú niðurstaða stuðning af skýrslum aðila sem gefnar voru fyrir óbyggðanefnd. Verður að öðru leyti ekki talið að fjárleitir Eyfirðinga á „Fjöllunum“, sem munu hafa lagst af á fyrri hluta síðustu aldar, hafi skapað eigendum Hóla og Jórunnarstaða bein eða óbein eignarréttindi yfir því svæði sem liggur sunnan Hólaafréttar samkvæmt framangreindu.

Með vísan til 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998 skal tekið fram hér að á fyrri stigum málsmeðferðar voru kröfur aðila sérstaklega kynntar viðkomandi sveitarfélögum, þ. á m. Eyjafjarðarsveit, sbr. kafla 2.3. Þannig tók þáverandi sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit þátt í vettvangsferð í máli þessu, en af hálfu sveitarfélagsins voru ekki lagðar fram neinar kröfur. Fyrir liggja dómafordæmi Hæstaréttar um að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli sjá nánar í kafla 8.1.1. í viðauka með úrskurði þessum. Það hvort á því landsvæði sem hér um ræðir kunnir að vera samnotaafréttur jarða í sveitarfélaginu kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Í landamerkjabréfi Nýjabæjar í Eyjafjarðarsveit er gerð grein fyrir upprekstrarétti í Hólaafrétt. Af gögnum málsins verður ekki séð að sérstökum réttindum hafi verið lýst samkvæmt lögum nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Að öðru leyti hafa eigendur þeirrar jarðar ekki lagt fram frekari gögn um afréttarnot sín á svæðinu. Er því ekki fallist á að eigendur Nýjabæjar eigi afréttareign í Hólaafrétti.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Hólaafréttur og landsvæðið sunnan hans sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>312</sup> Heimildir benda hins vegar til að Eyjafjarðardalur sunnan Klaufár og landsvæðið vestan hans að sveitarfélagamörkum og að austan til fjalla sé í afréttareign Hóla og svokallaðar Torfur eða Jórunnarstaðatungur liggja innan þess. Að teknu tilliti til staðháttar telur óbyggðanefnd rétt að túlka heimildir um afmörkun Hólaafréttar þannig að merki miðist við fjallstinda austur og suður af innstu dalsdrögum Eyjafjarðardals og síðan dregin lína til sveitarfélagamarka við Urðarvötn.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó

---

<sup>312</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að kröfusvæði eigenda Hóla og Jórunnarstaða sé þjóðlenda. Með vísan til þess sem að framan greinir, skiptist sú þjóðlenda í þrjú svæði sem afmörkuð verða hér á eftir en tvö þeirra eru í afréttareign.

Landsvæði það sem hér að framan er lýst, þ.e. Hólaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7.gr. laga nr. 58/1998:

*Frá trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðarár, á móti Klaufá, er dregin lína yfir Strangalækjarfjall og Kerlingarhnjúk, að mörkum Akrahrepps og Eyjafjarðarsveitar í suðurenda Urðarvatns nyrðra. Þaðan er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs þar til komið er að hornmarki við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Jórunnarstaðatungna. Þeirri línu er þá fylgt til norðausturs í Fremri-Strangalæk sem fylgt er í Eyjafjarðará. Eyjafjarðará er fylgt til suðurs í Sandá. Þá er Sandá fylgt í suðvestur í skurðpunkt við línu sem liggur milli syðsta hluta Urðarvatna og 975 m hæðarpunkts upp af Eyjafjarðardal. Þaðan er farið með fyrrnefndri línu til suðausturs í áðurnefndan 975 m hæðarpunkt. Úr þeim punkti er farið í norðaustur í 974 m hæðarpunkt í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Þá er kröfulínunni fylgt til vesturs í Klaufá og með henni til vesturs og í fyrstnefndan punkt.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Hóla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem hér að framan er lýst, þ.e. Jórunnarstaðatungur eða Torfur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7.gr. laga nr. 58/1998:

*Fremri-Strangalæk er fylgt úr Eyjafjarðará til upptaka. Þaðan er farið í sveitarfélagamörk milli Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Þaðan er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs í syðsta hluta Urðarvatna. Úr þeim punkti er dregin lína í suðaustur í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins og þeirri línu fylgt til norðausturs í Sandá. Síðan er farið með Sandá í Eyjafjarðará og henni fylgt til norðurs í fyrstnefndan punkt þar sem Fremri-Strangilækur rennur í Eyjafjarðará.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Jórunnarstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Sá hluti kröfusvæðis eigenda Hóla og Jórunnarstaða sem liggur sunnan Hólaafréttar og Jórunnarstaðatungna, svo sem svæðin eru afmörkuð hér að framan, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Í kafla 6.3 er komist að þeirri niðurstöðu að landsvæði sunnan afréttar á Bleiksmýrardal, vestan

---

Fnjóskár, en innan kröfusvæðis Þingeyjarsveitar, sé þjóðlenda. Að sömu niðurstöðu er einnig komist í kafla 6.6 um landsvæði sunnan Möðruvallaafréttar en innan kröfusvæðis eigenda Möðruvalla. Þjóðlenda sunnan fyrrnefndra afrétta afmarkast í heild sinni svo og er eins lýst í köflum 6.3 og 6.6:

*Sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi er fylgt til suðurs úr syðsta hluta Urðarvatna að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár. Þaðan er farið beina línu í suður í fyrrnefnd sveitarfélagamörk sunnan við Laugafell í Hnjúkakvísl. Sveitarfélagamörkum er áfram fylgt suður í 1008 m hæðarpunkt í fjallinu Klakki. Þá er sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar fylgt til suðausturs gagnvart Árnes- og Rangárvallasýslum og síðan áfram til norðvesturs gagnvart Þingeyjarsveit þar til Fnjóská sker umrædd sveitarfélagamörk. Fnjóská er fylgt í punkt skammt sunnan við Einstökutorfu gegnt 930 m hæðarpunkti í vestri. Þá er farið í fyrrnefndan hæðarpunkt til vesturs og síðan beina stefnu í norður í punkt þar sem vatnaskil Eyjafjarðarár og Fnjóskár fara að beygja til vesturs á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Þaðan er farið til norðvesturs í skurðpunkt við línu sem dregin er á milli 916 m hæðarpunkts og 974 m hæðarpunkts. Síðastnefndri línu er þá fylgt til suðvesturs í 975 m hæðarpunkt upp af Eyjafjarðardal. Þaðan er síðan farið til norðvesturs í fyrstnefndan punkt í syðsta hluta Urðarvatna.*

## **6.12 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við undirbúning úrskurðar um málskostnað fór óbyggðanefnd yfir fjölda kröfulýsinga, greinargerða og umbjóðenda hvers lögmanns, reiknaði tíma við fyrirtökur, aðalmeðferð málsins og ferðalög og lagði mat á efnislegt umfang einstakra ágreiningssvæða og álitamála. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Tímaskýrslur lögmannna hafa verið skoðaðar með hliðsjón af framangreindu. Í þessu sambandi skal tekið fram að með málskostnaðarákvörðun er komist að tölulegri niðurstöðu um atriði sem eðli máls samkvæmt er ekki að öllu leyti hægt að sundurliða með nákvæmum útreikningsaðferðum. Fjárhæð úrskurðaðs málskostnaðar er niðurstaða af samofnu heildarmati á þessum atriðum.



---

Í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmönnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

Svo sem rakið er í kafla 2.3 setti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fram þjóðlendukröfur sínar á svæði 7 (suður) í mars 2008. Í ágúst sama ár var hluti þessara krafna dreginn til baka. Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins kom fram sú skýring af hálfu ríkisins að uppkvaðning úrskurða óbyggðanefndar á svæði 6 í júní 2008 hafi haft áhrif, sem og kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins á svæði 7 (suður) og önnur framkomin gögn. Í október 2008 veitti óbyggðanefnd málsaðilum frest til að gera sátt um greiðslu fyrir hagsmunagæslu vegna þeirra sem af þessari ástæðu ættu ekki lengur aðild að máli. Í maí 2009 barst óbyggðanefnd staðfesting á að umræddir **málsaðilar hefðu gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmanskostnaði.**

## 7 ÚRSKURÐARORÐ<sup>313</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Bleiksmýrardalur, vestan Fnjóskár, er þjóðlenda skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Fnjóská er fylgt til suðurs frá þeim stað þar sem Skarðsá rennur í hana þar til komið er skammt sunnan við Einstökutorfu til móts við 930 m hæðarpunkt í vestri. Þaðan er farið beint til vesturs í fyrrnefndan 930 m hæðarpunkt. Þá er farið til norðurs í punkt þar sem vatnaskil Eyjafjarðarár og Fnjóskár skera sýslu- og sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Sveitarfélagamörkum er fylgt til norðurs þar til komið er til móts við upptök Skarðsár. Þaðan er kröfulínu aðila fylgt til austurs í upptök Skarðsár og ánni fylgt að upphafspunkti þar sem hún rennur í Fnjóská.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár (Þingeyjarsveitar), sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Hluti þess svæðis sem hér hefur verið lýst þjóðlenda í afréttareign er háður sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Almennigur í Öngulsstaðahreppi, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Þverá er fylgt til suðurs frá þeim stað þar sem Melrakkadalsá rennur í hana að ármótum við Skarðslæk. Þaðan er Skarðslæk fylgt til austurs í Þröskuld í Gönguskarði sunnanverðu á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Þaðan er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs þar til komið er að hornmarki við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Munkaþverár. Þeirri kröfulínu, sem jafnframt er kröfulína vegna Almennings, er síðan fylgt til norðurs í upptök Melrakkadalsár. Þá er Melrakkadalsá fylgt til norðurs í fyrstnefndan punkt þar sem hún rennur í Þverá.*

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. afréttarland Munkaþverár, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Farið er úr upptökum Melrakkadalsár til suðurs með kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins í sveitarfélagamörk milli Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Þaðan er fyrrnefndri kröfulínu fylgt til norðvesturs í upptök Mjaðmár. Úr þeim punkti er kröfulínunni fylgt til norðausturs í fyrstnefndan punkt í upptökum Melrakkadalsár.*

<sup>313</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamanur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

---

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Munkaþverár, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. afréttarland Stóra-Hamars I og II og Rifkelsstaða I og II, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Farið er úr upptökum Mjaðmár til suðausturs, með kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins, í sveitarfélagamörk milli Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Þaðan er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs þar til komið er að skurðpunkti við kröfulínu vegna Möðruvallaafréttar. Úr þeim punkti er farið til norðvesturs, með kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins, að skurðpunkti við þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins sem liggur í 1081 m hæðarpunkti. Kröfulínu íslenska ríkisins er síðan fylgt til norðurs í upphafspunkt í upptökum Mjaðmár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Stóra-Hamars I og II og Rifkelsstaða I og II, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. afréttarland Ánastaða, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins er fylgt úr upptökum Sandár til norðausturs þar til komið er að skurðpunkti við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Stóra-Hamars og Rifkelsstaða. Þaðan er kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins fylgt til norðvesturs í skurðpunkt við þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins sem liggur í 1081 m hæðarpunkti. Úr þeim punkti er þjóðlendukröfulínunni fylgt til suðurs í fyrstnefndan punkt í upptökum Sandár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Ánastaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Möðruvallaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Úr ármótum Sölvadalsár og Sandár er farið með Sandá til upptaka. Þaðan er farið til austurs með kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Möðruvallaafréttar í sveitarfélagamörk milli Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Síðan er sveitarfélagamörkum, sem liggja nokkurn veginn á vatnaskilum milli Eyjafjarðarár og Fnjóskár, fylgt til suðurs þar til vatnaskilin fara að beygja til vesturs en frá þeim punkti er farið til norðvesturs milli Núpufellsdals og Sölvadals þar til komið er að hornmarki við kröfusvæði gagnaðila íslenska ríkisins vegna Æsustaðatungna á Tungnafljótti. Frá þeim punkti er kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Möðruvallaafréttar og*

---

*Æsustaðatungna fylgt til austurs í Sölvadalsá og síðan Sölvadalsá í upphafspunkt á ármótum hennar og Sandár.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Möðruvalla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Æsustaðatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Núpá er fylgt til suðurs frá þeim stað þar sem Kollhóll liggur við ána, í punkti 5 í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Þaðan er ánni fylgt upp í Sölvadalsá. Síðan er síðastnefndri á fylgt til suðurs þar til komið er að Hrafnabjörgum, eða punkti 2 í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Þaðan er farið til vesturs í Tungnafljall og kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins fylgt til norðurs með hæstu brúnum Tungnafljalls alveg í Kollhól og þaðan aftur í Núpá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Æsustaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hólaafréttur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðará, á móti Klaufá, er dregin lína yfir Strangalækjarfjall og Kerlingarhnjúk, að mörkum Akrahrepps og Eyjafjarðarsveitar í suðurenda Urðarvatns nyrðra. Þaðan er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs þar til komið er að hornmarki við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Jórunnarstaðatungna. Þeirri línu er þá fylgt til norðausturs í Fremri-Strangalæk sem fylgt er í Eyjafjarðará. Eyjafjarðará er fylgt til suðurs í Sandá. Þá er Sandá fylgt í suðvestur í skurðpunkt við línu sem liggur milli syðsta hluta Urðarvatna og 975 m hæðarpunkts upp af Eyjafjarðardal. Þaðan er farið með fyrrnefndri línu til suðausturs í áðurnefndan 975 m hæðarpunkt. Úr þeim punkti er farið í norðaustur í 974 m hæðarpunkt í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Þá er kröfulínunni fylgt til vesturs í Klaufá og með henni til vesturs og í fyrstnefndan punkt.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Hóla, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Jórunnarstaðatungur eða Torfur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Fremri-Strangalæk er fylgt úr Eyjafjarðará til upptaka. Þaðan er farið í sveitarfélagamörk milli Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Þaðan er sveitarfélagamörkum fylgt til suðurs í syðsta hluta Urðarvatna. Úr*

---

*Þeim punkti er dregin lína í suðaustur í kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins og þeirri línu fylgt til norðausturs í Sandá. Síðan er farið með Sandá í Eyjafjarðará og henni fylgt til norðurs í fyrstnefndan punkt þar sem Fremri-Strangilækur rennur í Eyjafjarðará.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Jórunnarstaða, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. sá hluti kröfusvæða eigenda Hóla, Jórunnarstaða, Möðruvalla og Bleiksmýrardals, vestan Fnjóskár, sem liggur sunnan við Hólaafrétt, Jórunnarstaðatungur, Möðruvallafrétt og afrétt á Bleiksmýrardal, vestan Fnjóskár, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Þjóðlendan afmarkast í heild sinni svo:

*Sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi er fylgt til suðurs úr syðsta hluta Urðarvatna að drögum nyrðri upptakakvíslar Geldingsár. Þaðan er farið beina línu í suður í fyrrnefnd sveitarfélagamörk sunnan við Laugafell í Hnjúkakvísl. Sveitarfélagamörkum er áfram fylgt suður í 1008 m hæðarpunkt í fjallinu Klakki. Þá er sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar fylgt til suðausturs gagnvart Árnes- og Rangárvallasýslum og síðan áfram til norðvesturs gagnvart Þingeyjarsveit þar til Fnjóská sker umrædd sveitarfélagamörk. Fnjóská er fylgt í punkt skammt sunnan við Einstökutorfu gegnt 930 m hæðarpunkti í vestri. Þá er farið í fyrrnefndan hæðarpunkt til vesturs og síðan beina stefnu í norður í punkt þar sem vatnaskil Eyjafjarðará og Fnjóskár fara að beygja til vesturs á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Þingeyjarsveitar. Þaðan er farið til norðvesturs í skurðpunkt við línu sem dregin er á milli 916 m hæðarpunkts og 974 m hæðarpunkts. Síðastnefndri línu er þá fylgt til suðvesturs í 975 m hæðarpunkt upp af Eyjafjarðardal. Þaðan er síðan farið til norðvesturs í fyrstnefndan punkt í syðsta hluta Urðarvatna.*

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Málflutningsþóknun Friðbjörns Garðarssonar hdl.: Hlynur Kristinsson og fleiri, 294.350 kr. vegna Almennings; Ágúst Ásgrímsson og fleiri, 243.600 kr. vegna Ánastaða; Karl Friðrik Karlsson og Sigríður Jóhannsdóttir, 385.700 kr. vegna Hóla; Elísabet Sigurðardóttir og Gestur Páll Júlíusson, 139.200 kr. vegna

---

Jórunnarstaðatungna; Atli Hörður Bjarnason og Gunnar Jónasson, 276.950 kr. vegna Rifkelsstaða I og II; Aðalsteinn Bjarnason, 303.050 kr. vegna Tjarna.

Málflutningsþóknun Gunnars Sólness hrl.: Hlín Steinarsdóttir og Jósef Guðbjartur Kristjánsson, 150.000 kr. vegna Bjarkar; Jósef Guðbjartur Kristjánsson, 600.000 vegna Möðruvallaafréttar.

Málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar hrl.: Ingibjörg Bjarnadóttir, 350.000 kr. vegna Núpufellsdals; Anna Aðalheiður Guðmundsdóttir, 250.000 kr. vegna Munkavverár; Bogi Þórhallsson og fleiri, 150.000 kr. vegna Stóra-Hamars I; Guðrún Sigríður Eiríksdóttir, 150.000 kr. vegna Stóra-Hamars II; Valgarður Snæbjörnsson, 300.000 kr. vegna Þormódsstaðasels; Bragi Steingrímsson og Smári Steingrímsson, 250.000 kr. vegna Æsustaðatungna; Óskar Hlíðberg Kristjánsson og Rósa María Tryggvadóttir, 50.000 kr. vegna Nýjabæjar í Eyjafjarðarsveit.

Málflutningsþóknun Sigurðar Jónssonar hrl.: Þingeyjarsveit, 300.000 kr. vegna Bleiksmýrardals.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Allan V. Magnússon

---

Sif Guðjónsdóttir

---

## II. Aðilaskrá

### Þjóðlendar

Almenningur  
Almenningur  
Almenningur  
Ánastaðir  
Ánastaðir  
Ánastaðir  
Ánastaðir  
Ánastaðir  
Ánastaðir  
Björk  
Björk  
Bleiksmýrardalur vestanverður  
Gnúpufell v. Núpufellsdals  
Hólar  
Hólar  
Jórunnarstaðir v. Jórunnarstaðatungna  
Jórunnarstaðir v. Jórunnarstaðatungna  
Munkaþverá  
Möðruvellir v. afréttar  
Rifkelsstaðir I  
Rifkelsstaðir II  
Stóri Hamar I  
Stóri Hamar I  
Stóri Hamar I  
Stóri Hamar I  
Stóri Hamar II  
Tjarnir  
Þormódsstaðasel v. Þormódsstaðadals  
Æsustaðir v. Æsustaðatungna  
Æsustaðir v. Æsustaðatungna

### Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins

Hlynur Kristinsson  
Rósa Árnadóttir  
Snæbjörn Sigurðsson  
Ágúst Ásgrímsson  
Bylgja Sveinbjörnsdóttir  
Elín Margrét Stefánsdóttir  
Hulda Sigurðardóttir  
Sigurgeir B. Hreinsson  
Ævar Hreinsson  
Hlín Steinarsdóttir  
Jósef Kristjánsson  
Þingeyjarsveit  
Ingibjörg Bjarnadóttir  
Karl Friðrik Karlsson  
Sigríður Jóhannsdóttir  
Elísabet Sigurðardóttir  
Gestur Páll Júlíusson  
Anna Aðalheiður Guðmundsdóttir  
Jósef Guðbjartur Kristjánsson  
Atli Hörður Bjarnason  
Gunnar Jónasson  
Bogi Þórhallsson  
Gunnhildur Þórhallsdóttir  
Jónas Þórhallsson  
Þórgnýr Þórhallsson  
Guðrún Sigríður Eiríksdóttir  
Aðalsteinn Bjarnason  
Valgarður Snæbjörnsson  
Bragi Steingrímsson  
Smári Steingrímsson





### III. Skjalaskrá<sup>314</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 14.3.2008.
- 1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.
- 1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.
- 1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.
- 1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.
- 1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekar frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.2.2008.
- 1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 7A, dags. 14.3.2008.
- 1(10) Yfirlitskort yfir þjóðlendukröfur á svæði 7 suður, A3 blað, mælikvarði 1:400.000 í A2, dags. 14.3.2008.
- 1(11) Tilvísanaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.
- 1(12) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 25.8.2008.
- 1(13) Útprentun af kortaskjá LMÍ sem sýnir Galtará, ódags. en móttekið 25.11.2008.
- 1(14) Bréf Juris til óbyggðanefndar varðandi málskostnað í þjóðlendumálum á svæði 7 suður vegna jarða sem fallið var frá kröfum í, dags. 25.5.2009.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 22.5.2009.  
*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*
- 2(1) Syðrihóll/Skútar í Öngulstaðahreppi, dags. 18.2.1890. (*Merkt 1*).
- 2(2) Garðsá í Öngulstaðahreppi, dags. 10.5.1890. (*Merkt 2*).
- 2(3) Kristnes í Garðsárdal, dags. 23.5.1890. (*Merkt 3*).
- 2(4) Helgársel í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 4*).
- 2(5) Ytra- og Syðra-Laugaland í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 5*).
- 2(6) Uppsafir og Klauf í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 6 a-b*).
- 2(7) Sigtún í Öngulstaðahreppi, dags. 12.5.1886. (*Merkt 7 a-b*).
- 2(8) Múkaþverá (Munkaþverá) í Öngulstaðahreppi, dags. 17.5.1890. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(9) Rifkelsstaðir í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 9*).
- 2(10) Litlihamar í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 10*).
- 2(11) Kambur í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 11*).
- 2(12) Stóri-Hamar og Há-Hamar í Öngulstaðahreppi, dags. 20.5.1886. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(13) Öxnafell með Víðirneslandi í Saurbæjarhreppi, dags. 29.9.1883. (*Merkt 13 a-b*).
- 2(14) Öxnafellskot í Saurbæjarhreppi, dags. 13.5.1889. (*Merkt 14*).
- 2(15) Guðrúnarstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 30.6.1885. (*Merkt 15*).
- 2(16) Guðrúnarstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 16.9.1958. (*Merkt 16*).
- 2(17) Helgastaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 20.5.1886. (*Merkt 17 a-b*).
- 2(18) Kálfargerði (Kálfagerði) í Saurbæjarhreppi, dags. 4.5.1886. (*Merkt 18 a-b*).
- 2(19) Skriða í Saurbæjarhreppi, dags. 23.5.1889. (*Merkt 19 a-b*).

<sup>314</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttu númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(20) Stekkjarflatir í Saurbæjarhreppi, dags. 26.5.1885. (*Merkt 20*).
- 2(21) Björk í Saurbæjarhreppi, dags. 30.6.1885. (*Merkt 21*).
- 2(22) Finnastaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 22.5.1883. (*Merkt 22*).
- 2(23) Kerhóll í Saurbæjarhreppi, dags. 24.5.1887. (*Merkt 23*).
- 2(24) Ánastaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 24.5.1887. (*Merkt 24 a-b*).
- 2(25) Þormódsstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 20.5.1890. (*Merkt 25*).
- 2(26) Þormódsstaðasel í Saurbæjarhreppi, dags. 20.5.1890. (*Merkt 26*).
- 2(27) Núpufell í Saurbæjarhreppi, dags. 19.5.1890. (*Merkt 27 a-c*).
- 2(28) Æsustaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 13.5.1890. (*Merkt 28 a-c*).
- 2(29) Æsustaðagerði (Grænahlíð) í Saurbæjarhreppi, dags. 6.5.1890. (*Merkt 29*).
- 2(30) Arnarstaðir í Saurbæjarhreppi, ódags. en þingl. 20.5.1890. (*Merkt 30*).
- 2(31) Nýibær í Saurbæjarhreppi, dags. 14.12.1922. (*Merkt 31*).
- 2(32) Hólar í Saurbæjarhreppi, dags. 23.5.1889. (*Merkt 32 a-b*).
- 2(33) Hólar í Saurbæjarhreppi, dags. 15.6.1923. (*Merkt 33 a-c*).
- 2(34) Hólakot í Saurbæjarhreppi, dags. 14.12.1921. (*Merkt 34 a-b*).
- 2(35) Jökull í Saurbæjarhreppi, dags. 28.7.1883. (*Merkt 35*).
- 2(36) Halldórsstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 24.11.1888. (*Merkt 36*).
- 2(37) Tjarnir í Saurbæjarhreppi, dags. 15.6.1923. (*Merkt 37 a-b*).
- 2(38) Reykir í Hálshreppi, dags. 16.1.1885. (*Merkt 143 a-b*).
- 2(39) Almennigur í Öngulstaðahreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 113*).
- 2(40) Vatnsendi í Saurbæjarhreppi, dags. 23.5.1889. (*Merkt 114 a-b*).
- 2(44) Jórunnarstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 22.5.1889. (*Merkt 44 a-b*).
- 2(47) Afréttarland Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal, ásamt óstaðfestri uppskrift frá a-b sýslumanninum á Húsavík, dags. 1.4.1885. (*Merkt 144*).
- 2(56) Kambfell í Saurbæjarhreppi, dags. 27.5.1885. (*Merkt 56*).
- 2(182) Möðruvellir í Saurbæjarhreppi, dags. 28.4.1886. (*Merkt 146 a-b*).
- 2(233) Hrafnagilsjarðir í Hrafnagilshreppi, dags. 30.5.1889. (*Merkt 74 a-b*).
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(59) a-b Ánastaðir í Sölvadal, dags. 20.6.1786. Kaupbréf. Ásgrímur Magnússon á Kerhóli selur Ólafi Sigurðssyni á Möðruvöllum, eignarjörð sína Ánastaði í Sölvadal, 12 hndr., ásamt eyðilandinu Agnúastaði, 5 hndr. Greiðir Ólafur 60 rd. fyrir, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-b*).
- 2(60) a-b Hólar í Eyjafirði, dags. 12.11.1765. Hér eru Hólar í Eyjafirði niður settir vegna lélegs ástands á túni, engjum og úthaga, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-c*).
- 2(61) a-b Hólar í Eyjafirði, dags. 29.5.1809. Kaupbréf. Jón Jónsson prestur í umboði justits sekretaren B. Stephensens, selur H. E. Thorlacius jörðina Hóla í Eyjafirði ásamt hjáleigunni Hólakoti og eyðihjáleigunum Kringlu og Geldingagerði, allt 60 hndr., afrétt meðfylgjandi, fyrir 450 rd., ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(62) a-b Hólatorfa, dags. 5.6.1822. Lögfesta. H. E. Thorlacius lögfestir jörðina Hóla-Torfu. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(63) a-b Hólar í Eyjafirði, dags. 22.11.1854. Byggingabréf. Skilmálar fyrir Jón bónda Benjamínsson vegna 1/4 parts jarðarinnar Hóla í Eyjafirði, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-b*).
- 2(64) a-b Möðruvellir, dags. 30.4.1739. Vitnisburður. Þorsteinn Ketilsson vitnar um að hann hafi umboð séra Ólafs Stefánssonar fyrir þeim fasteignahundruðum í Möðruvöllum sem honum tilheyrir og sem slíkur hefur hann m.a. umboð fyrir Agnúastöðum og Tungunum fyrir vestan ána í Sölvadal. Í 16 ár hefur hann leigt ábúendum Ánastaða umræddar Tungur fyrir 10 álnir en nú hafi bóndinn Magnús Björnsson gert tilkall til landsins og bannað Ánastaðamönnum að greiða Þorsteini fyrir aðgang að landinu. Þorsteinn krefst þess að Magnús framvísi skriflegum skilríkjum sem sanni að Tungurnar tilheyrir honum. Jafnframt lögfestir hann allt sem séra Ólafi Stefánssyni tilheyrir í Möðruvöllum, það talið upp (m.a. Guðrúnarstaðir og Björk), ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-c*).
- 2(65) a-b Möðruvellir. Um 1743. Lögfesta. Þorsteinn Ketilsson lögfestir eign erfingja sálugs prófastsins séra Ólafs Stefánssonar í jörðunni Möðruvöllum í Eyjafirði.

- Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 7*).
- 2(66) Möðruvellir, dags. 30.4.1777. Lögfesta. Sigurður Eiríksson lögfestir jörð sína a-b Möðruvelli, 30 hndr. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(67) Möðruvellir, dags. 8.5.1780. Lögfesta. Sigurður Eiríksson lögfestir jörð sína a-b Möðruvelli, 30 hndr. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a-b*).
- 2(68) Möðruvellir, dags. 9.5.1755. Lögfesta. Sigurður Eiríksson lögfestir jörð sína a-b Möðruvelli, 30 hndr. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 10*).
- 2(69) Möðruvellir. 4.5.1770. Lögfesta. Sigurður Eiríksson lögfestir jörð sína a-b Möðruvelli, 30 hndr. Landamerkja getið ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(70) Núpufell. 1622. Lögfesta. Ólafur Jónsson lögfestir konungsjörðina Núpufell. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a-b*).
- 2(71) Tjarnir (Syðra Tjarnarkot, Syðri Tjarnir og Ytri Tjarnir), dags. 15.7.1812. a-b Dómur. Hér er riðið að landamerkjum Syðra Tjarnarkots, Syðri Tjarna og Ytri Tjarna, þau skoðuð og um þau dæmt. Landamerkja getið, ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-c*).
- 2(72) Tjarnir og Hólar í Eyjafirði, dags. 1.7.1822. Sáttagjörð. Hallgrímur Thorlacius, a-b eigandi Hóla í Eyjafirði, og Steinn Pálsson, eigandi Tjarna, sættast um landamerki milli jarðanna eftir nokkrar deilur þar um. Nokkurra landamerkja getið, m.a. um selför og afréttarland, ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-d*).
- 2(73) Tjarnir, Hólar í Eyjafirði, Hólakot, dags. 16.7.1852. Samningur. Ábúendur Hóla a-b og Hólakots og Páll Steinsson á Tjörnum gera með sér samning varðandi afrétt Hóla og Tjarna, ásamt uppskrift. (*Merkt 15 a-b*).
- 2(74) Torfufell og Hólsgærði, dags. 27.10.1738. Niðursetning jarðarinnar Torfufell ásamt hjábýlinu Hólsgærði, ásamt uppskrift. (*Merkt 16 a-d*).
- 2(184) Kaupsamningur á milli Jóns Jónssonar, í umboð Björns Stephensens, og a-b Hallgríms Einarssonar Thorlacius vegna jarðarinnar Hóla í Eyjafirði, með hjáleigunum Hólakoti, Kringlu og Geldingagerði, dags. 29.5.1809 og 24.7.1856. Einnig matsgerð á byggingunni Stórabúri, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-d*).
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(145) Munkaþverá, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 2*).
- 2(146) Helgársel, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 4*).
- 2(147) Rifkelsstaðir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 5*).
- 2(148) Litli Hamar, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 6*).
- 2(149) Stóri Hamar, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 7*).
- 2(150) Háí Hamar, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 8*).
- 2(151) Möðruvellir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 13*).
- 2(152) Ánastaðir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 17*).
- 2(153) Þormódsstaðasel, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 18*).
- 2(154) Þormódsstaðir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 19*).
- 2(155) Núpufell, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 20*).
- 2(156) Æsustaðir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 21*).
- 2(157) Æsustaðagerði, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 22*).

- 2(158) Hólar, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 23*).
- 2(159) Hólakot, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 24*).
- 2(160) Tjarnir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 26*).
- 2(161) Jórunnarstaðir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 27*).
- Fasteigna- og jarðamat (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(51) Fasteignamat 1916–1918. Garðsá, Munkaþverá, Möðruvellir, Ánastaðir, Þormódsstaðasel, Þormódsstaðir, Núpufell, Æsustaðir, Hólar og Tjarnir. (*Merkt 1-10*).
- 2(75) Jarðamat 1849–1850. Bleiksmýrardalur, Hrafnagil, Garðsá, Helgársel, Munkaþverá, Rifkellsstaðir, Litlihamar, Stórihamar, Möðruvellir, Öxnafell, Helgastaðir, Kálfagerði, Björk, Ánastaðir, Þormódsstaðir, Þormódsstaðasel, Núpufell, Æsustaðir, Arnarstaðir, Hólar og Hólakot, Tjarnir. (*Merkt 11-32*).
- 2(76) Fasteignamat 1916–1918. Rifkellsstaðir, Helgársel, Litli-Hamar, Borgarhóll, Stóri-Hamar, Háhamar, Helgastaðir, Kálfagerði, Arnarstaðir, Nýibær og Hólakot. (*Merkt 33-43*).
- 2(162) Jarðamat 1804. Bleiksmýrardalur, Helgársel, Munkaþverá, Rifkellsstaðir, Litli Hamar, Stóri Hamar, Möðruvellir, Fjósakot, Ánastaðir, Þormódsstaðir, Núpufell, Æsustaðir, Hólar, Hólakot, Tjarnir og Jórunnarstaðir, ásamt uppskriftum. (*Merkt 44-59*).
- 2(183) Jarðamat 1849–1850. Yfirmat. Bleiksmýrardalur, Rifkellsstaðir, Bleiksmýrardalur, Hólakot og Hólar (Tjarnir). (*Merkt 60-64*).
- 2(216) Jarðamat 1849–1850: Fjósakot og Æsustaðagerði. (*Merkt 65-66 a-b*).
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(77) Kaupbréf Einars biskups Þorsteinssonar fyrir Núpufelli lesið upp, dags. 19.7.1694, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-b*).
- 2(78) Lesnar upp lögfestur þ.á m. Núpufells, dags. 14.5.1783, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-c*).
- 2(79) Lesnar upp lögfestur þ.á m. Núpufells, dags. 17.5.1786, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-c*).
- 2(80) Lesin upp lögfesta fyrir Núpufelli og bann prestsins þar að láta hross og ótemjur ganga í landi sínu. Sýslumaður aðvarar bændur um að reka ekki hross á svokallaðar Arnarstaðatungur, dags. 4.6.1792, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-c*).
- 2(119) Auglýst, dags. 6.9.1697, að Magnús Björnsson hafi keypt Möðruvelli í Eyjafirði af Birni sáluga Magnússyni, dags. 30.8.1693, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a*).
- 2(120) Lesin upp lögfesta fyrir þeim parti Möðruvalla í Eyjafirði sem séra Ólafi Stefánssyni viðvíkur, dags. 7.6.1701, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a*).
- 2(121) Lesið upp umboðsbréf fyrir 8 hundruðum á Möðruvöllum, dags. 21.9.1705, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-b*).
- 2(122) Lesin upp lögfesta fyrir eign séra Ólafs Stefánssonar á Möðruvöllum, dags. 3.7.1725, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(123) Lesin upp lögfesta fyrir Möðruvöllum í Eyjafirði og hennar ítökum, m.a. Agnúastöðum og tungunum fyrir vestan fram á Sölvadal, dags. 30.4.1739, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a*).
- 2(124) Lesin upp lögfesta fyrir Möðruvöllum, dags. 17.5.1775, ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-b*).
- 2(125) Lesin upp lögfesta fyrir Möðruvöllum, dags. 8.5.1780, ásamt uppskrift. (*Merkt 11 a-b*).
- 2(126) Boðnar upp jarðir madömmu Karenar sálugu Dobbstein en þ.á m. eru Ánastaðir, 12 hundruð að dýrleika, dags. 6.9.1697, ásamt uppskrift. (*Merkt 12 a*).
- 2(127) Lesið upp afsalsbréf fyrir Ánastöðum, 12 hundruð að dýrleika, dags. 29.4.1699,

- a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 13 a-b*).
- 2(128) Lesið upp afsalsbréf fyrir Ánastöðum, 12 hundruð að dýrleika, dags. 20.4.1699, a-b ásamt uppskrift. (*Merkt 14 a-b*).
- 2(129) Lesin upp lögfesta fyrir Hólum, 100 hundruð að dýrleika, dags. 16.6.1701, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 15 a-c*).
- 2(130) Lesin upp lögfesta fyrir Hólum, 100 hundruð að dýrleika, dags. 16.6.1701, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 16 a-b*).
- 2(131) Lesin upp lögfesta fyrir Tjörnum, dags. 16.6.1701, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-a-b*).
- 2(132) Lesin upp lögfesta fyrir Tjörnum, dags. 16.6.1701, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-a-b*).
- 2(133) Staðarey, engjaftak Munkaþverárklosturs lögfest af sýslumanni og öll ólögleg a-b beit og brúkun bönnuð, dags. 29.4.1728, ásamt uppskrift. (*Merkt 19 a-b*).
- 2(134) Lesin upp lögfesta Munkaþverárklosturs og ítökum þess til fjalls og sléttlendis a-b eftir gömlum máldögum, dags. 18.5.1731, ásamt uppskrift. (*Merkt 20 a*).
- 2(135) Engi Munkaþverárklosturs lögfest af sýslumanni og öll ólögleg beit og brúkun a-b eftir að sex vikur eru af sumri bönnuð, dags. 10.5.1751, ásamt uppskrift. (*Merkt 21 a-b*).
- 2(136) Lesin upp lögfesta Munkaþverárklosturs, dags. 20.5.1785, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 22 a-c*).
- 2(137) Lesið upp makaskiptabréf á Þormóðsstöðum, 10 hundruð að dýrleika, og a-b Öngulstöðum, dags. 25.5.1762, ásamt uppskrift. (*Merkt 23 a*).
- 2(138) Þormóðsstaðir taldir upp á meðal þeirra jarða sem liggja í eyði í hreppnum, dags. a-b 23.5.1785, ásamt uppskrift. (*Merkt 24 a-c*).
- 2(139) Lesið upp makaskiptabréf Hrísa og Þormóðsstaða, dags. 17.5.1786, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 25 a-c*).
- 2(140) Lesin upp óðalslýsing á Æsustöðum, dags. 15.5.1782, ásamt uppskrift. (*Merkt 26 a-b*).
- 2(141) Lesnar upp lögfestur m.a. fyrir Æsustöðum, dags. 26.5.1788, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 27 a-b*).
- 2(142) Jórunnarstaðir, áður 40 hundruð að dýrleika, settir niður til 20 hundruða, dags. a-b 21.10.1751, ásamt uppskrift. (*Merkt 28 a-b*).
- 2(143) Lesið upp kaup- og afsalsbréf fyrir 4½ hundraði í Jórunnarstöðum, dags. a-b 19.5.1828, ásamt uppskrift. (*Merkt 29 a-c*).
- 2(144) 1 hundrað og 13<sup>1</sup>/<sub>3</sub> alin úr Jórunnarstöðum seld, dags. 3.6.1841, ásamt uppskrift. a-b (*Merkt 30 a-b*).
- 2(163) Lögfesta afréttar Hólatorfu upplestin og henni mótmælt af landeiganda Tjarna, a-b dags. 5.6.1822, ásamt uppskrift. (*Merkt 31 a-c*).
- 2(164) Lögfesta fyrir Hólagrundum utan Hólasterkks upplestin, dags. 5.6.1850, ómyndað en með uppskrift. (*Merkt 32 a*).
- 2(165) Lögfesta afréttar Hólatorfu upplestin og henni mótmælt af landeiganda Tjarna, a-b dags. 5.6.1822, ásamt uppskrift. (*Merkt 33 a-c*).
- 2(166) Sættanefndarsamningur milli jarðanna Tjarna og Hóla og einnig selstöðu Hóla í Tjarnarlandi, dags. 5.6.1850, ómyndað en með uppskrift. (*Merkt 34 a*).
- 2(167) Friðlýsing á Másstaðanit og Grímsstaðanit í landi Tjarna þinglesin, dags. a-b 19.6.1933, ásamt uppskrift. (*Merkt 35 a-c*).
- 2(168) Makaskiptabréf Arnarstaða ásamt Arnarstaðatungum á móti Draflastöðum og a-b Ysta-Vatni í Skagafirði, dags. 18.5.1825, ásamt uppskrift. (*Merkt 36 a-c*).
- 2(169) Lögfesta fyrir Þormóðsstöðum í Sölvadal upplestin, dags. 17.5.1843, ómyndað en með uppskrift. (*Merkt 37 a*).
- 2(170) Lögfesta fyrir Núpufelli austan Núpufellsháls upplestin, dags. 31.5.1855, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 38 a-c*).
- 2(171) Lögfesta fyrir Sölvahlíð upplestin og henni mótmælt, dags. 18.6.1856, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 39 a-b*).
- 2(172) Sætt á milli landeigenda Núpufells og Seljahlíðar og landamerki tilgreind, dags.

- a-b 9.6.1891, ásamt uppskrift. (*Merkt 40 a-c*).
- 2(173) Landamerkjalyking fyrir Rifkelsstöðum upplesin, dags. 21.5.1883, ómyndað en með uppskrift. (*Merkt 41 a*).
- 2(174) Friðlýsing á Eyjólfsaug í landi Möðruvalla þinglesin, dags. 19.6.1933, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 42 a-c*).
- 2(175) Lesin lögfesta og parti friðlýst af Sölvadalsafreitt er tilheyrir Möðruvöllum og Ánastöðum, dags. 23.5.1861. Öll brúkun bönnuð, ómyndað en með uppskrift. (*Merkt 43*).
- 2(176) Afsal á veiðirétti á 5 faðma breiðri spildu fyrir landi Ánastaða og hálfis Kerhóls, a-b dags. 12.8.1942, ásamt uppskrift. (*Merkt 44 a-b*).
- Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*
- 2(81) Úrskurður Þorleifs Kortssonar lögmans, frá 10.11.1677, um lambaskyldurekstra a-b Öngulstaða- og Hrafnagilshreppamanna á Bleiksmýrardal, smíði réttar og hreinsun melrakka, ásamt uppskrift. (*Merkt 18 a-b*).
- 2(82) Afrit úr þingbók Eyjafjarðarsýslu. Aðvörun Hrafnagilsprests til íbúa a-b Öngulstaðahrepps varðandi skyldurekstur þeirra á Bleiksmýrardal. Lesin upp á þingi á Öngulstöðum 24.5.1719. Einnig umkvörtun Hrafnagilsprests yfir tregðu sumra hreppsmanna að ganga eftir lömbum á haustdag á Hrafnagilsafreitt. Lesin upp á þingi á Öngulstöðum 30.5.1720, ásamt uppskrift. (*Merkt 19*).
- 2(83) Aðvörun Hrafnagilsprests, frá 20.5.1719, til íbúa Hrafnagilshrepps um a-b lambarekstur á Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 20 a-b*).
- 2(84) Aðvörun Hrafnagilsprests, frá 24.5.1719, til íbúa Öngulstaðahrepps um a-b lambarekstur á Bleiksmýrardal. Einnig fylgir með svar hreppsbúa eftir dómabók Eyjafjarðarsýslu, ásamt uppskrift. (*Merkt 21 a-b*).
- 2(85) Hrafnagilsprestur krefst afréttartolls af íbúum Öngulstaðahrepps með bréfi dags. a-b 13.10.1719, ásamt uppskrift. (*Merkt 22 a-b*).
- 2(86) Kvörtun Hrafnagilsprests, frá 4.5.1723, yfir tregðu nokkurra íbúa a-b Öngulstaðahrepps að halda uppi göngum á Bleiksmýrardalsafreitt og gjalda afréttartoll, ásamt uppskrift. (*Merkt 23 a-b*).
- 2(87) Samningur Hrafnagilsprests og sex manna, frá 17.5.1727, um að láta athuga a-b hvað Bleiksmýrardalur beri mörg lömb. Þess krafist að Arnór Jónsson lögsagnari verði viðstaddur en hann finnur tormeðki á því, ásamt uppskrift. (*Merkt 24 a-b*).
- 2(88) Póstur úr dómabók Eyjafjarðarsýslu, frá 18.4.1727, sem vottar um skyldurekstur a-b íbúa Hrafnagils- og Öngulstaðahrepps á Bleiksmýrardal, ásamt uppskrift. (*Merkt 25 a-b*).
- 2(89) Afrit af málskjöllum í máli Hrafnagilsprests á hendur nokkurra íbúa Öngulstaða- a-b og Hrafnagilshrepps vegna Bleiksmýrardals, dags. 26.-29.4.1729, ásamt uppskrift. (*Merkt 26 a-l*).
- 2(90) Innlegg Hrafnagilsprests í Bleiksmýrardalsmáli, dags. 26.4.1729, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 27 a-f*).
- 2(91) Útnefning manna til að meta beitarþol Bleiksmýrardals og niðurstaða þeirra, a-b dags. 29.4.1728, ásamt uppskrift. (*Merkt 28 a-b*).
- 2(92) Afrit úr dómabók Eyjafjarðarsýslu, 12 menn nefndir úr Öngulstaða- og a-b Hrafnagilshrepp útnefndir til að meta beitarþol Bleiksmýrardals, dags. 29.4.1728, ásamt uppskrift. (*Merkt 29*).
- 2(93) Frumrit áreiðarbréfs Bleiksmýrardals, dags. 16.7.1728, ásamt uppskrift, ásamt a-b uppskrift. (*Merkt 30 a-b*).
- 2(94) Stefna Hrafnagilsprests á hendur áreiðarmanna Bleiksmýrardals, dags. a-b 22.4.1729, ásamt uppskrift. (*Merkt 31 a-b*).
- 2(95) Bréf Hrafnagilsprests til sýslumanns, dags. 8.5.1730, varðandi orðalag a-b álitserðar áreiðarmanna á Bleiksmýrardal eins og það var fært inn í dómabók sýslunnar, ásamt uppskrift. (*Merkt 32*).
- 2(96) Umkvörtunarbréf Hrafnagilsprests, dags. 8.5.1738, yfir forsömun manna að reka a-b á Bleiksmýrardal og gjalda afréttartoll. Einnig bannar hann mönnum kolagerð þar, sem og rekstur hrossa og annars búsmála þangað, ásamt uppskrift. (*Merkt 33*

- a-b).
